



Fornleifaskráning í Akrahreppi Stóru-Akrar og Flugumýri



Virkishóll ofan við Flugumýri.

Guðmundur St. Sigurðarson
Bryndís Zoëga
Sigríður Sigurðardóttir

2008/83

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga	3
Aðferð við skráningu	4
Helstu minjaflokkar	4
Stóru-Akrar í Blönduhlíð	8
Söguágrip	9
Fornleifaskrá	15
Í heimatúni	15
Hringur	24
Gilhús	26
Engi og úthagar	28
Akradalur	31
Litladalssel	34
Akrasel	37
Jarðfundnar minjar	39
Óstaðsettar minjar	41
Mosagrund/Grundarkot	42
Flugumýri í Blönduhlíð	43
Söguágrip	44
Fornleifaskrá	48
Í heimatúni	48
Lágabúð	56
Litlibær	56
Engi og úthagar	61
Bygghóll	75
Jarðfundnar minjar	83
Þjóðsagna- og sögustaðir	85
Samantekt	87
Minjar og varðveislugildi	87
Fornleifar á Stóru-Ökrum	87
Fornleifar á Flugumýri	88
Niðurlag	89
Heimildir	90

Inngangur

Sumarið 2007 var gerður samningur milli Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga og hreppsnefndar Akrahrepps um skipulagða fornleifaskráningu innan hreppsins. Skráningar einstakra fornleifa og afmarkaðra svæða í tengslum við ýmsar framkvæmdir, s.s. lagningu vega og hitaveitu höfðu áður farið fram víða í hreppnum, en aldrei heildarskráning einstakra jarða. Í fyrsta áfanganum voru skráðar fimm jarðir, Silfrastaðir, Úlfsstaðir, Kúskerpi, Djúpidalur og Torfmýri og nú árið 2008 koma út tvær skýrslur fyrir fjórar jarðir til viðbótar annars vegar Stóru-Akra og Flugumýri og hins vegar Hjarðarhaga og Dýrfinnustaði.

Markmið heildarskráningar af þessu tagi er að skrá allar fornminjar sem tengjast einni jörð og nýtingu hennar, minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja o.s.frv. og reyna með því að öðlast nokkra yfirsýn yfir þær minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi. Auk þess að gefa mikilvægar upplýsingar um landnýtingu og byggðaðróun fyrri alda, er fornleifaskráning mikilvægt tæki til minjaverndar og nauðsynlegur undanfari aðalskipulagsgerðar innan hreppsins. Skráning vegna skipulags eins og hér um ræðir takmarkast þó við landamerki núverandi jarða og þar sem jörðum hefur verið skipt niður í smærri einingar á seinni öldum er hætt við að eitthvað kunni að vanta í heildarmyndina. Stóru-Akrar og Flugumýri eru hvort tveggja dæmi um slíkar jarðir, en nánar er vikið að afmörkun skráningarsvæðanna í inngangsorðum að fornleifaskráningarkafli þeirra.

Vettvangsvinna var í höndum Guðmundar St. Sigurðarsonar og Bryndísar Zoëga. Skýrslu- og kortagerð var í höndum Guðmundar. Sögukaflann skrifaði Sigríður Sigurðardóttir sagnfræðingur en yfirumsjón með verkinu hafði Guðný Zoëga deildarstjóri Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga. Auk þess kom Berglind Þorsteinsdóttir að heimildaöflun.

Ábúendum Stóru-Akra og Flugumýrar þökkum við leyfi til skráningar og fyrir leiðsögn og veittar upplýsingar um byggingar og búshætti á jörðinni.

Heimildamenn: Sigurður Björnson (f. 1927) og María Helgadóttir (f. 1933) fyrrv. bændur á Stóru-Ökrum I; Sigurður Jóelsson (f. 1923), fyrrv. bóndi á Stóru-Ökrum II. Gunnar Sigurðsson (f. 1963) bóndi á Stóru-Ökrum I; Sigríður Sigurðardóttir (f. 1954) sagnfræðingur. Öll fædd, uppaldin og búsett á Stóru-Ökrum, utan við Maríu Helgadóttur konu Sigurðar Björnssonar, sem hefur búið á Stóru-Ökrum frá 1956. Jón Ingimarsson (f. 1937) fyrrverandi bóndi á Flugumýri I, fæddur þar uppallinn og búsettur.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsing:u. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna

Þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmunum beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er gefið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Stóru-Ökrum hlaupandi númerið Stóru-Akrar - 1. Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins. Til dæmis er kennitala fyrir Stóru-Akra -1, 10419.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. bústaður, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hversu mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túns eða í nágrenni þess séu í einhverri hættu vegna ábúðar á jörðinni en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær kunni að verða fyrir hnjaski. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vefslóðinni <http://fornleifavernd.is/index.php?pid=161>.

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í töflu aftast í skýrslunni. Minjarnar eru einnig mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Staðsetning minja er sett inn á hnitaðar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum er skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins.

Endurgerð upprunalegra túnakorta og yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, lengd og breidd, hættumat og hættuorsök, auk þess er aldur minjanna gróflega áætlaður yfirleitt er þó rétt að hafa mikinn fyrirvara á sér hvað slíkt varðar séu ekki um það beinar heimildir. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta

gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gífta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrmdir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

Aðrar minjar

Stærsti minjaflokkurinn teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hæsnakofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni

Þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkjia en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigar: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfnni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Oft eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhaldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir, sem eru smaréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró, voru notaðir fyrstu dagana við fráfarur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjaveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfarana. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthaganna voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímam til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir

fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem viðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifið innan túns.

Við sjó

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kann þar að finna nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra veggheðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsátur: Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað

Stóru-Akrar í Blönduhlíð

Áður tilheyrði Stóru-Ökrum allt land Brekkukots, Höskuldsstaða og Miðhúsa, auk norðurhluta Stokkhólmalands og Mikleyjar vestan Héraðsvatna. Í dag eru landamerki Stóru-Akra að norðan til móts við Syðstu-Grund, Minni-Akra og Brekkukot (fremra), að austan til móts við sameiginlegt beutiland Akratorfujarðanna (Stóru-Akra, Brekkukots, Höskuldsstaða og Miðhúsa), að sunnan til móts við Höskuldsstaði og Héraðsvötn ráða merkjum að vestan gegnt Mikleyjarlandi og Vallanesi.¹

Stóru-Ökrum hefur verið skipt í tvennt í Stóru-Akra I og II og eru báðar jarðirnar í þessari skráningu auk sameiginlegs beutilands Akratorfujarðanna og hluta Akradals þar fyrir framan. Innan þessa svæðis falla aðeins tvær eldri hjáleigur eða býli frá jörðinni, það eru Hringur (eða Akrakot) og Gilshús, hvort tveggja með öllu horfið. Aðrar hjáleigur sem heimildir eru um og ekki hafa verið nefndar eru Mosagrund og Grjótstekkur. Mosagrund á að hafa verið á milli Syðstu-Grundar og Minni-Akra, en þar eru í dag grónar áreyrar Djúpadalsár og engin byggðamerki, tóftir Grjótstekkjar ásamt túngarði eru hins vegar enn vel greinanlegar en eru í dag í landi Höskuldsstaða og því utan skráningarsvæðisins.



Mynd 1, horft til austurs heim að Stóru-Ökrum.

¹ Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur, 2007. Bls. 229.

Söguágríp

Ítarleg umfjöllun er um sögu Stóru-Akra í *Byggðasögu Skagafjarðar*, 4. bindi, sem út kom árið 2007, í ritstjórn Hjalta Pálssonar, á bls. 229-247. Hér er því stiklað á stóru í sögu jarðarinnar og vísað til umfjöllunar byggðasöguritaranna að öðru leyti.

Akrar hafa alltaf verið í einkaeign og lengst af þjuggu eignamenn jarðarinnar þar sjálfir. Jörðin var risastór áður en löndum hennar var skipt. Hún náði yfir Akradal, Akrafjall allt að þeirri kvísl Jökulsár (Héraðsvatna) sem rann sennilega um Gegni. Vötnin brutu sífellt land af engjum jarðarinnar og sand- og leirflóð gerðu mikla skráveifu af og til. Þá féllu oft stórgrýtisskriður úr fjallinu og lækir og ár spilltu úthagabeit fyrir bændum.

Árið 1238 bjó Vermundur Tumason á Ökrum. Hann var drepinn það ár.² Akrar voru eitt af höfuðbólum Ásbirninga sem öllu réðu í Skagafirði á 13. öld.

Í máldaga Vallakirkju árið 1318 segir að prestur þar taki 4 merkur fyrir þjónustu á Ökrum.³ Það er elsta heimild um Péturskirkjuna á Ökrum (þá skrifað Syðri-Ökrum), helguð heilögum Pétri, en hún er í kirkjutali Péturs Nikulásssonar biskups 1394 og lá hún undir Miklabæjar-kirkju með ljóstolla og tíund. Í máldaga frá 1432 er talað um hálfkirkju á Ökrum og hún sögð tileinkuð Jóni Ögmundarsyni Hólabiskupi⁴, en 1461 var sama tilhögun á kirkjumálum á Ökrum eins og 1318, nema tekið er fram að Miklabæjarprestur þjóni kirkjunni.⁵

Akrakirkja var alkirkja. Þar var sungin messa hvern helgan dag. Kveikja átti ljós við Mariúlíkneski í hverri messu „vor fruar líkneski“, líkneski Péturs postula, Jóhannesar skírara og Jóns Ögmundarsonar Hólabiskups „frá Guðspialle og fram yfer berging“.⁶ Kirkjan átti 100 hross á 14. öld, sem hafa sennilega gengið sjálfala að mestu. Brynjólfur bóndi á Ökrum gaf kirkjunni 3 kýr með þeim skilmála að af þeim ætti að greiða til fátækra. Sonur hans, Björn Brynjólfsson, bóndi og stóreignamaður á þeirri tíð, átti jarðirnar Akra, Gröf, Gegnishól, Velli, Miðgrund og Syðstugrund. Árið 1382 lagði hann teiginn Sviðning sem „liggur fyrir Ökrum með gardgiord oc þerrivollum. Jördina Gröf sem lá á milli Álfgeirsvalla, Kirkjuhóls og Gegnishóls og kallast nú Kryddhóll, beit upp af Gegnishól, ef þörf er, fyrir 100 saudi“, til Akrakirkju.⁷ Kirkjan átti einnig hússtöðu með hlöðugjörð á Þorfinnstöðum og Hólsgerði „vt fra bænum“. „Skulu geymslumenn sagdz fienadar. Kallmadur og kuinna. hafa þar frjals herberge á Gegnisholi, elldibrand, hus og geymslu á þjngum sijnum“.⁸ Akrakirkja átti einnig fjárhald, rekstra, beit, selför eða jarðeign vestur um Lágafell og Smjördali sem Gegnishóll átti á móti Kirkjuhól, Víðimýri og Álfgeirsvöllum. Akrakirkja átti geldfjár upprekstur, lamba og eldra fjár á Tjarnargil sem gegnishóll og Grjót áttu áður. Björn gaf Akrakirkju einnig reka á Básam eða Básreka „vestan fram á Skaga“. Hvalreka fyrir öllum Víkarlöndum frá Hvammi til Laxár. Auk þessa átti Akrakirkja „upphöggvið“ (slegið) gras á teigum á Miklabæjarbökkum á móts við Víðivelli, skógarpart á Öxnadalsheiði, hrís og (kola)grafargjörð upp af reiðgötum fram að Kúskerpishvammi og ofan að ármótum og allan geldneytis rekstur á Öxnadalsheiði fram frá vöðum til Kaldbaksár.⁹

² *Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur*, 2007. Bls. 239-240.

³ *DI II 1253-1350*, 1893. Bls. 466.

⁴ *DI IV 1265-1449*, 1897. Bls. 511.

⁵ *DI V 1330-1476*, 1899-1902. Bls. 324.

⁶ *DI XII 1200-1545*, 1923. Bls. 26.

⁷ *DI XII 1200-1545*, 1923. Bls. 26.

⁸ *DI XII 1200-1545*, 1923. Bls. 26-27.

⁹ *DI XII 1200-1545*, 1923. Bls. 26-28.

Árið 1392 skipti Björn Brynjólfsson jörðum á milli barna sinna og komu Syðri-Akrar í hlut Ólafs sonar hans. Dæturnar Málfríður og Sigríður fengu Ytri-Akra, Brekku og fjórðung í Víkalöndum á Skaga, með rekum sem þeim parti tilheyrðu. Björn hélt sjálfur skógarparti á Öxnadalsheiði, hrís og kolagjörð upp að reiðgötum hjá Kúskerpishvammi og ofan að ármótum og geldneytarekstri frá vöðum til Kaldbaksár á Öxnadalsheiði, sem skráð voru eign Akrakirkju stuttu áður. Ætlaði Björn sjálfur að eiga allan ávöxt af því „góssi“, sem hann mat á hálf tannað hundrað hundraða, þar til Ólafur væri „af ómaga aldri“ en í staðinn hefði strákur kost, klæði og kennslu. Móðurarfur Sigríðar var Þorleifsstaðir og Vaglar og Mosagrund arfur Málfríðar. Þau systkinin fengu einnig jarðirnar Syðri-dal (Litla-Dal) í Blönduhlíð, Syðstugrund, Velli í Vallhólmi, Reyki og Daðastaði.¹⁰

Árið 1408 giftist Sigríður Björnsdóttir frá Ökrum Þorsteini Ólafssyni í Hvalseyjarkirkju í Grænlandi.¹¹ Þau settust að á Stóru-Ökrum.

Árið 1448 var Torfi Arason hirðstjóri á Ökrum sleginn til riddara af Kristjáni 1, Danakonungi.¹²

Árið 1472 gaf Kristín, dóttir Sigríðar og Þorsteins, Ingveldi dóttur sinni Minni-Akra og Syðridal (Litladal).¹³ Ári seinna skipti hún á Meiri-Ökrum og Höskuldsstöðum í Laxárdal við Ingveldi dóttur sína.¹⁴ Þessi gjörningur er aftur vottaður 1490¹⁵ og sagt að Kristín hafi gefið Ingveldi jarðirnar Syðra-Djúpadal og Minni-Akra í Skagafirði, en selt henni Syðri-Akra fyrir hundrað hundraða með öllum gögnum og gæðum sem jörðinni fylgdu að fornu og nýju og hún varð eigandi að samkvæmt lögum. Var vottað að Kristín hefði greitt Akra með Höskuldsstöðum í Laxárdal, í Hjarðarholtskirkjusókn, sem metin var á fjörutíu hundruð, auk fjögurra tuga kúgilda og 5 hundruð í öðru góssi. Með gjöfinni varð Ingveldur kvitt og ákærulaus um jarðarverðið fyrir sig og sína löglegu arftaka. Aðrir erfingjar Kristínar urðu afar ósáttir við gjörninginn og af og til er hann skoðaður fyrir dómi. Árið 1498 er vottfest að Björn Þorleifsson, sonur Ingveldar Helgadóttur og Þorleifs Björnssonar, hafi afhent mágum sínum arf systra sinna, Helgu og Guðnýjar, eftir foreldra þeirra m.a. Stóru-Akra í Blönduhlíð.¹⁶

Árið 1490 ættleiddi Ingveldur Helgadóttir á Syðri-Ökrum dætur sínar þrjár, Kristínu, Helgu og Guðnýju Þorleifsdætur, en þær munu hafa verið fæddar utan hjónabands. „Stodu þessar kunnur allar fyrir kirkjv dyrum j adurnefndum stað og helldu allar aa einne bok.“¹⁷ Kristín Þorsteinsdóttir móðir Ingveldar hafði afhent henni móðurarfinn og við þessa gjörð urðu dætur Ingveldar löglegir erfingjar hennar. Í tilefni ættleiðingarinnar gaf hún Kristínu kross, Helgu spensl og Guðnýju kopp.¹⁸

Árið 1530 skiptu þær systur Guðný og Helga Þorleifsdætur og Ingveldar Ökrum á milli sín.¹⁹ Helga fékk sinn hálf helming af syðri hluta skálans, anddyrið og loftportið yfir því, hálf stóru baðstofuna, syðri hluta litlu stofunnar og náðhúsið. Einnig skemmu suður á hlaðinu, hálf fjósið, austara hlutann og heytóftina hálf þar suður af og hálf fjósið suður á vellinum,

¹⁰ *DI III 1269-1415*, 1896. Bls. 484.

¹¹ *DI IV 1265-1449*, 1897. Bls. 316-317.

¹² *Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur*, 2007. Bls. 239-240.

¹³ *DI V 1330-1476*, 1899-1902. Bls. 657.

¹⁴ *DI V 1330-1476*, 1899-1902. Bls. 587.

¹⁵ *DI VI, 1265-1449*, 1897. Bls. 691-692.

¹⁶ *DI XII, 1200-1545*, 1923. Bls. 404.

¹⁷ *DI VIII*, 1900-1904. Bls. 608.

¹⁸ *DI VIII*, 1900-1904. Bls. 608.

¹⁹ *DI IX 1262-1536*, 1909-1913. Bls. 527.

fremri hlutann og allan völlinn fyrir sunnan lækinn. Guðný fékk hálfan skálann, nyrðri hlutann og skemmurnar báðar norður af stóru stofunni og klefann þar inn af, litlu baðstofuna og hálfu stóru baðstofuna. Hálf fjósið suður á vellinum og hálf heima á vellinum. Völlinn allan fyrir ofan götuna, þar sem staðurinn stendur, og orfabrjótinn fyrir neðan götuna og Brekkukot. Göng öll voru beggja, en kvikfé í úthaga átti að telja og skipta eftir jarðar dýrleika og samkvæmt lögum, en engjar, reka og önnur ítök, sem jörðinni tilheyrðu, ætti hvor að helmingi.²⁰ Þetta segir að fram á hlað snéri langhlið húss sem var með bæjardyrum (anddyri), sennilega fyrir miðju, með portbyggðu lofti yfir. Skáli var í suðurenda hússins og stofa með klefa inn af í norðurenda. Á bak við er stóra baðstofa, litla baðstofa og náðhús, suður á hlaði var skemma og tvær aðrar norður af stofunni. Þar á vellinum (sennilega austan við bæjarhúsin) stutt frá var fjós og annað „suður á velli“ (sennilega austur við gilbrún). Staðsetning kirkjunnar kemur ekki fram, né heldur hvort önnur búpeningshús en fjósin hafa tilheyrt búinu.

Árið 1656 drukknaði Eggert Jónsson lögréttumaður á Ökrum í Héraðsvötnum.²¹ Stuttu síðar flýði sonur hans Jón Eggertsson frá Ökrum „nafnkendr maðr á sinni tíð ... til Svíþjóðar útúr málaþrasi“.²² og hafði með sér merkileg bók, eitt elsta pappírhandrit sem varðveist hefur, prentað sennilega 1579, og hefur inni að geyma Jónsbók, Kristindómsrétt nokkru úr „hirðmannalögum“ (hirðskrá) og Réttarbót Hákonar konungs.²³ Bókin rataði á bókasafn Svíakonungs og er varðveitt.

Stuttu fyrir 1700 fór hjáleigan Gilshús í eyði.²⁴ Óvíst er hvenær hún byggðist upp.

Árið 1713 var sögð hálfkirkja á Ökrum og „tíðir veittar þá menn voru til sacramentis“.²⁵ Jörðin var metin á hundruð hundruð og fjórum betur með 3 hjáleigum. Helstu jarðarhlunnindi voru góð torfstunga og reiðingsrista, mósukurður var ekki talinn en hann var þokkalegur og sama gildi um lax- og silungsveiðar. Akrakirkja átti enn rekaítak á fjórum á svokölluðum Básam á vestanverðum Skaga og þriðjung af þriðjungi af hvalreka fyrir öllu Víkalöndum á Skaga.²⁶ Kirkjan átti beitarrétt, hússtöðu og hlöðugerð fyrir 100 sauði á Þorfinnsstöðum í Austurdal og hið sama á Hrólfsgerði fyrir utan Kryddhól á Neðribyggð. Beit, selför og jarðeign vestur um Lágafell og Smjördali, sem Gegnishóll átti.²⁷ „Geldfjárrekstur, lamba og eldra fjár, á Tjarnargil etc., so og upphöggið gras með teigum á Miklabæjarbökkum etc. Skógarpart fram á Öxnadalshéiði, hrís og grafagjörð upp að reiðgötu ... Geldnautarekstur á Öxnadalshéiði“.²⁸

Brekkukot fremra, fyrir ofan Akra, var afbýli frá Ökrum 1713, metið á tíu hundruð. Landskuld og kúgildi voru greidd með smjöri og landaurum. Annað afbýli frá Ökrum þá var Miðhús einnig metið á 10 hundruð og landskuld og kúgildi greidd með því sama. Þriðja afbýlið var Hóll metinn á 8 hundruð og gjöld greidd með landaurum og smjöri.²⁹ Þrjár eyðijarðir voru skilgreindar innan jarðarlunda árið 1713. Það voru Gilshús sem hafði verið í eyði í 15-16 ár

²⁰ *DI IX 1262-1536*, 1909-1913. Bls. 529-530.

²¹ *Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur*, 2007. Bls. 239-240.

²² *DI I 834-1264*, 1857-76. Bls. 655.

²³ *DI I 834-1264*, 1857-76. Bls. 655-659.

²⁴ *Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur*, 2007. Bls. 239-240.

²⁵ *Jarðabók IX*, 1930. Bls. 179.

²⁶ *Jarðabók IX*, 1930. Bls. 179.

²⁷ *Jarðabók IX*, 1930. Bls. 180. Gegnishóll / Kryddhóll, nú Krithóll.

²⁸ *Jarðabók IX*, 1930. Bls. 180.

²⁹ *Jarðabók IX*, 1930. Bls. 180.

og hafði hjáleigubóndi greitt leiguna í smjöri.³⁰ Annað eyðibýli var Grjótstekkur þar sem stekkurinn var 1713 og Mosagrund á milli Minni-Akra og Róðugrundar (Syðstu-Grundar).³¹

Á árunum 1743-5 byggði Skúli Magnússon sýslumaður upp bæinn á Ökrum.³² 1745 lét Skúli Höskuld Guðmundsson húskarl sinn fá hjáleiguna Hól, byggði upp bæ fyrir hann ofar en Hólsbær hafði áður staðið og nefndi Höskuldsstaði.³³



Mynd 2, Akrabær um 1935. Fjærst er bæjardyrhúsið, þá þinghúsið, eldhúsið og skemma er næst. Hluti af bænum þ.e. bæjardyrhúsið eru leifar af bæ Skúla Magnússonar, sem hann reisti 1743 - 1745. Eldhúsið og skemman brunnu haustið 1950 og sá hluti var þá rifinn.

Árið 1751 fékk vísilögmaður Björn á Ökrum norskan garðyrkjumann til að kenna sér og sínum akuryrkju.³⁴

Yngsti máldagi Akrakirkju er frá 1742.³⁵ Hann er byggður á gjafabréfi frá 14. og 16. öld. Kirkjan var lögð niður með konungsbréfi 1765. Hún var þá orðin hálfkirkja og kölluð bænhus, eins og örnefnið þar sem hún stóð ber með sér.

Árið 1823 var hjáleigan Mikley seld úr landi Akra. Hjáleigan Hringey stuttu fyrr.³⁶

Árið 1825 var byggt upp húsmannsbýlið Grjótstekkur, 1830 hjáleigan Hringur og 1835 hjáleigan Miðhús í Akralandi.³⁷

³⁰ Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861. Bls. 105.

³¹ Jarðabók IX, 1930. Bls. 180.

³² Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur, 2007. Bls. 239-240.

³³ Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur, 2007. Bls. 239-240.

³⁴ Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur, 2007. Bls. 239-240.

³⁵ DI XII 1200-1545, 1923. Bls. 26-28, 36-37; III 1269-1415, 1896. Bls. 398.

³⁶ Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur, 2007. Bls. 239-240.

³⁷ Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur, 2007. Bls. 239-240.


Árið 1840 var jörðin metin á 30 hundruð og sögð „sæmileg heyskaparjörð“.³⁸ Brekkukot „heyskapar og landlítil“ var metið á 10 hundruð, Akrakot á 10 hundruð, Grjótstekkur á 5 hundruð, Höskuldsstaðir á 20 hundruð og Miðhús á 15 hundruð. Aðrar hjáleigur eða afbýli voru Hringur og Gilshús. Jörðin Stóru-Akrar með öllum hjáleigum var metin á 100 hundraða að fornu mati, en 1861 á 68,4 að nýju mati.³⁹

Árið 1895 var dragferja sett á Akrahyl, milli Ferjuhólma og Ferjuodda.⁴⁰ Þar var ferjað til 1927.

Árið 1919 hófst bygging þinghúss / félagsheimilis, sem vígt var 1921.⁴¹ Byggt var við það árið 1961 og það nefnt Héðinsminni.

Árið 1953 friðaði þjóðminjavörður leifar gamla bæjarins, bæjardyrhús, hluta af göngum og þinghúsið.

Árið 1968 var afhjúpaður minnisvarði um Skúla Magnússon, aftan við gamla bæinn.



Mynd 3, grunnmynd af Akrabænum miðuð við 1930. 1) bærinn sjálfur, 2) fjárhús, 3) bæjardyr, 4) þingstofa, 5) hlóðaeildhús, 6) búr, 7) skemma, 8) göng, 9) norðurbaðstofa (Ingibjargar og Jóels), 10) kókkhúsið, 11) austurbaðstofan (Sigríðar og Björns), 12) fjós. Teikn SS.

³⁸ *Sýslu- og sóknarlýsingar II*, 1954. Bls. 98.


³⁹ *Ný jarðabók fyrir Ísland*, 1861. Bls. 105.

⁴⁰ *Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur*, 2007. Bls. 239-240.

⁴¹ *Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur*, 2007. Bls. 239-240.



Mynd 4, í brekkunni vestur af þinghúsinu 1937. Hluti af gamla öskuhaugnum, sem þarna var fyrir löngu orðinn vel gróinn.



Mynd 5, grunnmynd af Akraænum gerð af Herði Ágústssyni 1976 (Hörður Ágústsson 1976: 8).



Mynd 6, teikning af framhlið Akra bæjarins, gerð af Herði Ágústssyni 1976 (Hörður Ágústsson 1976: 9).

Fornleifaskrá Í heimatúni



Mynd 7, gamli bærinn á Stóru-Ökrum.

Stóru-Akrar - 1

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Burstabær

Staðhættir:

Gamli Akrabærinn stendur um 5m austan við hús Sigurðar Jólssonar, Stóru-Akra II.

Í örnefnaskrá segir: „Niður undan neðri bænum heitir Bæjarvöllur“ (ÖMJ: 1).

Lýsing:

Bærinn er uppistandandi með þaki og vel við haldið. Sjá nánar um bæinn og breytingar á honum í gegnum tíðina í grein Harðar Ágústssonar „Stafsmíð á Stóru-Ökrum.“ í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1975.

Aðrar upplýsingar:

Bærinn sem nú stendur er hluti af bæ Skúla Magnússonar (síðar landfógeta) sem reistur var 1741 - 1745. Hluti bæjarins brann haustið 1950 og var rifinn, eftir standa bæjardyr, göng og þingstofa. Bæjardyrhúsið er stafverkshús, reist um 1750, en þingstofan gerð í svokölluðu bindingsverki, reist um 1840. Bæjarleifarnar voru friðlýstar árið 1954 og eru í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands (sbr. SS: 1).

Stóru-Akrar - 2

Sérheiti: Bænhúsvöllur

Hlutverk: Hálfkirkja/Bænhús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Svokallaður Bænhúsvöllur er norðan við malarplan sem er norðan heimreiðarinnar, upp að Stóru-Ökrum 1 og Brekkukoti, norðan Héðinsminnis. Í örnefnaskrá segir: „Bænhúsvöllur heitir út undan gamla bænum, ofan við götuna, sem fyrr nefndist Heimreiðargata; þar var bænhús á fyrri öldum, en löngu seinna var þar byggt fjárhús, er stóð þar til fyrir 15 árum; þá var það rífið, en er ávallt kallað Bænhús“ (ÖMJ: 1).

Lýsing:

Engin merki um þessa byggingu eru sýnileg á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Hjer er hálfkirkja og tíðir veittar þá menn eru til sacramentis.“ (JÁM IX: 179). Í sýslu- og sóknarlýsingum segir um bænhús: „Bænahús á Stóru-Ökrum og kirkja á Víðivöllum, fyrir löngu aflagt“ (SS II: 100). Bænhúsvöllur heitir út undan gamla bænum, ofan við Heimreiðargötuna sem hét. Akrakirkja er fyrst nefnd í máldaga 1318 og er þá þjónað frá Völlum. Kirkjan var á kaþólskum tíma helguð heilögum Pétri. Kirkjan á Ökrum átt umtalsverðar eignir, svo sem jarðirnar Krithól og Kolgröf og hlunnindi og ítök á heiðum og út með sjó. Þar var kirkja (ýmist alkirkja eða hálfkirkja) frá fornu fari til 1765. Þar stóðu síðast fjárhús (rífið um 1925) kallað Bænhús. Það stóð fast norðan við bílastæði Héðinsminnis norður af gamla bænum. Munnmæli eru um að sperrutré úr kirkjunni hafi verið notuð í gamla bæinn, og eru þar enn. Bein hafa fundist á þessum slóðum sem sýna að grafið hefur verið við kirkjuna sjá kafla um jarðfundnar minjar aftast í skýrslunni.

Stóru-Akrar - 3

Sérheiti: Bænhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Bænhúsvöllur heitir út undan gamla bænum, ofan við götuna, sem fyrr nefndist Heimreiðargata; þar var bænhús á fyrri öldum, en löngu seinna var þar byggt fjárhús, er stóð þar til fyrir 15 árum; þá var það rífið, en er ávallt kallað Bænhús“ (ÖMJ: 1).

Lýsing:

Engin merki um þessa byggingu eru sýnileg á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Ekkert ártal er á örnefnaskránni, en líklega hefur hún verið gerð einhvern tíma milli 1930-40 og húsin því líklega verið fallinn í síðastalagi um 1925.

Stóru-Akrar - 4

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Norðan við hús Sigurðar Jóelssonar var fjósbygging úr torfi og þá lá vegurinn upp sunnan við fjósið og norðan við bæinn, en liggur nú beint upp þar sem fjósið var“ (ÖRI: 20).

Lýsing:

Engin merki um þessa byggingu eru sýnileg á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Í fjósinu voru 8-9 básar, húsið var byggt af Sigurði Jólssyni.

Stóru-Akrar - 5

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Fjánhús stóðu milli gamla bæjarins og Héðinsminnis

Lýsing:

Engin merki um þessa byggingu eru sýnileg á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Húsin stóðu fram undir fermingu Sigurðar Jólssonar. Sigurður er fæddur 1923 og hefur því fermst um 1936. Samkvæmt teikningu Sigríðar Sigurðardóttur (sjá hér að framan) og meðfylgjandi skýringum hafa húsin tekið um 60 ær.

Stóru-Akrar - 6

Sérheiti:

Gvendarbrunnur

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Niðurgröftur með hleðslu

Staðhættir:

Brunnurinn er niður í lækjargilinu sunnan við íbúðarhúsið á Stóru-Ökrum I, nánar til tekið um 16m suður af húsinu í beinni línu við austurvegginn. Í

örnefnaskrá segir: „Langabrekka frá bæ og upp að vallargarði suður við gil. Þar heitir Kárakinn

sunnan í gilbarminum. Niður undan neðri bænum heitir Bæjarvöllur. Í Kárakinn, ofarlega, en niður við lækinn, er uppspretta, sem heitir Gvendarbrunnur“ (ÖMJ: 1).

Lýsing:

Brunnurinn er samfallinn og fullur af grjóti.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Beint sunnan við efra húshornið á efsta íbúðarhúsinu á Stóru-Ökrum er lítil kaldavermslyttra í norðurbarmi Akragils, skammt upp frá læknum, og heitir Gvendarbrunnur (65°32'180/19°18'828)“ (BS IV: 236). „Vatn var sótt stundum í þennan brunn enda miklu betra en í læknum. Um miðja 20. öld og fram til 1978 var þar upphlaðinn brunnur þar sem mjólkin var kæld“ (BS IV: 236).



Mynd 8, horft til vesturs eftir bæjarlæknum, verið er að mæla upp Gvendarbrunn norðan lækjar (hægra megin á myndinni).

Stóru-Akrar - 7

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Fjárhús stóðu þar sem nú er steynsteypt fjós norðan við efsta íbúðarhúsið á Stóru-Ökrum 1, neðan við nýjustu fjósbyggingu Gunnars bónda á Ökrum.

Lýsing:

Engin merki um þessa byggingu eru sýnileg á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Fjárhús og hlaða voru á jörðinni árið 1918 þegar Björn faðir Jóels og Sigurðar hóf búskap. Um 1950 voru reyst fleiri hús á sama stað, fjós, fjárhús og hlaða og einn veggur gömlu húsanna fékk að halda sér. Um 1970 var þessum veggstubby skipt út.

Stóru-Akrar - 8

Hlutverk: Vað

Tegund: Vað

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á milli bæjanna Stóru-Akra og Höskuldsstaða voru götur, svonefnd Neðrileið því að alfaraleiðin var fyrir ofan. Þar var vel troðinn stígur beint suður af hlaði gamla bæjarins og farið yfir lækinn á vaði“ (BS IV: 236-7). Í örnefnaskrá segir: „Á Ökrum var Gata, alltaf nefnd svo, frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1937, að vatnsbólínu, sem var lækur sunnan við bæinn. Á sama tíma var eldri gata alltaf nefnd Gamla gata, en hún lá frá Gamla bænum og vestan við Kartöflugarðinn gamla að læknum“ (ÖRI: 19).

Lýsing:

Ummerki um götur sjást á kafla í landi Höskuldsstaða og vísa á vaðið.

Stóru-Akrar - 9

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Neysluvatn Akrabæjanna er nú tekið efst í Akragili, beint sunnan við Gilshús. Áður hafði verið leitt heim vatn úr Hringlandi, fyrst um 1935 [í hús Sigurðar Jóelssonar en lindin þornaði upp á nokkrum árum], og einnig var brunnur (65°32'210/19°19'000) sunnan við Bænhúsvöllinn, nokkrum metrum sunnan við fjárhúskofa sem þar stóð fram á 20. öld og var kallaður Bænhús“ (BS IV: 236).

Lýsing:

Brunnurinn er horfinn undir bílaplan.

Stóru-Akrar - 10

Hlutverk: Öskuhóll

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Öskuhaugur var (og er) vestan við þar sem nú er samkomuhúsið Héðinsminni og sunnan við hús Sigurðar Jóelssonar. Þar var annar kartöflugarður, syðst á öskuhaugnum. Nú er öskuhaugurinn á kafi í jörð“ (ÖRI: 20). En auk þess var samkvæmt Sigurði Jóelssyni um 2m þykkt lag af ösku undir húsi hans, Stóru-Ökrum II.

Lýsing:

Sunnan við hús Sigurðar Jólssonar Stóru-Akra II, er blómagarður og eftir það tekur við gróin brekka sem hallar til suðvesturs. Enginn eiginlegur hóll er lengur á staðnum og engar minjar sýnilegar.

Stóru-Akrar - 11

Sérheiti: Neðrileið (heimreið til suðurs)

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á milli bæjanna Stóru-Akra og Höskuldsstaða voru götur, svonefnd Neðrileið því að alfaraleiðin var fyrir ofan. Þar var vel troðinn stígur beint suður af hlaði gamla bæjarins og farið yfir lækinn á vaði“ (BS IV: 236-7). Í örnefnaskrá segir: „Á Ökrum var Gata, alltaf nefnd svo, frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1937, að vatnsbólinu, sem var lækur sunnan við bæinn. Á sama tíma var eldri gata alltaf nefnd Gamla gata, en hún lá frá Gamla bænum og vestan við Kartöflugarðinn gamla að læknum“ (ÖRI: 19). Í óútgefinni samantekt Sigríðar Sigurðardóttur yfir fornleifar í landi Stóru-Akra segir: „Gata lá frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1937 að bæjarlæknum. Þvottagata. Á sama tíma var eldri gata suður frá gamla bænum alltaf kölluð gamla gata, en hún lá frá bænum, vestan við kartöflugarð, sem var beint suður af Héðinsminni, og niður að læknum þar sem vað var á honum og þvottahylur og gata lá þaðan suður í Höskuldsstaði“ (SS: 2).

Lýsing:

Gatan sjálf er horfin vegna framkvæmda sunnan við gamlabæinn, hugsanlega má finna leifar hennar niður í Akragilinu en þær sáust ekki vegna gróðurs þegar staðurinn var skoðaður á vettvangi, en slóð virðist í túninu handan lækjarins.

Stóru-Akrar - 61

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá heimreið til norðausturs frá gamla bænum norður fyrir útihús, sem sýnd eru þar sem suðvestasta fjósbyggingin á Stóru-Ökrum I er í dag, og beygði þar til austsuðausturs.

Lýsing:

Ekkert sér eftir af þessari götu í dag.

Stóru-Akrar - 12

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Á Ökrum var Gata, alltaf nefnd svo, frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1937, að vatnsbólinu, sem var lækur sunnan við bæinn. Á sama tíma var eldri gata alltaf nefnd Gamla gata, en hún lá frá Gamla bænum og vestan við Kartöflugarðinn gamla að læknum“ (ÖRI: 19).

Lýsing:

Engar minjar þessa kartöflugarðs eru sýnilegar á yfirborði.

Stóru-Akrar - 13

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Öskuhaugur var (og er) vestan við þar sem nú er samkomuhúsið Héðinsminni og sunnan við hús Sigurðar Jólssonar. Þar var annar kartöflugarður, syðst á öskuhaugnum. Nú er öskuhaugurinn á kafi í jörð.“ (ÖRI: 20).

Lýsing:

Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði.

Stóru-Akrar - 58

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í óútgefinni samantekt Sigríðar Sigurðardóttur um fornleifar á jörðum Stóru-Akra I og II segir: „Langabrekka heitir norðurvangi bæjargilsins upp frá gamla bænum og upp að gamla túngarði (vallargarði), sem var aðeins fyrir neðan efsta íbúðarhúsið. Þar efst var einu sinni kartöflugarður.“ (SS: 2).

Lýsing:

Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði.

Stóru-Akrar - 50

Sérheiti: Þvottahylur

Hlutverk: Þvottastaður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bæjarlækurinn rennur eftir Akragili skammt sunnan við íbúðarhúsin. Þangað var aldrei sótt neysluvatn en kannski í skepnur og þvegið var í læknum.“ (BS IV: 236). Í óútgefinni samantekt Sigríðar Sigurðardóttur um hús og fornbylí á Stóru-Ökrum segir: „Gata lá frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1937 að bæjarlæknum. Þvottagata. Á sama tíma var eldri gata suður frá gamla bænum alltaf kölluð gamla gata, en hún lá frá bænum, vestan við kartöflugarð, sem var beint suður af Héðinsminni, og niður að læknum þar sem það var á honum og þvottahylur og gata lá þaðan suður í Höskuldsstaði.“ (SS: 2).

Lýsing:

Engar minjar eru sýnilegar á vettvangi, enda búið að breyta læknum á þessum kafla með vélum.

Aðrar upplýsingar:

Þvottagatan sem lá frá steinhúsinu (frá 1937) að Þvottahyl við fossinn sunnan við efsta íbúðarhúsið er ekki skráð hér enda hvort tveggja tilkomið eftir 1937. Hins vegar var annar hylur við svokallaða „Neðri leið“ eða „Gömlu götu“ og annar Þvottahylur þar sem nú er með öllu horfinn. En lækurinn var grafinn niður með vélum um 1970 til að hindra hann frá því að flæða yfir túnið frá Höskuldsstöðum.

Stóru-Akrar - 14

Sérheiti: Orfabrjótshús

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Utan við bæjarvöll er spilda nefnd Orfabrjótur, og þar eru hús, sem heita Orfabrjótshús“ (ÖMJ: 1). Orfabrjótshús stóðu um 30 m neðan við núverandi fjós norður af Stóru-Ökrum II. Húsin voru í notkun á búskaparárum Sigurðar Jólssonar. Fjórar krær voru í húsunum og tóku þau um 100 kindur, norðan við var sambyggð einhölukró fyrir 4-5 hesta, reiðhest og dráttarklára. Samkvæmt Sigurði Jólssyni stóðu húsin stóðu fram að því að Jón sonur hans tók við búi á Stóru-Ökrum II.

Lýsing:

Þarna er smá hávaði í túninu en engar byggingaleifar sýnilegar.

Aðrar upplýsingar:

Á túnakorti frá 1918 eru sýnd útihús („peningshús“) um 60m norðvestur af fjósinu, líklega eru það þó þessi sömu hús.

Stóru-Akrar - 15

Sérheiti: Heimreiðargata

Hlutverk: Leið/Heimreið

Tegund: Gata

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Bænhúsvöllur heitir út undan gamla bænum, ofan við götuna, sem fyrr nefndist Heimreiðargata; þar var bænhús á fyrri öldum, en löngu seinna var þar byggt fjárhús, er stóð þar til fyrir 15 árum [þ.e. fram til ca. 1925]; þá var það rífið, en er ávallt kallað Bænhús“ (ÖMJ: 1).

Lýsing:

Enn sér móta fyrir götum út norður frá gamla bænum á Stóru-Ökrum.

Aðrar upplýsingar:

Í Landamerkjaskrá fyrir Stóru-Akra, Brekkukot, Höskuldsstaði og Miðhús: „landamerki milli tilgreindra jarða og Minni-Akra eru úr reiðgötum beina stefnu í suður á mótis við jarðfastan stein þann, er stendur fyrir sunnan Minni-Akratún og úr þeim steini [...], “ (Landamerkjabréf dags. 13. maí 1890).



Mynd 9, horft til norðurs eftir gamalli heimreiðargötu heim að gamla bænum á Stóru-Ökrum. Leiðin skilur jafnframt lönd Minni-Akra og Stóru-Akra þegar norðar dregur. Aðalleiðin eftir Blönduhlíðinni fór fyrir ofan túnið á Stóru-Ökrum.

Stóru-Akrar - 16

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Ofan við reykkofan sem nú stendur og hjáleigan Hringur stóð áður, var garðlag sem lá norður-suður og þjóðleiðin meðfram garðinum að austan.

Lýsing:

Túngarðurinn hvarf endanlega með jarðrækt í tíð Gunnars Sigurðssonar núverandi bónda á Stóru-Ökrum I.

Aðrar upplýsingar:

Gamli sveitarvegurinn var samkvæmt Sigurði Björnssyni og Maríu Helgadóttur fyrir ofan gamla túngarðinn sem sést nú ekki lengur. Öll ummerkin bæði um garðinn og göturnar hurfu við túnsléttun í tíð Gunnars Sigurðssonar núverandi bónda á Stóru-Ökrum I.

Stóru-Akrar - 17

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Leifar af stekki eða rétt er í gilinu ca. 80m. ofan við íbúðarhús á Stóru-Ökrum I. Þessi rúst hefur á síðari tímum verið nefnd Gamla réttin, enda er réttarlag á henni“ (ÖRI: 15).


Lýsing:

Tóftin liggur austur-vestur, undir brekku sem hallar til suðurs, um 15m frá læknum. Tóftin er 3x9,5m að innanmáli, byggð inní brekkuna. Hlið hefur verið mót vestri. Breidd veggja 2,5-3m.

Hæð um 50sm nema til norðurs þar sem réttin er byggð inn í brekkuna, þar er hún um 100-110sm. Tóftin er gróin en rofblettur við suðvesturhorn. Grjót sést á einum stað.



Mynd 10, tóftir gamallar réttar efst norðanvert í gilinu ofan við efsta íbúðarhúsið á Stóru-Ökrum, innan gamla túnsins. Horft til austurs.



Teikning 1.

Stóru-Akrar - 18

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir:


Vegurinn sést á tveimur stöðum, annars vegar í Akragilinu ofan við efsta íbúðarhúsið á Stóru-Ökrum I, og hins vegar í landi Stóru-Akra II, norður af fjóstúni Stóru-Akra I.

Lýsing:

Greinilegur sneiðingur er í sunnanverðu gilinu og hefur leiðin legið yfir á vaði neðan við réttina, en óljósari slóð liggur til norðurs austan við hana og upp á bakkann að norðan eftir smá sneiðingi. Á einhverju tíma hefur vegurinn legið vestan við réttina. Vegurinn hefur eins og áður segir legið áfram ofan við túngarðinn norður fyrir svokallaðan Hring, en þessi kafli hans sem og túngarðurinn eru horfnir undir tún. Enn sér hins vegar eftir af Hringsbrúnni á um 160m kafla frá suð-suðaustri til norð-norðvesturs í landi Stóru-Akra II. Kantur virðist hafa verið hlaðinn að neðanverðu (vestan) en óljóst hvort nokkur hleðsla hafi verið ofan vegarins, sem er um 3m breiður.

Aðrar upplýsingar:

Þetta er gamall kerruvegur, aðalleiðin um sveitina, og lá meðfram túngarðinum ofanverðum og beygði með honum til norðvesturs skammt norðan við Hring og var uppbyggður þaðan yfir Norðurmýri og talað um Hringsbrú á þeim kafla. Vegurinn var notaður fram til 1935 (ÖRI: 15).



Mynd 11, loftmynd af Stóru-Akra bæjunum, heimreiðirnar í norður og suður og þjóðleiðin sem lá ofan við túnið sést á tveimur stöðum á myndinni, en stór hluti hennar er horfinn undir tún í landi Stóru-Akra 1.

Hringur

Stóru-Akrar - 19

Sérheiti: Hringur

Hlutverk: Híbyli

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir í upptalningu um bæi í Miklabæjarprestakalli: „6. Akrakot, 10 hndr., hjáleiga þar í túninu, fyrir ofan bæinn“ (SS II: 98). Býli þetta er hið sama og nefnt er Hringur en um það segir í örnefnaskrá: „Holtið ofan við Akratún upp af svonefndri Gróf var kallað Hringsholt og dró nafn af býlinu Hring, sem var efst á Akratúni. Það býli lagðist í eyði um síðustu aldamót og hafði þá verið í ábúð öðru hvoru um langan aldur. Engið þaðan hét Hringsmýri, og er hún niður með Akratúni að utan (þ.e. norðan)“ (ÖMJ: 4).

Lýsing:

Þarna er nú reykkofi, niðurgrafinn torf- og grjóthlaðinn með bárujárnsþaki. Engar aðrar hleðslur eru sýnilegar.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar hefur þetta býli verið nefnt Akrakot á fyrstu búsetu árunum (BS IV: 247). Sigríður Sigurðardóttir hefur hins vegar leitt getum að því að Akrakots nafnið geti eins átt við um Gilshús.

Stóru-Akrar - 20

Sérheiti: Hringur

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Á Hring voru tvær beðasléttur á syðri parti Jóels Guðmundssonar, syðst í landi Hrings.

Lýsing:

Beðaslétturnar hafa horfið með jarðrækt í tíð Gunnars Sigurðssonar núverandi bónda á Stóru-Ökrum I.

Stóru-Akrar - 21

Sérheiti: Hringur

Hlutverk: Fjánhús/hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Á Hring voru fjánhús og hesthús á nyrðri parti Jóels Guðmundssonar, þ.e, norðan við mitt Hringsland.

Lýsing:

Þarna eru nú slétt tún og engin merki um þessi hús sýnileg á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Jóel byggði 30 hesta hús sem voru uppistandandi þegar Sigurður Jóelsson (f. 1923) man eftir sér en fjánhúsin voru fallin.

Stóru-Akrar - 22

Sérheiti: Hringur

Hlutverk: Reykkofi

Tegund: Hús

Staðhættir:

Samkvæmt Gunnari Sigurðssyni stendur reykkofinn á gamla bæjarstæði Hrings. Kofinn er um 80m norðaustur af fjósinu á Stóru-Ökrum I, og um 130m norð-norðaustur af íbúðarhúsinu.

Lýsing:

Reykkofinn sem er niðurgrafinn torf- og grjóthlaðinn með báru-járnsþaki. Engar aðrar hleðslur eru sýnilegar á yfirborðinu.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Sigurði Björnssyni og Sigurði Jóelssyni áttu feður þeirra Björn og Jóel Hring saman, tvo parta hvor, Björn þann nyrsta og næstsyðsta en Jóel þann syðsta og næstnyrsta. Landinu var skipt með þessum hætti svo báðir fengju svipað land.



Mynd 12, reykkofi á Stóru-Ökrum stendur rétt upp af norðurenda nýja fjóssins. Þarna var býlið Hringur eða Akrakot áður. Horft til austurs.

Gilhús

Stóru-Akrar - 24

Sérheiti: Gilhús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan Akkratún, á nyrðri gilbarminum, er tóftarbrot, sem heitir Gilshús.“ (ÖMJ: 4).

Lýsing:

Samkvæmt Maríu Helgadóttur og Sigurði Björnssyni voru tóftir Gilshúss um 230m ofan við bæinn þar sem nú er geymslurvæði fyrir vélar og tæki norðan heimreiðarinnar að Brekkukoti. Svæðið hefur orðið fyrir miklu raski og engar fornleifar eru sýnilegar.

Aðrar upplýsingar:

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín: „Eyðihjáleiga frá heimajörðunni, hefur í auðn legið hjerum 15 eður 16 ár, áður bygt lánvarandi [...] Hjer má ekki aftur byggja, því engi og hagi er kominn í skriður og túnstæði í hrjóstur“ (JÁM IX: 181). Í örnefnaskrá segir: „Bærinn mun hafa staðið efst á gilbarminum, þar sem sjálft gilið þrýtur. Býli þetta var komið í eyði, þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín sömdu jarðabók fyrir Skagafjörð 1713, og hefur aldrei byggt síðan. Á bæjarrústum Gilshúss byggði Skúli Magnússon fógeti, þegar hann bjó á Ökrum fyrir miðja 18. öld, stóra og rammgjörða hestarétt. Eftir það, og einnig nú á dögum, er Gilshús oft kallað Réttarhóll. Sú rétt er fyrir löngu hrugin og grasi gróin“ (ÖMJ: 4). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir um býlið: „Gilshús (65°32'230/19°18'540). [...] Bærinn var nokkru ofan við Stóru-Akrabæinn, um 300m suður og upp frá Hring, efst á ytri barmi Akragils, rétt utan við veginn upp að Brekkukoti. Þar er nú geymslurvæði frá Stóru-Ökrum og sjást engar tóftarminjar“ [...] „Ekki er vitað til að Gilshús hafi nokkru sinni byggt eftir 1688“ (BS IV: 237).

Stóru-Akrar - 25

Sérheiti: Réttarhóll

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Margeir Jónsson getur býlis í örnefnaskrá: „Á bæjarrústum Gilshúss byggði Skúli Magnússon fógeti, þegar hann bjó á Ökrum fyrir miðja 18. öld, stóra og rammgjörða hestarétt. Eftir það, og einnig nú á dögum, er Gilshús oft kallað Réttarhóll. Sú rétt er fyrir löngu hrugin og grasi gróin“ (ÖMJ: 4).

Lýsing:

Svæðið hefur orðið fyrir miklu raski og engar fornleifar sýnilegar.

Aðrar upplýsingar:

„Haft er eftir Stefáni Jónssyni fræðimanni á Höskuldsstöðum að Skúli Magnússon hefði byggt stóra og rammgerða hestarétt á tóftum Gilshúsa. Eftir það var þarna kallaður Réttarhóll“ (BS IV: 237-8).

Stóru-Akrar - 26

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Mótekju-svæðin voru allangt út og upp frá bænum, ofan við lækinn sem fellur eftir Grófinni, þeim sem kemur úr Ytra-Kaplagili. Þarna var djúpur mór, allt að 2-3m þykkur, og voru fjórar skóflustungur ofan á hann“ (BS IV: 237). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Á Svarðarhól var mórinn þurrkaður. Mógrafir voru við Grófina austanverða. Mólagið var mjög lurkaríkt og náði 4-6 metra niður“ (ÖRI: 15).

Lýsing:

Mógrafirnar eru vel greinilegar á tveimur stöðum austan við Grófina, um 1-2m djúpar, en algrónar.



Mynd 13, Mógröf norðarlega við Grófina eða Grófarlæk. Horft norður.

Stóru-Akrar - 27

Sérheiti: Svarðarhóll

Hlutverk: Mópurrkunarstaður

Tegund: Náttúruminjar

Staðhættir:

„Út með Grófinni, sem er ofan við Hringsholt, en að vestanverðu við hana, er melhóll lítill, sem nefnist Svarðarhóll“ segir í Örnefnaskrá (ÖMJ: 4).

Lýsing:

Svarðarhóll er vestan við Grófina í landi Stóru-Akra II, aflangur melhóll frá norðri til suðurs. Engin mannaverk eru sýnileg á hólnum.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Á Svarðarhól var mórinn þurrkaður. Mógrafir voru við Grófina austanverða. Mólagið var mjög lurkaríkt og náði 4-6 metra niður“ (ÖRI: 15). Sigurður Björnsson segir mógrafirnar hafa verið 4-5 í röð og ræktað alveg niður að þeim, 3-4 stungur voru niður á mjög góðan mó. Sigurður Jóelsson man eftir mótekju í mógröfum bæði austan og vestan við hólinn.

Engi og úthagar

Stóru-Akrar - 31

Sérheiti: Stekkjarnes

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Í Stóru-Akraengi, niður undan Orfabrjótstúni, er Norðurmýri. Neðst í henni er Kíllinn. Utan og neðan við Kíllinn heitir Langhóll, nú klofinn af Akbrautinni. Utan og neðan við Langhólma er Stekkjarnes, en gamall árfarvegur á milli“ (ÖMJ: 1). Stekkjarnes var niður undan Langahólma, nú norðan merkjaskurðar á engjum Stóru-Akra I og II. Þar var stekkurinn. Nú farinn í Vötnin (SS: 1).

Lýsing:

Engar minjar eru sýnilegar á þessum stað.

Stóru-Akrar - 32

Sérheiti: Ferjuhorn/Ferjutangi

Hlutverk: Ferjustaður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Um ferju á Héraðsvötnum segir í Byggðasögu: „Ferjuhorn eða Ferjutangi (65°32'400/19°20'400) heitir sunnan við Djúpadalsá þar sem hún fellur út í Vötnin. Beint á móti er Ferjuhólmi og ekki nema um 40m frá bakkanum yfir í hólmann. Beggja megin voru trévirki sem ferjan gekk á milli“ (BS IV: 236). Um ferju segir í örnefnaskrá: „Sunnan við núverandi ós hennar, Dalsárós, var ferjustaður á þjóðveginum í rúm 30 ár; þar var dragferja. Ferjustaður þessi var lagður af, þegar Héraðsvötn voru brúuð á Grundarstokk 1927 og þjóðvegurinn færður þangað“ (ÖMJ: 3).

Lýsing:

Engar minjar eru sýnilegar á þessum stað.

Aðrar upplýsingar:

„Áður en bílvegur kom lá póstleiðin svonefnda vestan af Vatnsskarði yfir Vallholtið og um Hólmkinn norðan við Hringey en sunnan við Mikley að Mikleyjarvaði á Héraðsvötnum fyrir landi Akratorfunnar (Sjá Lýsing:u Mikleyjar, bls. 263). Dragferja var sett nokkru utar, á svo nefndan Akrahyl, líklega sumarið 1895. Hafði áður verið á Austur-Vötnunum en aflögð þar þegar brúin komst upp vorið 1895. Þar var hún starfrækt til 1927 þegar brúin kom á Grundarstokk neðan við Mið-Grund. Síðustu ferjumenn á Akrahyl voru Björn Sigurðsson bóndi á Stóru-Ökrum og Gísli Þorfinnsson í Miðhúsum“ (BS IV: 236).

Stóru-Akrar - 33

Hlutverk: Áveita

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Milli Pálsstokks og Djúpadalsár var Skúlastekkur [...] Hér voru einnig víða áveitumannvirki, einkum sunnan Djúpadalsár, garðar og skurðir því að í flóðum náðist vatn upp á bakkana“ (BS IV: 237).

Lýsing:

Engin merki um áveitugarða sáust á vettvangi, enda búið er að slétta úr öllu og bylta í ræktarland.

Aðrar upplýsingar:

Garðarnir voru þrír og gengu þvert yfir engin frá austri til vesturs. Lokur voru á miðjum gördunum til að stýra vatnsflæðinu. Yfirleitt var látið renna inn á engin vorin en þurrkað aftur um miðjan júlí. Garðaleifar stóðu þar til ræst var fram um 1945-50 samkvæmt Sigurði Jóelssyni. Samkvæmt Sigurði Björnssyni voru garðarnir rúm fet á hæð en árbakkarnir stóðu hærra og því þurfti ekki að hlaða þar garða. Þarna fengust um 120 hestar af góðu heyi og voru áveiturnar notaðar fram á miðja 20. öld.

Stóru-Akrar - 34

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Í Pálsstokk, að sunnanverðu, spölkorn ofar ósi, fellur síki eða lækur [...]. Á bakka þess sést tóftarbrot. Þar á að hafa verið kofi frá Ökrum handa smala eða vökumanni, sem varði beutiland og engi. Mun þetta hafa tíðkapt fyrir ævalöngu“ (ÖMJ: 3). Kofinn er horfinn árið 2004 samkvæmt örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar (ÖRI: 22).

Lýsing:

Engjar minjar sáust á vettvangi.

Stóru-Akrar - 35

Sérheiti: Skinþúfuhólmavað/Lækjarósvað

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vað var á Vötnunum rétt utan við ós Pálsstokks (65°32'584/19°20'652), kallað Skinþúfuhólmavað eða Lækjarósvað. Þetta vað var skammt sunnan við Skinþúfuhólma, alla jafna nokkuð djúpt en góður botn og straumlítið. Þegar komið var vestur yfir var riðið suður allstóran hólma og yfir“ (BS IV: 237).

Lýsing:

Engar minjar eru sýnilegar á vettvangi

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Sigurði Björnssyni og Maríu Helgadóttur var setið yfir ám á Skinþúfuhólma.

Stóru-Akrar - 52

Hlutverk: Landamerkjagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í Landamerkjaskrá fyrir Stóru-Akra, Brekkukot, Höskuldsstaði og Miðhús: „Ráða Héraðsvötn landamerkjum að vestan norður að Syðstugrundar landamerkjum, sem eru í Skinnþúfusíki og garðlag í Skinnþúfuhólma. Þaðan beina stefnu upp eyrarnar í reiðgötur og verður þar hornmerki“ (Landamerkjabréf dags. 13. maí 1890).

Lýsing:

Ekki var mögulegt að komast út í Skinþúfuhólma til leitar að þessu garðlagi.

Aðrar upplýsingar:

Heimildir er um landamerkjagarð milli Stóru-Akra og Þorleifsstaða en sá garður er á merkjum Miðhúsa og Þorleifsstaða í dag og er því ekki tekinn með í þessari skráningu Akrabæjanna.

Stóru-Akrar - 57

Sérheiti: Akraoddavað

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Akraoddavað kallaðist vað á Héraðsvötnum undan Ökrum. Þar drukknaði Eggert Jónsson, lögréttumaður á Ökrum, 27. ágúst 1656“ (ÖMJ: 7).

Lýsing:

Vaðið var ekki skoðað á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Vaðið er orðið ófært samkvæmt Sigurði Björnssyni.

Stóru- Akrar – 29

Sérheiti: Stefánshús

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Á norðurbrún Grófarlækjar 6m norður af merkjagirðingu, milli Stóru-Akra og Höskuldsstaða, þar sem lækurinn fer undir girðinguna. Um 60m suð-vestan við lítinn kofa sem Herdís Sigurðardóttir hefur komið sér upp, um 200m suð-suðaustur við krappa beygju til norðvesturs á afleggjaranum heim að Brekkukoti.

Lýsing:

Einföld garðahús, 5m langur garði og 70sm breiður og 50sm hár, krær um 110sm, veggir um 1m breiðir og mest 110sm háir. Framan við garðaendann virðist vera lítið hólf um 1x2m og ca. 60sm breiðar dyr þaðan og út til norðvesturs. Heytóft eða lítil hlaða er í suðausturhluta 2x3,5m með dyr að því er virðist til norðurs. Tóftin er öll vel gróin en þó sér í grjót í veggjum og garða. Mest er grjótið norðvestan til í tóftinni og grjóthruga þar fyrir framan dyrnar, 120x160sm á kant.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá segir: „Uppi undir fjallrótunum eru grundir allmiklar; þær heita Grjótstekksgrundir. [...] Yzt á grundum þessum eru grasi gróin tóftarbrot, sem Stefánshús heita. Þar byggði Stefán Eiríksson bóndi á Höskuldsstöðum beitarhús um 1870, og voru þau uppi 15-20 ár“ (ÖMJ: 5).



Mynd 14, leifar svokallaðra Stefánshúsa, beitarhúsa frá Ökrum, fjárhús með hlöðu eða heytóft. Horft til suðausturs.

Stóru-Akrar - 30

Sérheiti: Stefánshús

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Á norðurbrún Grófarlækjar 6m norður af merkjagirðingu. Milli Stóru-Akra og Höskuldsstaða, þar sem lækurinn fer undir girðinguna. Um 60m suðvestan við lítinn skúr sem Herdís Sigurðardóttir hefur komið sér upp, um 200m suð-suðaustur við krappa beygju til norðvesturs á afleggjaranum heim að Brekkukoti.

Lýsing:

Vestan við dyr beitarhúsanna er aflöng grjóthrúga eða hleðsla, vel gróin, um 30sm há, 3,5x2m.



Teikning 2.

Akradalur

Stóru-Akrar – 36

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Hádegishóll er sunnan (og austan) við Litladal. Þetta er hár og mikill melhóll, gróðurlaus að mestu og uppi á honum er vörðubrot. Hóllinn er svolítið aflangur og norðaustan undir honum er lítið dalverpi, en hinumegin við það er annar melhóll, lægri, sem einnig er nefndur Hádegishóll“ (ÖRI: 16).

Lýsing:

Efst uppá syðri Hádegishólnum eru tvær vörðunefnur, sú austari varla meir en samsafn nokkurra steina 130x80sm að ummáli. Vestari varðan er öllu meiri um 40sm há, um 180x180sm.

Aðrar upplýsingar:

Hornmerki Brekkukots, Litladals og sameiginlegs beitalands Akrabæjanna eru í landamerkjalyýsingu sögð vera á Hádegishól, líklega um þessa vörðu. Hugsanlega eru hinar hleðslurnar á hólnum merki um óljósar eða mismunandi skilgreiningar á því hvar merkin skyldu standa nákvæmlega. Í dag er búið að girða sunnan við hólinn og ræður sú girðing merkjum. Hádegishólar eru eyktarmark frá Djúpadal.

Stóru-Akrar – 37

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Hádegishólar eru tveir stórir melhólar suðaustur af Litladal, eyktarmark frá Djúpadal. Uppá báðum hólunum eru hleðslur.

Lýsing:

Efst uppá syðri Hádegishólnum eru tvær vörðunefnur, sú austari varla meir en samsafn nokkurra steina 130x80sm að ummáli sem eru nokkru stærri en melurinn í hólnum. Vestari varðan er öllu meiri um 40sm há, um 180x180sm að ummáli.



Mynd 15, vestari hleðslan af tveimur á syðri Hádegishólnum. Horft til norðurs.



Mynd 16, horft yfir austari hleðsluna af tveimur á syðri Hádegishólnum, hleðsla sést fjær á toppi norðari hólsins, Glóðafeykir í baksýn.

Stóru-Akrar – 38

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir:


Í örnefnaskrá segir frá beitarhúsum: „Bungan utan við Ytra-Kaplagil er kölluð Fellið, en austan við það, út og suður, er gilskorningur, sem heitir Leirgil, og annar þar austar, sem líka er nefndur Leirgil eystra. Rétt austan við þann gilskorning er tóftarbrot (fjárhústóft?) grasi og lyngi vaxið. Enginn veit um nafn á því, en ekki er ólíklegt, að þar hafi verið til forna beitarhús frá Brekkukoti“ (ÖMJ: 6).

Lýsing:

Um 700m suðaustan við Hádegishóla upp í brekkunni, 25 m austan við Leirgil (eystra) er einföld tóft (beitarhús/rétt?). Tóftin snýr NNV-SSA, 16x8m að utanmáli, 9x4m að innanmáli, vegghæð um 20sm frá gólfi tóftarinnar, nema syðst þar sem vegghæð er á kafla um 40sm frá botni tóftarinnar, vegghæð er mest um 60sm að utan, engar greinilegar dyr. Tóftin er mosa og lyngi gróin, hvergi sér í grjót, og fellur tóftin vel inní umhverfið þurrt mólendi með grónum drögum og smágiljum og berum melhryggjum inn á milli.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu er húsunum lýst: „Á lágum en aflöngum hallandi lyngmóahrygg um 50 m austan við það [Leirgil-eystra] er gömul beitarhúsatóft (65°32'688/19°15'705) frá einhverjum Akrabæjanna, u.þ.b. 13x6-7 m að utanmáli“ (BS IV: 238-9).



Teikning 3



Mynd 17, forn tóft austan við austara Leirgilið. Horft til norðvesturs, Hádegishólar í baksýn.

Stóru-Akrar 39

Hlutverk: Óþekkt/landamerkjavarða

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Fjallhóll er stór strýtumyndaður hóll upp í hlíðinni við norðaustarlega á Akraöxlinni.

Lýsing:

Ofarlega á Fjallhóli er hrunin varða og hleðslubrot skammt frá. Varðan er 2x2,3m og hleðslan um 16m VNV við.

Aðrar upplýsingar:

Merki milli Litladals og sameiginlegs beitolands Akratorfubæjanna voru um Fjallhól og eru þessar hleðslur líklega til merkis um það.

Stóru-Akrar – 40

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Fjallhóll er stór strýtumyndaður hóll upp í hlíðinni við norðaustarlega á Akraöxlinni.

Lýsing:

Ofarlega á Fjallhóli er hrunin varða og hleðslubrot skammt frá. Varðan er 2x2,3m og hleðslan um 16m VNV við, nokkrir steinar í hrúgu upp við og að hluta til ofan á stórum steini, ein til tvöföld hleðsluröð.

Stóru-Akrar – 41

Hlutverk: Skotbyrgi

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Framan við Grjótá í um það bil miðri hlíð neðan við mynni Grjótárdals.

Lýsing:

Byrgið er nær hringlaga, 2m í þvm. að utan, með dyraop til suðausturs, ögn hrúnið inn í gættina. En hlaðið upp við stóran stein að norðan. Veggir um 1m háir, allt að 50sm breiðir.



Mynd 18, skotbyrgi í hlíðinni framan (austan) við Grjótá. Austara byrgið af tveimur. Horft vestur.

Stóru-Akrar – 42

Hlutverk: Skotbyrgi

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Elsta grenið er í urð fremst á Grjótárdal, Grjótárdals-greni. Þar hjá er frá fornu fari, vel hlaðið byrgi“ (ÖRI: 17).

Lýsing:

Byrgin eru tvö með tæplega 40m millibili. Syðra og ytra byrgið er ögn hærra upp í brekkunni. Grjóthlaðið nær hringlaga um 2,5m í þvermál. Veggir um 40sm háir og 50sm breiðir.



Mynd 19, skotbyrgi í hlíðinni framan (austan) við Grjótá. Vestara byrgið af tveimur, austara byrgið sést óljóst ofarlega til hægri á myndinni. Horft norðaustur.

Litladalssel

Stóru-Akrar -43

Sérheiti: Litladalssel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir:


Í örnefnaskrá segir: „Tóftir nokkrar skammt framan við Grjótáreyrar heita Litladalssel.“ (ÖMJ: 7). Tóftirnar eru í grónum bolla suðvestan undir svolitlum melhól, upp í hlíðinni austan Grjótár ofan við aðalgötunna fram dalinn eins og þær eru í dag, en önnur gata liggur nokkru ofar fast ofan við tóftirnar.

Lýsing:

Seltóftirnar eru grasi grónar. Um 15x10m að utanmáli og snúa norðaustur-suðvestur. Tóftin er þrí-, eða fjórskipt, gengið inn að norðvestan, inni lítið hólf, 2x1,5m NA-SV, úr því virðist innangengt í hin hólf til suðvesturs (til hægri þegar gengið er inn) 3,5x2,3m NA-SV, til suðausturs (beint áfram þegar gengið er inn) 3x2,4m NV-SA, til norðausturs (til vinstri þegar gengið er inn) 2,7x3m NA-SV. Veggir eru allir ávalir og mikið grónir og tóftin sker sig lítt úr umhverfinu.

Nánari upplýsingar

Í örnefnaskrá segir enn fremur: „Tóftir nokkrar skammt framan við Grjótáreyrar heita Litladalssel. Þar hefur til forna verið sel frá Litladal, þó þetta sé í Akraatorfulandi. Hefur því verið fengið leyfi til selstöðunnar, eða þá að fyrrum hafi Litlidalur átt sambeit við Akramenn, því líkur eru til, að Litladalslandi hafi verið skipt úr Akralandi. Tóftir þessar eru glöggar, þó grasigrónar“ (ÖMJ: 7).



Teikning 4.

Stóru-Akrar – 44

Sérheiti: Litladalssel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lýsing:

Um 3m norðvestan við seltóftirnar er lítil tóft, fast við hugsanlegar kvíar. Tóftin er 4x4m að utanmáli gróin að nokkru komin í þúfur en veggir eru 30-40sm háir. Veggur mót norðvestri horfinn móts við hinar meintu kvíar. Dyr gætu verið mót norðaustri 75sm breiðar mosi í veggjum og gras. Breidd 1-1,2m.

Stóru-Akrar – 23

Sérheiti: Litladalssel

Hlutverk: Óþekkt/kvíar

Tegund: Tóft

Lýsing:

Kvíar 2x7m að innanmáli liggja lægra en selið, ca 160 sm. Mesta hæð 90sm. Gróið grasi og mosa. Að hluta grafnar í brekkuna. Breidd 150sm mest 2m. Austurveggur grafinn í brekkuna að mestu hruninn. Um 15m neðar (norðar) er óljóst hugsanlegt mannvirki niðurgrafið 5,2x2,7m að innanmáli opið til norðvesturs. Götur liggja eftir dalnum rétt neðan við frá austri til vesturs.



Mynd 20, Litladalssel, seltóftirnar, horft til vesturs.

Stóru-Akrar – 45

Sérheiti: Litladalssel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Um 80m norður af hinum meintu kvíum á Litladalsseli er hrunin varða eða hleðslubrot.

Lýsing:

Hleðslan er um 160x115sm í ummál og um 30sm há, á malarbakknum ofan við Djúpadalsá.



Mynd 21, hleðsla á melbrún norðan við Litladalssel. Horft suðurs heim að selinu.

Stóru-Akrar – 60

Sérheiti: Litladalssel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir:

Óljós niðurgröftur undir melhól um 15m niður af hugsanlegum kvíum á Litladalsseli.

Lýsing:

Niðurgröfturinn er um 2,5x5m að innanmáli og liggur nálega norður suður en um 1m breið og 3m löng renna gengur útúr norðvesturhorni niður að götu sem liggur eftir legu dalsins nálega austur-vestur.

Akrasel

Stóru-Akrar – 46

Sérheiti: Akrasel

Hlutverk: Sel/híbyli/beitarhús

Tegund: Tóftahóll

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Aðalsel jarðarinnar er hins vegar frammi á Akradal, svonefnt Akrasel (65°33'127/19°12'467), litlu framan en á mótis við ármótin þar sem Djúpadalsá rennur í Heimdalsána, um 60-70 m upp frá bakkanum. Þangað er 1-2 klukku-tíma gangur heiman frá bæ“ (BS IV: 238).


Lýsing:

Beitarhúsatóftir frá 20. öld standa á 1-1,5m háum tóftahóli, sem er um 20x20m í ummál og eru líkur til að sel-tóftirnar séu þar undir, auk bústaðarins frá 1801-2 og beitarhúsanna frá 1856-84.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fornar tóftir (65°33'122/19°12'440) eru skammt sunnan við beitarhúsatóftirnar. Sýnast vera selkofar en veggjalag er orðið ógreinilegt vegna þýfis. [...]“ (BS IV: 238). Meintar kofa-

tóftir sem Hjalti Pálsson skráði austan við tóftahólinn fundust ekki á vettvangi og virðist stórþýfið þar vera náttúrulegt, þótt ekki sé hægt að afskrifa þetta með öllu án frekari rannsóknar. Enn segir í Byggðasögu: „Vitað er að á Akraseli hírðust fátæk hjón eitt ár í selkofunum. Samkvæmt kirkjubók Miklabæjarprestakalls voru Finnur Finnsson og Guðrún Jónsdóttir þar fardagaárið 1801-1802. Þar fæddist þeim drengurinn Daníel 3. febrúar 1802 sem síðast var búandi í Minna-Felli í Sléttuhlíð. Vorið 1802 fóru þau úr Akraseli til búskapar að Syðstu-Grund 1802 og er ekki vitað um búsetu fólks í Akraseli eftir það [...] Þegar Jón Jóhannesson bjó á Stóru-Ökrum 1859-1884 hóf hann húsbyggingu á Akraseli á Akradal. Hugðu menn að þar ætti að vera selbygging en urðu þó ekki nema beitarhús. Hafði Jón þar fé í fáein ár. Var beitarhúsaganga þar löng og örðug. Jón var hinn mesti atorkumaður en þótti



Teikning 5.

ágengur við nágretta. [...] Laust eftir 1920 byggði Jón Gíslason í Miðhúsum beitarhús frammi á Akraseli og hélt út í 2-3 vetrarparta en gafst svo upp því þarna er léleg vetrararbeit og meðan hann þrakaði við þetta fékk hann að brúa ána og reka féð til beitar yfir í Tungufjall. Síðan bar hann taðið í pokum á bakinu heim. Heyskapur var þarna mjög lélegur en eitthvað reyndi hann að reita saman í kring því ekkert hey flutti hann uppeftir. Húsatóftirnar eru uppi á hól (65°33'127/19°12'467) sem er brattur að framan, um það bil 50 kinda einföld hús. Dyr hafa verið fram úr báðum króm“ (BS IV: 238).

Stóru-Akrar – 47

Sérheiti: Akrasel

Hlutverk: Beitarhús (frá 20. öld)

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Efst á sjálfum tóftahólnum eru leifar beitarhúsa frá 20. öld.

Lýsing:

Tóftin er 12,5m löng og 6,5m breið og snýr NNA-SSV, einföld garðahús með tvær dyr til norðvesturs inni sitthvora króna, engin heytóft eða hlaða virðist hafa verið við húsin. Hæð veggja er á bilinu 30-40sm. Breidd garða um 60sm, en veggja um 130-160sm. Grjót sést víða en hleðslur eru algrónar og að því er virðist niður troðnar af ágangi búfjár.

Stóru-Akrar – 48

Sérheiti: Akrasel

Hlutverk: Óþekkt/Kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Um 3m suðvestur af tóftahólnum er aflöng að því er virðist tvískipt tóft.

Lýsing:

Tóftin liggur NNV-SSA með dyr til austurs ögn sunnan við miðju. Hugsanlega er tóftin tvískipt, norðara hólfid stærra 7,5x2m að innanmáli með dyrnar út syðst á austurvegg en dyr inni minna hólf til suðurs, sem er um 2,5x2m. Veggir eru um 1m breiðir og 40sm háir og vel greinilegir en hvergi sést í grjót. Tóftin er öll vel gróin og sker sig lítt úr umhverfinu og virðist töluvert eldri en tóftirnar sem eru á sjálfum hólnum.

Stóru-Akrar – 49

Sérheiti: Akrasel

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fornar tóftir (65°33'122/19°12'440) eru skammt sunnan við beitarhúsatóftirnar [átt er við beitarhúsatóftir Jóns Gíslasonar á Akraseli]. Sýnast vera selkofar en veggjalag er orðið ógreinilegt vegna þýfis. Einnig sjást minjar um stórar kvíar (65°33'119/19°12'484) og aðrar stórar kvíar eru í þúfunum rétt utan og ofan við beitarhúsatóftirnar, 14 m langar“ (BS IV: 238).

Lýsing:

Hnitpunkturinn sem er gefinn upp lendir á áður nefndum kvíum rétt utan og ofan við beitarhúsatóftirnar sem eru 14m langar og var líst hér að ofan, hugsanlega er hér einhver

ruglingur á ferðinni og aðeins um eina tóft að ræða frá upphafi, í það minnsta fundust aðeins þessar einu hugsanlegu kvíar á vettvangi í september 2008.



Mynd 22, horft til norð-norðausturs yfir beitarhúsatóftir á Akraseli (nr. 47), nær á myndinni eru óþekkt 14m löng tóft (nr. 48), hugsanlega kvíar frá selinu.

Jarðfundnar minjar

Stóru-Akrar – 53

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Jarðfundnar minjar

Staðhættir:

Í minnispunktum Guðnýjar Zoëga fornleifafraeðings sem fór með framkvæmdaefirlit vegna lagningar heitaveitu í Akrahreppi í október og desember 2005, segir: „Í skurði sem lá norðan heimreiðar vestan neðstu útihúsanna á Stóru Ökrum fundust mannvistarleifar undir 1104 laginu. (E 485257,695 N 559911,374).“ (GZ 2005, 1).

Lýsing:

Þarna er unnið tún og engin merki um minjar sýnileg á yfirborði.

Stóru-Akrar - 54

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Jarðfundnar minjar

Staðhættir:

Í minnispunktum Guðnýjar Zoëga fornleifafraeðings sem fór með framkvæmdaefirlit vegna lagningar heitaveitu í Akrahreppi í október og desember 2005, segir: „Í skurði sem lá í gegn um bílastæðið norðan Héðinsminnis kom fram torfveggur úr gulleitu torfi sem í var forsöguleg gjóska (H3) en engin merki um aðra gjósku. Líkist torfinu í Keldudal. (E 485383,121 N 559858,204).“ (GZ 2005, 1). Torfið sem vísað er til var í veggjum skála sem kom í ljós undir kirkjugarði frá 11. öld í Keldudal í Hegranesi.

Lýsing:

Þarna er malarborið bílaplan og engin merki um minjar sýnileg á yfirborði.

Stóru-Akrar - 28

Sérheiti: Bænhúsvöllur

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Jarðfundnar minjar

Staðhættir:

Svokallaður Bænhúsvöllur er norðan við malarplan sem er norðan heimreiðarinnar, upp að Stóru-Ökrum 1 og Brekkukoti, norðan Héðinsminnis. Í örnefnaskrá segir: „Bænhúsvöllur heitir út undan gamla bænum, ofan við götuna, sem fyrir nefndist Heimreiðargata; þar var bænhús á fyrri öldum, en löngu seinna var þar byggt fjárhús, er stóð þar til fyrir 15 árum; þá var það rífið, en er ávallt kallað Bænhús“ (ÖMJ: 1).

Lýsing:

Þarna er unnið tún og engin merki um minjar sýnileg á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Kirkjan stóð skammt norðan við bæinn, ca. 50-60 metra, og litlu neðar í landinu. [...] Hins vegar nokkru ofar en bæjarstæðið farna frá 11. öld sem fannst við lagningu hitaveitunnar sumarið 2005. Þar hét Bænhúsvöllur sem hefur nú verið spillt þar sem suðurhluti kirkjugarðsstæðisins var jafnaður með vélum og malborinn fyrir sparkvöll í tengslum við Stóru-Akraskóla. Áður var búið að jafna út merki um kirkjutóftina og garðinn. Um miðjan fjórða áratug 20. aldar var grafin vatnsleiðsla úr uppsprettu rétt utan við Hringshúsin heim í gamla bæinn og farið ofan við Bænhúsvöllinn. Skömmu fyrir 1950 var grafin ný vatnsleiðsla og þá farið nær kirkjustæðinu. Kom þá upp allmikið af mannabeinum af 70-80 cm dýpi. Voru þau látin í kassa og síðan aftur ofan í skurðinn.“ (BS IV: 235). Það er þó rétt að taka það fram í fyrsta lagi að fornleifafundurinn árið 2005 leiddi aðeins í ljós mannvistarleifar frá því fyrir 1104 en í sjálfu sér er ekki öruggt að þar hafi verið sjálft bæjarstæðið þótt það sé vel hugsanlegt, í öðru lagi var skurðurinn sem leiddi í ljós mannabeinin samkvæmt Sigríði Sigurðardóttur um 50m norðan við sparkvöllinn og því hæpið að um sama kirkjugarð sé að ræða og hvarf að hluta undir hann. Annað hvort er því um tvo kirkjugarða að ræða eða einhvern misskilning um staðsetningu annars hvors, beinafundarins eða kirkjugarðsleifanna.

Óstaðsettar minjar

Stóru-Akrar - 51

Sérheiti: Sviðningur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Örnefnið Sviðningur er nefnt í máldaga Akrakirkju: „Fyrst teig þann er Sviðningur heitir og liggur fyrir Ökrum með garðgjörð og þerrivöllum“ (DI XII, 26-27). Örnefnið þekkist ekki í dag samkvæmt Sigurði Björnssyni.

Lýsing:

Staðsetning minjanna er óljós og þær fundust ekki á vettvangi.

Stóru-Akrar – 62

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í Byggðasögu: „Þegar hann [Skúli sýslumaður] bjó á Stóru-Ökrum rann Gegnir þar niður undan en Héraðsvötn fjær. Brú var yfir Gegni og á henni farið með heyband“ (BS IV: 239).

Lýsing:

Engin merki um þessa brú eru sýnileg í dag.

Stóru-Akrar – 55

Hlutverk: Skurður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Samkvæmt Sigurði Jólssyni var handgrafinn skurður í Norðurmyri, sem lá niður í Kílinn.

Lýsing:

Engin ummerki um skurðinn fundust á vettvangi.

Stóru-Akrar – 56

Sérheiti: Skúlastekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Skúlastekkur var á miðju Lækjarnesi, um 30-40 m sunnan við Pálsstokk samkvæmt Sigurði Björnssyni og Maríu Helgadóttur.

Lýsing:

Búið er að slétta úr öllu á þessu svæði og bylta í ræktarland.

Aðrar upplýsingar:

Um stekkin segir í örnefnaskrá: „Milli Pálsstokks og Dalsár, þó nær ánni, er rúst, sem heitir Skúlastekkur. Ekki dregur það nafn af Skúla fógeta, sem bjó í Ökrum um hríð, heldur af Skúla Bjarnasyni, sem bjó á Ökrum um 1853 [1853-1854], og byggði þarna stekk eða rétt, sem eyðilagðist eftir fáein ár“ (ÖMJ: 3). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þessi örnefni eru ekki lengur sýnileg því að allt þetta land hefur verið ræktað og skorið fram í beinum skurðum sem tekið hafa við áður nefndum síkjum“ (BS IV: 237).

Mosagrund/Grundarkot

Stóru-Akrar – 59

Sérheiti: Mosagrund/Grundarkot

Hlutverk: Híbyli

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Jarðabókin 1713 getur Mosagrundar sem örnefnis milli Minni-Akra og Róðugrundar (Syðstu-Grundar).“ (BS IV: 238).

Lýsing:

Engar tóftaleifar eru sýnilegar á þessu svæði og óljóst hvar nákvæmlega býlið hefur staðið.

Aðrar upplýsingar:

Í jarðabókinni segir: „Þar hefur ekki byggð verið í allra manna minni, sem nú lifa, og sést hér lítið til tóftaleifa en ekki annarra byggðamerkja. Þó segir skjal jarðarinnar Stóru-Akra að hér hafi byggð verið og er eitt talið með ítökum jarðar þeirrar og brúkar nú landsdrottinn sjálfur þetta land til beitar árlega sér til gagnsmuna“ (JÁM IX: 181). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Árið 1609 gaf Jón Björnsson vitnisburð um landamerki Litladals og Akratorfu. Hann var þá rúmlega sextugur og hafði búið níu ár á Minni-Ökrum en faðir hans á undan honum tvívegis. Hann segir þá hafa verið haldið Stóri-Akra land út yfir alla Læki, þ.e. landsvæðið sem enn kallast Lækir, norður frá Djúpadalsá, austan vegar. „Því Grundarkot fyrir sunnan Róðugrund (Syðstu-Grund) væri Stóru-Akra landeign en landamerki milli Grundarkot og Róðugrundar var haldinn sá lækur sem rann utanvert við Grundarkot og netnæmir fiskar gengu í. En nú er sá lækur orðinn fyrir utan Djúpadalsá sem enn sér farveginn til og nokkurn part með af Grundarkotvelli, eftir því sem Björn Þorsteinsson hefur einnig vitni um borið“ (Þjsks.: Jaðraskjöl úr Skagafirði. AM apogr. 3916). Að ofangreindum heimildum er svo að skilja að til hafi verið býli sem hét Mosagrund eða Grundarkot á landsvæðinu sunnan við Syðstu-Grund en í landi Stóru-Akra. Það er einkennileg og óútskýrð samsvörun að þessi sömu nöfn eru einnig á hjáleigu í landi Þorleifsstaða (sjá Grundarkot hér aftar) en þar virðast þau engan veginn ríma við umhverfi og landshætti. Samt getur ekki verið um sama bæ að ræða. Ekki hefur tekist að finna minjar um Mosagrund og má líklegt telja að jörðin hafi verið ofarlega á Lækjunum, á svæði sem Djúpadalsá hefur nú borið yfir möl og grjót“ (BS IV: 238).

Flugumýri í Blönduhlíð



Mynd 23, horft yfir Flugumýri af norðurenda Bygghóls. Flugumýri I, tvíbýli í stóra hvíta húsinu við kirkjuna. Flugumýri II, hvítt hús með bláu þaki ofan við fjósið til hægri á myndinni. Timburklætt hús niður á túninu lengst til vinstri á myndinni er íbúðarhús Jóns Ingimarssonar og Sigríðar Valdímarsdóttur. Réttarholt sést í fjarska þar fyrir ofan. Gamli bæjarlækurinn sést líðast niður eftir hlíðinni í gegnum Kofatún með stefnu á Kirkjuna.

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Land Flugumýrar er tvískipt. Aðallandið liggur að Torfmýri og Djúpadal að sunnan, Miðgrund og Réttarholti að vestan, Flugumýrarhvammi, Bjarnastöðum, Frostastöðum og Þverá að norðan, hreppamörkum Hólahrepps móts við Reyki á fjallgarðinum að austan. Hinn hluti Flugumýrarlands er spilda vestan Siglufjarðarvegar móti landi Þormóðsholts og Bjarnastaða. Réttarholt á land sunnan spildunnar en Hjalli að norðan. Að vestan eru Héraðsvötn. Þar liggja þrjú hólmar milli kvísla Héraðsvatna tilheyrandi Flugumýri: Klapparhólmi, Ytri- og Syðri-Flugumýrarhólmi.“ (BS IV: 150).

Flugumýri á stakan jarðarpart neðan við Þormóðsholt, sem óvíst er að hafi tilheyrt jörðinni samfleytt í gegnum aldirnar, þótt svo kunni að hafa verið í öndverðu. Þá fylgdu jörðinni fjórar hjáleigur um tíma sem urðu síðar aftur hlutar heimajarðarinnar (Litlibær og Bygghóll) eða sjálfstæðar bújarðir (Torfmýri og Réttarholt). Þessar jarðir áttu sameiginleg beitarlönd lengi vel og minjar utan túns og í úthögum geta því hafa tilheyrt þeim sitt á hvað. Auk þess geta minjar í heimatúninu í grennd við Flugumýri II, hafa tilheyrt Litlabæ sem var á svipuðum slóðum frekar en aðaljörðinni.

Þessi skráning nær yfir land Flugumýrar I og II eins og lönd skiptast í dag, en ekki var farið langt fram á Flugumýrardal, né fram í Austurdal (upp af Þverá). Á þessum dölum er aðeins heimild um eitt smalabyrgi (við Smalhóla á Flugumýrardal). Í báðum dölunum er undirlendi með minnsta móti og lítilla minja að vænta þótt þar kunni að leynast fleiri smalabyrgi og vörður.

Söguágrip

Ítarleg umfjöllun er um sögu Flugumýrar í *Byggðasögu Skagafjarðar*, 4. bindi, sem út kom árið 2007, í ritstjórn Hjalta Pálssonar, á bls.150-166. Hér er því stiklað á stóru í sögu jarðarinnar og vísað til umfjöllunar byggðasöguritaranna að öðru leyti.

Flugumýri í Blönduhlíð er landnámsjörð⁴² Þóris dúfunefs, sem var leysingi Yxna-Þóris.

„Hann kom skipi sínu í Gönguskarðsárós. Þá var byggt hérað allt fyrir vestan. Hann fór norður yfir Jökulsá að Landbroti og nam land á milli Glóðafeykisá og Djúpár og bjó á Flugumýri. Í þann tíma kom út skip í Kolbeinsárósi, hlaðið kvikfé, en þeim hvarf í Brimnesskógum mertryppi eitt, en Þórir dúfunef keypti í henni vonina um að finna hryssuna og fann hana. Það var allra hrossa skjótast og var kölluð Fluga.

Örn hét maður. Hann fór landshorna á millum og var fjölkunnugur. Hann sat fyrir Þóri í Hvinverjadal, er hann skyldi fara suður Kjöl, og veðjaði við Þóri, hvors hross mundi skjótara, því að hann hafði allgóðan hest, og lagði hvor þeirra eitt hundrað silfurs. Þeir riðu báðir suður um Kjöl, þar til er þeir komu á skeið það, er síðar er kallað Dúfunefsskeið. En eigi varð minni skjótleiksmunur hrossa en Þórir kom í móti Erni á miðju skeiði. Örn undi svo illa við félat sitt, að hann vildi eigi lifa og fór undir fjallið, er nú heitir Arnarfell, og týndi sér þar sjálfur, en Fluga stóð þar eftir, því hún var mjög móð.

En er Þórir kom af þingi, fann hann hest föxóttan og gráan hjá Flugu. Við honum hafði hún fengið. Undir þeim var alinn Eiðfaxi, er utan var færður og var sjö manna bani við Mjörð á einum degi, og lést hann þar sjálfur. Fluga týndist í feni á Flugumýri.“⁴³

Á miðöldum var Flugumýri ein af höfuðbólum Ásbirninga, sem var ein völdugasta ætt landsins fram á 13. öld. Þá hófst Sturlungaöld sem svo var kölluð og nefnd var eftir ungum kappsfullum höfðingjum af ætt Sturlunga, sem komu að vestan og sunnan og börðust um yfirráð í Skagafirði við Ásbirninga.

Flugumýrarkirkja var alkirkja helguð Pétri postula á kaþólskum tíma.⁴⁴ Hennar er fyrst getið 1253 er brúðkaup var haldið þar og kirkjustólar voru teknir inn til að sitja á í veislunni.⁴⁵ Flugumýrabrenna var í kjölfarið. Þá bjó þar Gissur Þorvaldsson, höfðingi af ætt Haukdæla sem var í bandalagi við Ásbirninga, sem réðu flestu í Skagafirði þar til að Þórður Kakali sem hafði báðar ættir, Sturlunga og Ásbirninga í ættboga sínum, náði völdum í Haugsnesbardaga árið 1246. Tildrög Flugumýrabrennu voru þau að Hákon Noregskonungur lét Gissur hafa völd Þórðar kakala Norðanlands að honum óspurðum, en Þórður hafði farið til Noregs 1252 og sett Eyjólf ofsa yfir ríki sitt í Skagafirði. Bæði Þórður og Gissur voru hirðmenn konungs, en Þórður var fallinn í ónáð. Skagfirðingar fögnuðu Gissuri sem rak Eyjólf burtu og voru eftir keypti hann Flugumýri og flutti þangað með konu sinni Gróu Álfsdóttur, Halli syni

⁴² *Íslendinga sögur I*, 1946. Bls. 146.

⁴³ *Íslendinga sögur I*, 1946. Bls. 146.

⁴⁴ *DI IV 1265-1449*, 1897. Bls. 511.

⁴⁵ *Sturlunga saga II*, 1946. Bls. 482.

sínum og öðru heimilisfólki, um 30 manns. Brúður Halls var Ingibjörg, dóttir sagnaritarans Sturlu Þórðarsonar. Brúðkaupsveisla þeirra var hin besta veisla, en eftir brúðkaupið, mættu síðustu gestirnir voru á heimleið Eyjólfli með 42 manna bardagabúið lið. Menn Gissurar vörðust en orrustan var hörð en heimamönnum og þegar þessir óboðnu gestir gátu ekki sótt á þá með vopnum, þegar þeir læstu rammyggðum húsunum, ákváðu þeir því að kveikja í. Alls brunnu tuttugu og fimm manns inni, en Gissur sjálfur bjargaði sér á ótrúlegan hátt með því að skriða ofan í sýruker í skyrbúri, og urðu brennumenn hans ekki varir.

Árið 1360 keypti Jón biskup skalli Flugumýri fyrir Holtastaði í Húnavatnssýslu⁴⁶ og um margar aldir var jörðin ein af höfuðjörðum Hólastóls og prestastefnustaður.

Árið 1388 er fyrst getið um hjáleiguna Réttarholt (sem er sennilega miklu eldri).⁴⁷

Í máldaga frá 1432 kemur fram að kirkjan var helguð heilögum Pétri og átti mikið lausagóss og 4 kýr.⁴⁸

Landamerkjabréf frá árinu 1445 greinir frá því að merki Flugumýrar og Djúpadals (ritað Ytra-Djúpadals) séu „rétt í vestur“ frá merkjum Hólastaðar eftir öllu fjallinu (fjallgarðinum sem skilur að Flugumýrardal og Heimdal) í Feykis nauf og réttsýnis þaðan í ytri nautaskálarenda og í steingarð sem nú er horfinn.⁴⁹

Flugumýri er prestsetur í alkirkjutali 1461⁵⁰ og í sóknar- og alkirkjutali Guðbrands biskups 1569.⁵¹ Þá var þar enn útbú frá Hólum þar sem stóllinn átti fjölda búfjár.⁵² Jörðin var lánuð presti 1574 því tíundir kirkjunnar stóðu ekki undir upphaldi prests⁵³, en aðrar heimildir eru ekki um þann ráðahag.

Árið 1569 er fyrst getið hjáleigunnar Bygghól (en er sennilega miklu eldri). Síðast byggt 1843.⁵⁴

Árið 1713 var Flugumýrarkirkja með hálfkirkjustöðu og embættað þar annan hvern sunnudag.⁵⁵ Jörðin var metin á hundrað hundruð. Biskupsstóllinn á Hólum hélt stólsbú á hálfri jörðinni og hafði við það verkafólk á launum. Á stólpartinum ganga 30 hestar til gjafar og 20 til útgangs á Borgarey.⁵⁶ Ábúandi á hinum helmingi jarðarinnar var leiguliði stólsins og greiddi fyrir með vörslu, heimrekstri málnytu að sumri (gætti kvíaáanna), landaurum og smjöri.⁵⁷ Helstu hlunnindi jarðarinnar voru góð torftaka og reiðingsrista, en bæjarlækurinn spillti túninu oft stórlega og grjótskriður úr fjallinu spillti úthögunum. Mósukurður er talinn hafa verið en ekki nýttur um þetta leyti.

⁴⁶ *DI III, 1269-1415*, 1896. Bls. 109.

⁴⁷ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, Akrahreppur, 2007. Bls. 150-166.

⁴⁸ *DI IV 1265-1449*, 1897. Bls. 511.

⁴⁹ *DI IV 1265-1449*, 1897. Bls. 511. *DI IV 1265-1449*, 1897. Bls. 668.

⁵⁰ *DI. V, 1330—1476*, 1899-1902. Bls. 360.

⁵¹ *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar, 1919-1942*. Bls. 279.

⁵² *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar, 1919-1942*. Bls. 270.

⁵³ *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar, 1919-1942*. Bls. 351.

⁵⁴ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, Akrahreppur, 2007. Bls. 150-166.

⁵⁵ *Jarðabók IX, 1930*. Bls. 195.

⁵⁶ *Jarðabók IX, 1930*. Bls. 186.

⁵⁷ *Jarðabók IX, 1930*. Bls. 185.

Torfmýri var hjáleiga jarðarinnar, en hafði verið í eyði frá því um aldamótin 1700⁵⁸ og á gömlu fjárhússtæði sem hét Bygghóll var talið að hefði verið fornbylí.⁵⁹

Flugumýri var prestastefnustaður um aldir og ein af bújörðum Hólastóls þar sem stóllinn var með fjölda búfjár.⁶⁰ Árið 1805 var jörðin seld undan Hólastól og varð bændaeign. Það ár var stofnað þar lestrarfélag.⁶¹

Árið 1840 var byggð upp hjáleigan Litlibær og 1844 eða 5 var hjáleigan Torfmýri seld frá jörðinni.⁶²

Árið 1845 var jörðinni svo lýst: „Litlu neðar og norðar í röðinni, undir Glóðafeyki, töðuvöllur mikill og góður, engi víðslægt, en vott. Létt fyrir ásauð, en betra fyrir kýr á sumrum; óaðskilin frá jörðinni er enn Borgarey, nú orðin vestan Héraðsvatna, beitarhús á Bygghól. Þar er vatnsmylna, vatnsból ágætt, sæmileg vetrararbeit, bær reisulegur; þar þekkjast enn Flugufen, Hestavígshamar og virkisaurmálið. - a) Torfmýri, nú byggð úr eyði. b) Litlibær, nýbylí, hvorutveggja byggt úr Flugumýrarlandi“.⁶³

Í jarðabók J. Johnsen frá árinu 1847 kemur fram að Flugumýri var í bændaeign. Verðmæti hennar var 100 dýrl., landsk. 3,20, kúg. 10 og ábúendur voru 2 leiguliðar. „Hreppstjóri einn telur Flugumýri sér 80 h., og Litlabæ (sem jarðabækurnar eigi nefna) og Torfmýri, hvora hjáleiguna um sig, 10 h. að dýrleika, en Bygghól, sem A. M. nefnir í eyði og prestur nú bygðan, nefnir hreppstjóri eigi.“⁶⁴

Árið 1861 er Flugumýri metin 55,6 hundruð eftir nýju mati.⁶⁵

Árin 1880-1881 var haldinn kvennaskóli Skagfirðinga á Flugumýri.⁶⁶

Árið 1896 var hjáleigan Réttarholt seld undan jörðinni.⁶⁷

⁵⁸ *Jarðabók IX, 1930.* Bls. 186.

⁵⁹ *Jarðabók IX, 1930.* Bls. 186.

⁶⁰ *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar, 1919-1942.* Bls. 270.

⁶¹ *Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur, 2007.* Bls. 150-166.

⁶² *Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur, 2007.* Bls. 150-166.

⁶³ *Sýslu- og sóknarlýsingar II, 1954.* Bls. 105.

⁶⁴ J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi, 1847.* Bls. 266.

⁶⁵ *Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861.* Bls. 104.

⁶⁶ *Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur, 2007.* Bls. 150-166.

⁶⁷ *Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur, 2007.* Bls. 150-166.



Mynd 24, teikning Johannesar Klein af Flugumýri árið 1898. Eigandi, HSk.



Mynd 25, bær og kirkja á Flugumýri árið 1896, ljósm. Daniel Bruun (HSk).

Árið 1930-31 var byggð ný steinsteypt kirkja og 1949 var steypt upp nýtt íbúðarhús og torfbærinn og gamla kirkjuhúsið voru rifin.⁶⁸

Á Flugumýri er nú tvískiptur búrekstur; annarsvegar mjólkurkúabú og hinsvegar hrossaræktarbú og ferðapjónusta.

⁶⁸ Byggðasaga Skagafjarðar IV, Akrahreppur, 2007. Bls. 150-166.

Fornleifaskrá

Í heimatúni

Flugumýri – 1

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Gamli bærinn stóð þar sem íbúðarhúsið á Flugumýri I stendur í dag, það var byggt norðan við syðsta húsið í bæjarröðinni eins og það sést á mynd Daniels Bruun frá árinu 1896 (sjá sögukafla).

Lýsing:

Engar minjar um gamlabæinn eru sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í júní 1804 var gerð úttekt húsanna. Baðstofan virðist að vísu hafa verið sæmileg en flestar aðrar byggingar lítt að gagni: Hús suður af baðstofu, fullt af mold og skarni, 2 stafgólf. Húsið fallið að viðum. Búr fullt af hroða, fallið að viðum og veggjum. Búr annað, veggir stæðilegir á þrjá vegu. Eldhúsveggir gamlir og moldrunnir og hrundir sums staðar. Skálahús, brotið og fallið að viðum og veggjum. Göng frá baðstofu til bæjardyra, fúin brotin og ónýtt, gamlir lélegir veggir. Stofunefna, húsið snarað og liggur á hliðinni en veggir stæðilegir. Smiðja, húsið nærri dottið inn, lítt nýtt og lélegt að öllu. Álag vegna niðurníðslu húsanna var metið samtals 128 rd. u.þ.b. 1/6 hluti jarðarverðsins.“ (BS IV: 154).

Flugumýri – 2

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Kirkja og kirkjugarður hefur staðið vestan við núverandi kirkjugarð árið 1896 eins og sést af mynd Daniels Bruun.

Lýsing:

Umfangsmikill en lágur hóll í túninu vestan við núverandi kirkjugarð, af áðurnefndri mynd að dæma virðist kirkjan áður hafa staðið á því svæði og kirkjugarðurinn þá jafnvel skarast örlítið við vestasta hluta núverandi kirkjugarðs.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá segir: „Í

vestur frá kirkjugarðinum á Flugumýri, á að gizka í 25-30 metra fjarlægð, en í suðvestur frá íbúðarhúsinu, sem nú er, er lág hólvera, og á hólnum er lítið tóptarbrot. Ekkert nafn er á þessari litlu rúst, en Jón bóndi á Flugumýri taldi líklegt, að þarna hefði kirkjan staðið á Sturlungaöld. Benti hann á, að þetta staði bezt heima við það, er í Sturlungu stendur um brottför brennumanna, því að þeir riðu „úr garði, áleiðis til Hóla, og af grundinni utan við



Mynd 26, á hávaðanum framan (vestan) við kirkjuna stóð torfkirkja, með torfgarði umhverfis eins og sést á mynd Daniels Bruun frá 1896 (sjá sögukafla). Búið er að slétta úr öllu og lækka hólinn nokkuð.

túnið, þar sem leið þeirra lá, gátu þeir séð, þegar maður var borinn í kirkjuna.“ (ÖMJ: 6-7). Í aftanmálgrein segir: „Ég athugaði þessa tilgátu Jóns og tel hana sennilega. Í Sturlungu segir svo (III, 290): „Þá var í dagan, (þ.e. þegar brennunni var lokið), stigu brennumenn þá á bak ok riðu út úr garði. Fótar-Örn reið síðast ok segir Eyjólf, at hann sá mann ganga til kirkju ok var leiddur.“ Af grundinni norðan við túnið sést þetta því aðeins, að kirkjan hafi staðið vestar en bærinn og þó eigi langt frá, sem sjá má af brennusöggunni. Hólrústin er með sömu ummerkjum nú sem þegar Jón settist að á Flugumýri, en vel getur hún verið leif af öðru húsi, þó að kirkja hefði staðið þar fyrrum. Held ég, að annar staðar verði ekki líklegri fundinn, þó að bærinn hefði staðið, þar sem „Skáli Gissurar“ stóð, að álitum Sigurðar Vigfússonar (Árb. 1888-92, bls. 88).“ (ÖMJ: 11-12). Í örnefnaskrá segir: „Skraddarahóllinn, sem virðist vera sami hóllinn og Sigurður Vigfússon telur vera brunarúst af skála Gissurar Þorvaldssonar frá 1253, [...] er örskammt suðaustan við tvílyfta íbúðarhúsið og nær suður fyrir austan kirkjuna. Hann mun vera óhreyfður og á honum hafa verið gróðursett fáein tré, enda er hann austast í trjágarði sunnan við húsið. Austan undir hólnum er nú vegur, sem liggur suður á tún. [...] Heimildarmaður [Jón Ingimarsson] telur fráleitt að Skraddarahóllinn sé leif af skála Gissurar, eða að skálinn hafi verið á þeim hól. Skraddarahóllinn er ekkert annað en uppgróinn öskuhóll (eða öskuhaugur), aska og bein alveg suður úr. Hann nær suður austan við kirkjuna, en hefur verið eitthvað lækkaður syðst.” (ÖRI: 21).

Flugumýri – 3

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Kirkja og kirkjugarður hefur staðið vestan við núverandi kirkjugarð árið 1896 eins og sést af mynd Daniels Bruun.

Lýsing:

Þar er umfangsmikill en lágur hóll í túninu.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá segir: „Jón Ingimarsson telur vera miklar líkur til, að kirkjan hafi staðið á smáhól framan (vestan) við núverandi (2003) kirkjugarð. Núverandi kirkja var byggð ofan við kirkjugarðinn, eins og hann var þá, en þó komu upp mannabein rétt framan við kirkjuna. Garðurinn var stækkaður bæði til austurs og vesturs og séra Lárus vígði þá útauka um 1941-1942.“ (ÖRI: 18).

Flugumýri – 4

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Beðasléttur voru í túninu, en er nú allar horfnar og voru þær síðustu endurunnar árið 2000. Síðast eða lengst var beðaslétta ca. 60 metra suðvestur af kirkjugarðshorninu, en hún er nú einnig horfin.“ (ÖRI: 18).

Lýsing:

Þarna eru nú slétt tún og engar beðasléttur sjáanlegar.



Mynd 27, mynd tekin um 1946 ofan við bæjarstæði Litlabæjar. Beðasléttur sjást í túninu neðst á myndinni, gamli bærinn og yngri útihús í baksýn. Fjánhús og hesthús að hluta til hlaðin úr torfi (Flugumýri - 18) sjást vinstramegin við miðja mynd, með ljósum stafni. Ljósmynd úr Byggðasögu Skagafjarðar, bls. 165.

Flugumýri – 75

Sérheiti: Kofatún

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Um 100m suðaustur af kirkjunni.

Lýsing:

Engar minjar sáust á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá segir: „Tún suðaustur af kirkjunni nefndist kofatún.“ (ÖRI: 18). Þar voru fjánhús samkvæmt Jóni Ingimarssyni, um 10-15m frá læknum. Sambyggðir í röð tveir kofar og garðahús.

Flugumýri – 5

Sérheiti: Kofatún

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Um 100m suðaustur af kirkjunni.

Lýsing:

Engar minjar sáust á yfirborði

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá segir: „Tún suðaustur af kirkjunni nefndist kofatún.“ (ÖRI: 18). Samkvæmt Jóni Ingimarssyni voru beðasléttur í Kofatúni sunnan og ofan við lækinn

Flugumýri – 6

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Milli íbúðarhússins og kirkjunnar á Flugumýri.

Lýsing:

Þarna er annars vegar garður umhverfis íbúðarhúsið og hins vegar kirkjugarðurinn.

Aðrar upplýsingar:

Í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1888-92 segir Sigurður Vigfússon: „Það er sýnilegt, að bærin á Flugumýri hefur verið færður úr stað frá því í gamladaga. Fáum föðmum frá landsuðrshorni bæjarins stendr hóll, ákaflega mikill, um 24 faðma á lengd, enn miklu mjórri. Hlið hans, sú er að fjallinu snýr, er nokkurn veginn bein, enn mjög brött. Það er almenn sögn, mann fram af manni, þeirra er á Flugumýri hafa búið og búa, að á hólnum hafi staðið *skáli Gizzurar*, og að hóllinn sé ekki annað enn brunarústir; enn tóftalögun verður alls engin séð. [...] Kirkjan stendr núna beint niður undan hólnum, enn í útsuðr frá bænum. Stór kálgarður er nú fyrir neðan hóllinn, millum hans og kirkjunnar.“ (SV: 88).



Mynd 28, Skraddarahóll horft til vesturs. Tvær kartöflugeymslur eru grafnar inn í hóllinn og lítill kofi er efst upp á norðurhluta hans, fast vestan kofans er um 50sm djúpur niðurgroftur í hóllinn.

Flugumýri – 7

Sérheiti: „Skáli Gizzurar“ / Skraddarahóll

Hlutverk: Öskuhóll

Tegund: Hóll

Staðhættir:

Hóllinn er um 16m suðaustan við íbúðarhúsið á Flugumýri I og liggur NNV-SSA suðaustur fyrir kirkjunna, austan kirkjugarðsins.

Lýsing:

Hóllinn er á að giska 2,5m hár, um 40m langur og um 19m breiður. Hólnum hefur verið raskað töluvert í gegnum árin. Búið er að slétta vesturbrún hólsins fyrir kirkjugarðinn og garðinn við íbúðarhúsið. Þá hefur verið sléttaður reitur syðst í hólnum um 6,5x6,5m. Tvær geymslur eru grafnar inn í hóllinn að austanverðu og ganga um 4-5m inn í hóllinn. Lítil hola um 60sm djúp er grafinn ofan í hóllinn norðanverðann um 2x4,5m og liggur eins og hóllinn.

Aðrar upplýsingar:

Í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1888-92 segir Sigurður Vigfússon: „Það er sýnilegt, að bærin á Flugumýri hefur verið færður úr stað frá því í gamladaga. Fáum föðmum frá

landsuðrshorni bæjarins stendr hóll, ákaflega mikill, um 24 faðma á lengd. enn miklu mjórri. Hlið hans, sú er að fjallinu snýr, er nokkurn veginn bein, enn mjög brott. Það er almenn sögn, mann fram af manni, þeirra er á Flugumýri hafa búið og búa, að á hólum hafi staðið *skáli Gizzurar*, og að hóllinn sé ekki annað enn brunarústir; enn tóftalögun verður alls engin séð. Eg gerði dálitla tilraun með hjálp Þorvalds bónda Arasonar, til þess að taka af tvímæli þar um, og gróf inn í hólinn á tveim stöðum á austrhliðinni, og fann ég þar tóma ösku og mikið af gjalli, enda brunnið grjótt. Það er líka skýrt tekið fram í Sturlungu (sbr. „á inn *eystri* langbekk“ og „á hinn *vestra* bekk“ ii. 157^{13, 18}), að skálinn snöri frá norðri til suðurs, svo sem hóll þessi. Kirkjan stendr núna beint niður undan hólum, enn í útsuðr frá bænum. Stór kálgarður er nú fyrir neðan hólinn, millum hans og kirkjunnar.“ (SV: 88). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sturlungaaldarbærinn hefur að líkindum verið neðan við Skraddarahólinn. Þegar teknar voru grafir um 10 m norðan við kirkjuna kom þar upp talsvert af gjalli og brunaleifum. Annað hvort hefur þar verið smiðja eða minjar um húsbrunann.“ (BS IV: 155). Um Skraddarahól segir enn fremur í Byggðasögunni: „Skraddarahóll heitir sunnan og ofan við íbúðarhúsið og nær suður ofan við kirkjuna. Þetta er forn öskuhóll og engar líkur á að bæjarhúsin hafi staðið þar á Sturlungaöld eins og Sigurður Vigfússon áleit eftir rannsóknarferð sína að Flugumýri 1886.“ (BS IV: 157). Í örnefnaskrá segir: „Að lokum set ég hér sögn, er mér sagði Jón Agnarsson frá Litladal, nú í Reykjavík. Orsök til nafnsins er sagt að sé þessi: Þegar Flugumýri var ein af jörðum Hólastóls, fengu sumar biskupsekkjur jörðina til ábúðar eða afgjaldið sér til uppeldis. Létu þær þá þjónustustúlkur sínar sauma úti á þessum hól, þegar veðrið var gott að vori og sumri. Jón Agnarsson var staddur á Flugumýri vorið 1925, og var þar þá gestkomandi Þorvaldur Arason, og heyrði Jón hann segja frá þessu.“ (ÖMJ: 7). Í aftanmálgrein segir enn fremur: „Þorvaldur ólst upp á Flugumýri og mátti þetta vel vita og hafa numið af Ara, föður sínum, eða öðrum nákunnugum. Líklega er átt við langan hól austan við bæjarhúsin, sama hóllinn sem Sigurður Vigfússon rannsakaði og telur „skála Gissurar“ verið hafa.“ (ÖMJ: 12).

Flugumýri – 8

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Á túnakorti frá 1919 er sýnd skemma rétt norðan við bæinn.

Lýsing:

Sé túnakortið lagt yfir loftmynd lendir þessi skemma rétt norðan við núverandi íbúðarhús á Flugumýri I þar er í dag bílaplan og engin merki um fornleifar.

Flugumýri – 9

Hlutverk: Heimreið (suður)

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Á túnakorti frá 1919 er heimreið sýnd til suðurs frá bænum milli kirkjunnar og þáverandi kirkjugarðs sem hefur verið aðskilinn framan (vestan) við kirkjuna. Frá kirkjunni beygir heimreiðin ögn til suðausturs.

Lýsing:

Ekkert sér eftir af gömlu heimreiðinni til suðurs.

Flugumýri – 10

Hlutverk: Heimreið (norður)

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Á túnakorti frá 1919 er heimreið sýnd til NNV frá bænum. Smá hlykkur er á henni neðan (vestan) við tvö útihús sem eru sýnd í miðju túni beint norður af bænum. Jón Ingimarsson man eftir djúpum tröðum sem lágu út (norður) rétt norðan við hesthúsið á Flugumýri II, og í gegnum steinsteypt hlið sem þar stóð.

Lýsing:

Ekkert sér eftir af gömlu heimreiðinni til norðurs.

Flugumýri – 11

Sérheiti: Sauðhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Sauðhús var sem næst á sama stað og fjárhús nútímans (2003 - 2004) standa á. Þau gömlu hús voru jöfnuð út um 1950.” (ÖRI: 21).

Lýsing:

Þarna standa nú steinsteypt útihús og sér ekkert eftir af eldri húsum á staðnum.



Mynd 29, fjárhús byggð um 1950 á svipuðum slóðum og áður stóðu útihús úr torfi og grjóti, horft til norðausturs.

Flugumýri – 12

Sérheiti: Stefánshús

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Sauðhús var sem næst á sama stað og fjárhús nútímans (2003 - 2004) standa á. Þau gömlu hús voru jöfnuð út um 1950.” (ÖRI: 21). Næst norðan við kom eins hús og á Pálmakofa, kennd við Stefán. Svo kom ris með 4 króm, líklega Sauðahús. Jafnað út þegar fjárhúsin sem nú standa voru byggð um 1950 (JI).

Lýsing:

Engar minjar eru sýnilegar á þessum stað.

Flugumýri – 13

Sérheiti: Valhöll

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Valhöll nefndist hesthús sunnan við Sauðhús. Þar var baðkerið, sem féð var baðað í.” (ÖRI: 21). Samkvæmt Jóni Ingimarssyni var Valhöll óvenju breytt hús með lágu risi, breiðir garðar og breiðar „flóraðar“ (hellulagðar) krær. Á vorin var folaldsmerum gefið í þar, en húsin voru jöfnuð út þegar fjárhúsin/hesthúsin sem nú standa voru byggð um 1950.

Lýsing:

Engar minjar eru sýnilegar á þessum stað.

Flugumýri – 14

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Líklega vestan við Stebbahús og Valhöll var rétt úr torfi og timbri. Jafnað út þegar fjárhúsin sem nú standa voru byggð um 1950 samkvæmt Jóni Ingimarssyni.

Lýsing:

Engar minjar eru sýnilegar á þessum stað.



Mynd 30, leifar túngarðs norðan við veginn norðan við hús Jóns Ingimarssonar og Sigríðar Valdimarsdóttur. Horft til norðausturs, íbúðarhúsið á Flugumýri II í baksýn.



Mynd 31, túngarðurinn á Flugumýri, austan bæjar. Horft til suðvesturs.

Flugumýri - 15

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir:

Enn sér eftir af gamla túngarðinum á þremur stöðum, annars vegar upp með túninu sunnanverðu ofan við kirkjuna og hins vegar tveir spottar vestan við gamla túnið, í óræktuðum bletti norður af húsi Jóns Ingimarssonar og Sigríðar Valdimarsdóttur og hugsanlega einnig beint suðvestur af íbúðarhúsinu á Flugumýri II.

Lýsing:

Ofan við Flugumýrarbæinn er garðurinn um 165m langur og liggur norðaustur-suðvestur, meðfram gamla túninu að sunnan, garðurinn er um 30-50sm hærrí en túnið en allt að 110sm hærrí en umhverfið að sunnanverðu. Garðurinn sést vel þar sem hann beygir til norðurs í suðausturhorni túnsins en verður óljós eftir það. Girðing er eftir garinum og lækur rennur meðfram honum að sunnan. Garðbrotið norðan við hús Sigríðar og Jóns liggur norður-suður, rofið á einum stað að sunnanverðu þar sem lækur virðist hafa runnið í gegn. Garðlagið er um 40sm langt, 110-120sm breitt og 40sm hátt að vestanverðu en heldur lægra að austan. Suðvestan við Flugumýri II er aflöng bunga sem gengur norður-suður, um 2m breið og um 30-40sm há, í beinni stefnu við áður nefnt garðbrot. Mjög líklega eru þetta leifar sama túngarðs.

Aðrar upplýsingar:

Í jarðalýsingu frá 1918 kemur fram að túnið sé að nokkru leyti girt með grjóti og torfi. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Túnið var mjög stórt á gamla vísu. Um 1850 var það milli 8 og 9 hektarar. Túngarðurinn er nú með öllu horfinn vegna ræktunar en hann fór niður norðan við Litlabæ, nú Flugumýri II, og beygði til suðurs spölkorn neðan við hann, lá svo skammt ofan við Flugufenið.“ (BS IV: 158).

Flugumýri – 16

Hlutverk: Fjánhús/Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Fjosið stóð þar sem mjólkurhúsið er í dag og aðeins lengra til suðurs.

Aðrar upplýsingar:

Í skýrslu Fasteignamatnefndar Skagafjarðar frá 1965 eru sagðir 14 básar í torffjósi. Samkvæmt Jóni Ingimarssyni stóðu þarna upphaflega fjánhús með fjórum venjulegum króm undir einu þaki. Stoðir og steyptir veggir í miðju. Jón breytti því í tveggja króa fjós, sem var í notkun frá 1956-71. Bak við var torfhlaða. Áfastur sunnan við var lítill kofi undir 20 kindur eða nokkra hesta, sem Júlíus Björnsson (d. 1970) hafði afnot af. Á túnakorti frá 1919 eru sýnd tvenn útihús annað er svo að segja beint norður af bænum 70m en hitt um 20 vestar og ögn sunnar og lendir undir mjólkurhúsinu sé það borið saman við loftmynd.

Lýsing:

Þarna er í dag steinsteypt fjós og hlaða og sér ekki til fornleifa.

Flugumýri – 17

Hlutverk: Óþekkt/útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Útihús eru sýnd á túnakorti u.þ.b. í suðurhluta núverandi fjóshlöðu sé það borið saman við loftmynd.

Lýsing:

Þarna er í dag steinsteypt fjós og hlaða og sér ekki til fornleifa.

Aðrar upplýsingar:

Í skýrslu Fasteignamatnefndar Skagafjarðar frá 1965 eru sagðir 14 básar í torffjósi. Samkvæmt Jóni Ingimarssyni stóðu þarna upphaflega fjánhús með fjórum venjulegum króm undir einu þaki. Stoðir og steyptir veggir í miðju. Jón breytti því í tveggja króa fjós, sem var í notkun frá 1956-71. Bak við var torfhlaða. Áfastur sunnan við var lítill kofi undir 20 kindur eða nokkra hesta, sem Júlíus Björnsson (d. 1970) hafði afnot af. Á túnakorti frá 1919 eru

sýnd tvenn útihús annað er svo að segja beint norður af bænum 70m en hitt um 20 vestar og ögn sunnar.

Flugumýri – 18

Hlutverk: Fjárhús/Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Fjárhús stóðu sunnan við beygjuna á veginum upp að núverandi fjárhúsum/hesthúsum ofan við bæ á Flugumýri I. Á túnakorti frá 1919 eru sýnd útihús u.þ.b. á þessum stað.

Lýsing:

Örlítill hávaði er í túninu á þessum stað, sem gæti vísað á leifar umræddra húsa.

Aðrar upplýsingar:

Þetta voru tvístæð garðhús með fjárbaði, upphaflega byggð sem hesthús og því með helmingi breiðari krær en í venjulegu fjárúsi. Bárújárnsþak með torfi (JI). Í skýrslu Fasteignamatnefndar Skagafjarðar frá 1965 er sagt frá hesthúsi fyrir 30 hross. Húsin sjást á svarthvítri mynd frá 1946 (sjá sögukafla framar í skýrslunni).

Lágabúð

Flugumýri – 19

Sérheiti: Lágabúð

Hlutverk: Híbyli

Tegund: Lægð

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Neðst í túninu á Flugumýri er tóftarbrot, sem heitir Lágabúð og var býli, og utan og neðan við túnið eru einnig rústir af bæ, sem hét Litlibær.“ (ÖMJ: 6).

Lýsing:

Bæjarstæði Lágubúðar var skammt fyrir ofan (austan) íbúðarhús Jóns Ingimarssonar og Sigríðar Valdimarsdóttur, engar minjar eru sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá segir: „Hann [Litlibær] mun hafa verið byggður fram um 1880, en Lágabúð sennilega farið fyrr í eyði.“ (ÖMJ: 6). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lágabúð sem var neðan við túnið á Flugumýri, örskammt ofan við núverandi íbúðarhús Jóns Ingimarssonar og Sigríðar Valdimarsdóttur. Þar voru tóftarbrot áður en landinu var bylt til ræktunar en engar staðfestar sagnir eru um ábúð þar. Þó má ætla að einhver byggð hafi verið þar á 19. öld eða e.t.v. seinni hluta hennar. Munnmæli herma þar hafi fæðst barn í hlaðvarpanum. Sigríður Guðmundsdóttir f.v. húsfreyja á Flugumýri kunnir frá þessu að segja og vissi deili á konunni en nú er það gleymt.“ (BS IV: 162).

Litlibær

Flugumýri – 20

Sérheiti: Litlibær

Hlutverk: Híbyli (og sambyggt fjós)

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Neðst í túninu á Flugumýri er tóftarbrot, sem heitir Lágabúð og var býli, og utan og neðan við túnið eru einnig rústir af bæ, sem hét Litlibær.“ (ÖMJ: 6). Skammt norðvestan við íbúðarhúsið á Flugumýri II.

Lýsing:

Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Jóni Ingimarssyni var rústum Litlabjæar ýtt út um 1950. Húsin stóðu um 5-10m norðvestan við Flugumýri II. Túngarðurinn fór á sama tíma en hann lá í sveig utan um túnið við Litlabæ. Í örnefnaskrá segir: „Hann [Litlibær] mun hafa verið byggður fram um 1880, en Lágabúð sennilega farið fyrir í eyði.“ (ÖMJ: 6). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Litlibær var byggður vorið 1830 sem nýbýli af Ara lækni Arasen á Flugumýri handa Páli Sigfússyni frá Miklahóli í Viðvíkursveit. Bærinn stóð yst og neðst á Flugumýrartúni og taldist hjáleiga þaðan með úrskiptu túni og engjum en sameiginlegum bithaga. Var það upphaflega talið 10 hundruð að dýrleika en 1861 var það af hreppstjóra og sýslumanni talið 9 hundruð. Byggð hélst þar samfleytt frá 1830 til 1874 en fór þá endanlega í eyði. Íbúðarhúsið á Flugumýri II er rétt ofan við bæjarstæði Litlabæjar. Ofar og norðar var hestarétt úr torfi og grjóti með háum veggjum. Litlibær var innan túngarðs á Flugumýri sem lá niður skammt norðan við bæjarstæðið og gekk spölkorn niður fyrir það. Þar var neðst í túninu kofi sem hét Péturskofi niður við túngarðinn. Sést þar ennþá ferkantaður reitur en annars eru tóftir allar horfnar.“ (BS IV: 165-166). Enn fremur segir: „Árið 1987 stofnuðu Eyrún Anna Sigurðardóttir frá Flugumýri og maður hennar Páll Bjarki Pálsson nýbýli í landi Flugumýrar út og niður frá Flugumýrabæ þar sem Litlibær hafði staðið á 19. öld.“ (BS IV: 164). Um byggingar á Litlabæ segir í Byggðasögunni: „Nokkuð er vitað hvaða hús voru í Litlabæ. Til er Lýsing: frá 1850. Baðstofan var þá í þremur stafgölfum, 8 $\frac{3}{4}$ alin á lengd, 3 álnir og 10 þumlungar á breidd, 4 álnir á hæð með 8 stoðum og 4 bitum. Veggir virðast óþiljaðir og moldargólf. Þrjú gluggar eru á húsinu, „einn með 4 rúðum og tveir með tveimur rúðum, þar af eru 2 brotnar.“ Úttekt var gerð við ábúendaskipti 1865. Þá er baðstofan með sama formi en orðin snöruð og léleg, viðir margir fúnir „upprefti yfir höfuð gamalt, fúíð og sumpart innsloppið.“ Þá er einnig lýst búrhúsi og eldhúsi og göngum frá baðstofu. Fjósið er fyrir 4 kúr og rangali frá bænum til fjóssins. Einnig eru nefnd hesthús fyrir sunnan fjós, skemma fyrir sunnan bæjardyr og tvö fjárhús uppi á velli. Öll eru bæjarhúsin meira og minna fúin að viðum, veggir og þak í misjöfnu ástandi. Níu árum síðar lagðist býlið í eyði.“ (BS IV: 166).

Flugumýri – 22

Sérheiti: Litlibær

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Á túninu ofan (austan) við íbúðarhúsið á Flugumýri II.

Lýsing:

Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Úttekt var gerð við ábúendaskipti 1865. [...] Fjósið er fyrir 4 kúr og rangali frá bænum til fjóssins. Einnig eru nefnd hesthús fyrir sunnan fjós, skemma fyrir sunnan bæjardyr og tvö fjárhús uppi á velli. Öll eru bæjarhúsin meira og minna fúin að viðum, veggir og þak í misjöfnu ástandi. Níu árum síðar lagðist býlið í eyði.“ (BS IV: 166).

Flugumýri – 23

Sérheiti: Litlibær

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Á túninu ofan (austan) við íbúðarhúsið á Flugumýri II.

Lýsing:

Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Úttekt var gerð við ábúendaskipti 1865. [...] Fjósið er fyrir 4 kýr og rangali frá bænum til fjóssins. Einnig eru nefnd hesthús fyrir sunnan fjós, skemma fyrir sunnan bæjardyr og tvö fjárhús uppi á velli. Öll eru bæjarhúsin meira og minna fúin að viðum, veggir og þak í misjöfnu ástandi. Níu árum síðar lagðist býlið í eyði.“ (BS IV: 166).

Flugumýri – 24

Sérheiti: Litlibær

Hlutverk: Rétt (hestarétt)

Tegund: Heimild

taðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Íbúðarhúsið á Flugumýri II er rétt ofan við bæjarstæði Litlabæjar. Ofar og norðar var hestarétt úr torfi og grjóti með háum veggjum. Litlibær var innan túngarðs á Flugumýri sem lá niður skammt norðan við bæjarstæðið og gekk spölkorn niður fyrir það.“ (BS IV: 165-166).

Lýsing:

Engar minjar eru sýnilegar á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Jón Ingimarsson man eftir grjóthlaðinni rétt, skammt norður af Flugumýri II, norðan við túngarðinn sem þar var.

Flugumýri – 32

Hlutverk: Kvíar/rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Kvíarnar eru með öllu horfnar en þær voru rétt norðan við vallargarðinn, litlu vestar en beint norður frá bænum.“ (BS IV: 158).

Lýsing:

Engin merki um þetta mannvirki fundust á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Hugsanlega er einhver ruglingur hér á ferð, þetta gæti verið sama réttin og talað er um norðaustan við Litlabæ (**Flugumýri – 24**). Þetta er þó nefnt í sitthvoru lagi og með sitthvort hlutverkið í Byggðasögunni og er það því einnig gert hér.



Mynd 32, Pétursborg eða Péturskofi stóð norðvestast innan túns á Flugumýri. Leifar hans sjást enn beint suðvestur af íbúðarhúsinu á Flugumýri II. Horft til norð-norðausturs.

Flugumýri – 25

Sérheiti: Péturskofi/-borg

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Þúst

Staðhættir:

Norðvestast í gamla túninu á Flugumýri, í næsta beinni línu við heimreiðina sem liggur í suðvestur frá íbúðarhúsinu á Flugumýri II.

Lýsing:

Þarna er svolítil ferköntuð þúst, 6,5x5m að ummáli og liggur í norðvestur-suðaustur, um 30sm há og um 20 sm djúp lögð í miðju. Hvergi sér í grjót og þústin öll gróin og sker sig lítt úr umhverfinu. Engar dyr greinanlegar.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Íbúðarhúsið á Flugumýri II er rétt ofan við bæjarstæði Litlabæjar. Ofar og norðar var hestarétt úr torfi og grjóti með háum veggjum. Litlibær var innan túngarðs á Flugumýri sem lá niður skammt norðan við bæjarstæðið og gekk spölkorn niður fyrir það. Þar var neðst í túninu kofi sem hét Péturskofi niður við túngarðinn. Sést þar ennþá ferkantaður reitur en annars eru tóftir allar horfnar.“ (BS IV: 165-166). Jón Ingimarsson man eftir veggjum uppistandandi á Péturskofa, húsin segir hann líklega ekki hafa tekið meir en fjóra hesta (JI). Á túnakorti frá 1919 er sýnt útihús á þessum stað.

Flugumýri – 31

Hlutverk: Mylla

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Staðhættir eru óljósir, hugsanlega þó um 30m sunnan við kirkjuna rétt þar sem læknum er veitt ofan í skurð til suðurs.

Lýsing:

Búið er að breyta stefnu lækjarins og veita honum ofan í skurð sem liggur til suðurs sunnan við kirkjuna, áður hefur hann runnið til vesturs eða suðvesturs þar sem nú er búið að rækta upp tún.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá segir: „Haustið 2003, þegar verið var að taka gröf í kirkjugarðinum á Flugumýri, kom þar upp mylnusteinn. Hann var fluttur á Byggðasafnið í Glaumbæ.“ (ÖRI:

18). Í sömu skrá segir enn fremur: “Í skjali um Vatnsmyllur, líklega skrifað eftir viðtali við Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum, kemur m.a. fram: Stefán man örugglega eftir vatnsmyllum á fjórum stöðum í Akrahrepp: Á Miklabæ, Syðstu-Grund, Hjaltastöðum og Flugumýri. --- Utan um allar þessar vatnsmyllur segir Stefán að hafi verið torfhús, nema e.t.v. ekki á Hjaltastöðum, því Þorsteinn Hannesson var smiður. --- Stefán giskar á að vatnsmyllan á Flugumýri hafi verið í læknum suður undan bænum. Þessi mylla er eyðilögð fyrir minni Stefáns, nokkru fyrir aldamót. (þ.e. aldamótin 1900.) Stefán heldur að hjólin hafi verið lárétt á öllum þessum myllum og stokkar að þeim öllum. Á öllum fyrrnefndum fjórum bæjum var lítilsháttar malað frá öðrum bæjum. (Stefán var fæddur 8. júlí 1892 á Höskuldsstöðum.)” (ÖRI: 24). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vatnsmylla var á Flugumýri á seinni hluta 19. aldar. Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum (f. 1892) áleit að hún hefði verið í læknum sunnan og neðan við gamla bæinn en farin var hún úr notkun fyrir hans minni, þ.e. nokkru fyrir aldamótin 1900.“ (BS IV: 158-159).



Mynd 33, bæjarlækurinn á Flugumýri, horft til norðvesturs af norðurenda Bygghóls.

Engi og úthagar

Flugumýri – 27

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Tóftin er austast á grónum hrygg á áreyrunum sunnan um 20-30m sunnan Hvammsár og 150m neðan (vestan) við mynni Hvammsárgils.

Lýsing:

Tóftin liggur nálega norðaustur-suðvestur, innfallin og full af grjóti úr vegggleðslunum, um 50sm djúp í miðju og nær þríhyrningslaga vegna hruns.

Tóftin virðist þó upphaflega

hafa verið ferhyrnd um 2x3m að innanmáli, með dyr til suðvesturs. 3m langur veggur hlaðinn úr torfi og grjóti gengur til norðurs (NNV) frá dyraopi tóftarinnar, 20sm hár og 1m breiður. Sunnan við neðan bakkans er lítil grjóthlaðin rétt.



Teikning 6

Flugumýri – 28

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Tóftin er um 1,5m sunnan við áður nefnda tóft (nr. 27) sunnan í grónum hrygg á áreyrum Hvammsár.

Lýsing:

Tóftin er grjóthlaðin, 1,8x3m að innanmáli, opin til vesturs. Allstórt grjót er í hleðslunni, hleðslurnar um 30-40sm háar. Steinaröð eins og undan girðingu (þó ekki í beinni línu) er meðfram þessum gróna bakka að norðan, vestast kemur steinaröðin saman í krappan vinkil eftir lögun bakkans. En að austan heldur steinaröðin áfram upp í átt að gílinu.



Mynd 34, Tóft á grónum bakka norður við Hvammsá, um 150m vestur af mynni Hvammsárgils. Sunnan við tóftina undir bakknum er önnur grjóthlaðin tóft. Horft til austurs.

Flugumýri – 33

Hlutverk: Leikstaður

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Á eyrunum norðaustan við sumarbústaðina, norður af Sjónarhóli.

Lýsing:

Hleðslan er nokkuð stæðileg, 4-5 hleðsluraðir, tóftin er ferhyrnd um 1,3x2,5m og liggur nálega norðvestur-suðaustur, opin til norðvesturs. Vegghæð um 60sm, veggbreidd 40.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá segir: „Utan (norðan) við Sjónarhólinn og norður undir ánni eru hálfgrónar eyrar frá Hvammsá. Neðar á þeim eyrum og skammt norðan við sumarbústaða- og skógarlundinn, er lítil grjóthlaðin tóft, ca. 1 x 2,5 m. innanmál. Mun vera eftir krakka, sem gjarnan leika sér þar. Fleiri slík mannvirki eftir krakka, eru út undir ánni ofarlega.” (ÖRI: 21).

Flugumýri – 34

Hlutverk: Leikstaður

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Á eyrunum norðaustan við sumarbústaðina, norður af Sjónarhóli.

Lýsing:

Nær hringlaga hleðsla, liggur austur vestur með dyr til austurs, 1,7x1,3m að innanmáli. Hleðslan er hlaðinn upp í bakka gamals farvegar. Vegghæð um 30-60sm, veggbreidd um 40sm.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá segir: „Utan (norðan) við Sjónarhólinn og norður undir ánni eru hálfgrónar eyrar frá Hvammsá. Neðar á þeim eyrum og skammt norðan við sumarbústaða- og skógarlundinn, er lítil grjóthlaðin tóft, ca. 1 x 2,5 m. innanmál. Mun vera eftir krakka, sem gjarnan leika sér þar. Fleiri slík mannvirki eftir krakka, eru út undir ánni ofarlega.” (ÖRI: 21).



Teikning 7



Mynd 35, hleðsla nr. 33 norður (NNV) af Sjónarhóli, ofan við sumarbústaðabyggðina í landi Flugumýrar. Horft til suðurs. Sjónarhóll í baksýn.



Mynd 36, hleðsla nr. 34 norður af Sjónarhóli, ofan við sumarbústaðabyggðina í landi Flugumýrar. Horft til vest-norðvesturs.



Mynd 37, hleðsla nr. 35 beint norður af Sjónarhóli, ofan við sumarbústaðabyggðina í landi Flugumýrar. Horft til vesturs.



Mynd 38, hleðsla nr. 36 norð-norðaustur af Sjónarhóli, ofan við sumarbústaðabyggðina í landi Flugumýrar. Horft til norðausturs.

Flugumýri – 35

Hlutverk: Leikstaður

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Á eyrunum norðaustan við sumarbústaðina, norður af Sjónarhóli.

Lýsing:

Tóftin er grjóthlaðin og liggur suðvestur-norðaustur með dyr til norðausturs, 1,5x2,3m að innanmáli, hæð og breidd veggja er um 50sm.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá segir: „Utan (norðan) við Sjónarhólinn og norður undir ánni eru hálfgrónar eyrar frá Hvammsá. Neðar á þeim eyrum og skammt norðan við sumarbústaða- og skógarlundinn, er lítil grjóthlaðin tóft, ca. 1 x 2,5 m. innanmál. Mun vera eftir krakka, sem gjarnan leika sér þar. Fleiri slík mannvirki eftir krakka, eru út undir ánni ofarlega.” (ÖRI: 21).

Flugumýri – 36

Hlutverk: Leikstaður

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Á eyrunum norðaustan við sumarbústaðina, norður af Sjónarhóli.

Lýsing:

Tóftin er grjóthlaðin og liggur nær austur-vestur, um 2x1,5m að innanmáli, hæð veggja um 30sm breidd um 60sm.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá segir: „Utan (norðan) við Sjónarhólinn og norður undir ánni eru hálfgrónar eyrar frá Hvammsá. Neðar á þeim eyrum og skammt norðan við sumarbústaða- og skógarlundinn, er lítil grjóthlaðin tóft, ca. 1 x 2,5 m. innanmál. Mun vera eftir krakka, sem gjarnan leika sér þar. Fleiri slík mannvirki eftir krakka, eru út undir ánni ofarlega.” (ÖRI: 21).



Mynd 39, óþekkt steinlögn (hugsanlega leikstaður) sunnan við Hvammsá, norður undir merkjagirðingu milli Flugumýrar og Flugumýrarhvamms. Horft til vesturs.



Mynd 40, óþekktar steinlagnir (hugsanlega leikstaðir) sunnan við Hvammsá, og skammt suður af öðrum hleðslum sem eru norður undir merkjagirðingu milli Flugumýrar og Flugumýrarhvamms. Horft til norðausturs.

Flugumýri – 37

Hlutverk: Óþekkt/Leikstaður




Tegund: Steinlögn

Staðhættir:

Út við girðinguna á eyrunum norðaustan við sumarbústaðina, um 50m suður af Hvammsá.

Lýsing:

Grjótlögn, töluvert gróin, myndar nokkur lítil hólfa umhverfis eitt stórt, minnir á litla rétt um 6,5x5m. Gæti verið leikstaður barna.



Teikning 8.

Flugumýri – 38

Hlutverk: Óþekkt/Leikstaður

Tegund: Steinlögn

Staðhættir:

Á eyrunum norðaustan við sumarbústaðina, norður af Sjónarhóli.

Lýsing:

Þrjár steinlagnir, sem liggja saman á bakka gamals farvegs Hvammsár. Nyrst er hringlaga einföld steinlögn um 1,5x1,7m að utanmáli liggur norður suður, útlínur hlaðnar en ekkert grjót í miðju. Sunnan við hana er steinlögn með hluta til tvöfaldri grjótröð í miðju, liggur nálega norðaustur-suðvestur um 1,4x1m að utanmáli. Suðaustan við hana er steinlögn lík þeirri fyrstu nær hringlaga, nokkuð virðist vanta af grjóti úr útlínunum og nokkrir steinar eru innan hringinsins. Fyrst og síðastnefnda hleðslan eru mosa-grónar og gamallegar, miðju hleðslan gæti hins vegar verið eitthvað yngri. En hluti steinanna er sýnilega ekki búinn að vera marga áratugu ofanjarðar og eru með gróðurlínur þar sem helmingur er mikið gróinn mosa og skófum en hinn nær gróðurlaus.

Flugumýri – 39

Sérheiti: Jónsstekkur

Hlutverk: Stekkur

Staðhættir:

Um 400m ofan við sumar-bústaðina á Flugumýri gengur einskonar höfði til vesturs frá mynni Hvammsárgils sunnan-verðu. Norðvesturundan þessum höfða er sléttur bakki sem girt hefur verið eftir. Á þessum bakka eru garðlög, að hluta til farin fram af bakkanum sem er hátt í tveggja metra hár niður á eyrar Hvammsár.

Lýsing:

Garðlögin eru 15x9m að ummáli í heild. Áin virðist hafa brotið eitthvað af þessu mannvirki enda hár bakki (mest um 2m) fast upp við norðurvesturhluta minjanna. Um 12m langur hlaðinn kantur virðist vera meðfram brekkufætinum frá norðri til suðurs, útfrá honum að sunnan gengur þýft garðlag til norðvesturs 11m langt og fer girðing þvert yfir garðlagið. Við norðurenda bakkans sveigir kanturinn ögn til norð-norðvesturs og verður að eiginlegum garði, 50sm háum og rúmlega 1m breiðum. Þessi garður liggur undir girðinguna og beygir þá í kröppum vinkli til suðvesturs ca. 4-5m langt, þar tengist hann óljósu þýfðu garðlagi sem lokar vinklinum, 40sm hátt, 1,5-2m breitt og 6-7m langt. Hleðslugrjót sést glögglega í norðvesturenda þessa garðs. Garðlögin mynda því tvö hólfrá nær þríhyrningslaga að norðaustan og ferhyrnt stórt hólfrá virðist vera að suðvestan, en norðvestur veggur þess horfinn



Teikning 9

fram af bakkanum. Inní stærra hólfinu virðist vera lítill afmarkaður reitur í suðausturhorninu, 1,5x1m með um 20sm háum og 30sm breiðum kanti eða torfhleðslu umhverfis.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í brekkunni undir höfðanum eru stekkjjarleifar, nefndar Jónsstekkur. Hefur áin skafið burtu hluta af stekkjartóftinni svo þar eru einungis brot eftir.“ (BS IV: 158). Í örnefnaskrá segir: „Rétt ofan við eyrarnar eru leifar Stekkjar uppi á grasgrónu barði og liggur girðing yfir hann. Stekkurinn er orðinn heldur ógreinilegur. Vottar þó fyrir honum og virðist vera garður frá honum suður með brekkunni og niður 12 m. sunnar. Sjálf stekkjjarleifin er um 5 x 6 m. Þetta mun vera Jónsstekkur.“ (ÖRI: 21).

Flugumýri – 40

Hlutverk: Óþekkt/Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Um 400m ofan við sumar-
bústaðina á Flugumýri eru
óþekktar tóftir á einskonar
höfða sem gengur til vesturs
frá mynni Hvammsárgils
sunnanverðu. Suðvestarlega
á þessum höfða eru
umfangsmiklar tóftir um
20x15m að ummáli.

Lýsing:

Tóftin er tví- eða þrískipt, en
veggjalög fremur óljós.
Gleggsta hólfíð er norð-
vestast, 4,5x2m að innan-
máli, engar dyr greinanlegar.

Veggjabreidd 1,5m, hæð 30sm mest. Sunnan við er önnur tóft um 2x4m opin til vesturs. Veggir eru heldur útflattari 15-20sm háir til norðurs en allt að 40-45sm háir til suðurs. Fast austan við vegginn sem skilur þessar tvær tóftir að er líkt og upphækkaður ferhyrningur 1,5x1,6m að ummáli og um 30sm hár. Ferhyrningurinn gengur inní það sem virðist vera niðurgroftur af einhverju tagi sem skerst inní hólinn frá suðri til norðurs, dýpst syðst en hækkar til norðurs og uppmoksturinn á bakkanum austast. Grjót er allvíða í veggjum tóftarinnar, þar á meðal stór hella í vestast í syðri tóftinni 60x40sm í breið. Um 4-5m neðan (vestan) við tóftirnar er nær hringlaga niðurgroftur 30-60sm djúpur. Vestan við tóftina er einhverskonar niðurgroftur (nr. 30) og einnig virðist móta fyrir hugsanlegum veggjalögum fast neðan við dyrnar.

Aðrar upplýsingar:

Hugsanlega er hér um að ræða beitarhús með heytóft austast en það er þó erfitt að staðfesta það án frekari rannsóknar, en ef tóftirnar vestan við eru krær þá eru þær miklu mun breiðari en gengur og gerist í fjárhúsum. Í örnefnaskrá segir: „Spölkorn ofar og talsvert herra, uppi á næsta stalli ofan við stekkin, eru mannvirkjaleifar og ætla menn þar hafi verið beitarhús. Nokkuð eru leifar þessar orðnar ógreinilegar og fornlegar, en dyr hafa líklega verið að vestan, stærðin c.a. 10 x 16 m. (utanmál) í heild, þar af líklega fjárhús 10 x 8 m., hæð sem líklega er orðin til af mannvirki er austast og lægð á milli. Valllendi er næst í kring, en mýrlendi sunnan við. Þarna norðan við er gilkjafsturinn, en rétt ofar er komið djúpt klettagil og neðarlega í því sést í rautt berg.“ (ÖRI: 21). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sunnan við mynni Hvammsár



Mynd 41, horft vestur yfir tóftir á grónum höfða sem gengur til vesturs sunnan við Hvammsá við mynni gilsins. Tví- eða þrískipt tóft er á grænum hól vinstramegin við miðja mynd. Til hægri við hana (norðan við) er aflöng hugsanleg tóft í þýfinu, bogadregið rofabarð er norðan við tóftirnar, hugsanlega leifar túngarðs.

gengur fram einskonar höfði og er bratt upp á hann frá norðri og vestri. Uppi á þessum höfða eru gamlar minjar um beitarhús.“ (BS IV: 158).

Flugumýri – 30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir:

Fast vestan við meint beitarhús (nr. 40).

Lýsing:

Nær hringlaga niðurgroftur með um 10-20sm háum bakka, engin veggjalög greinileg og algjörlega óvíst með tilgang.

Flugumýri – 41

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir:

Fast norðan við tóftir (nr. 40) og nokkru lægra virðast vera tvær tóftir.

Lýsing:

Tóftin er þrískipt, alls um 21m löng og 6m breið að utanmáli og liggur norðaustur-suðvestur. Austasta hólfið er um 10x2m að innanmáli og miðju hólfið 2,5x2m, fyrir neðan (suðvestan) er þriðja og óljósasta hólfið, 2,5x2,5m að innanmáli. Alls er þetta þá um 21x6m að utanmáli. Breidd veggja 1-1,5m, hæð 40sm. Tóftirnar skera sig lítt úr umhverfinu sem eru synugrónar þúfur, veggir sokknar og þýfðir á köflum, erfitt er að segja nokkuð um aldur þeirra og hlutverk, annað en að þær virðast afar fornar. Rofabarð gengur í boga eftir brúninni norðan við tóftirnar á höfðanum, hugsanlega leifar gamals túngarðs.



Teikning 10.

Flugumýri – 42

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Um 1m ofan við aflanga þrískipta tóft (nr. 41).

Lýsing:

Lítill sléttur flötur innanum þúfurnar 2,5x2m að innan, afgangur frá norðaustri-til suðvesturs, veggir eru óljósir um 1m breiðir og skera sig lítt frá umhverfinu. Engar augljósar dyr eru á tóftinni.

Flugumýri – 43

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir:

Um 18m ofan (norðaustan) við meinta beitarhúsatóft (nr. 41) er óljós tóft upp á lágum hól.

Lýsing:

Tóftin hefur legið norðaustur-suðvestur, og virðast dyr hafa verið til vesturs. Austurhluta hennar vantar. Það sem eftir er af tóftinni er á um 3,5x5m svæði, veggirnir eru 3,5m langir og um 1m þykkir, norðari veggurinn heldur umfangsmeiri. Dyraop til suðvesturs um 60sm breitt. Vegghæð um 40sm.

Flugumýri – 44

Hlutverk: Varða (Merkjavarða?)

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Við götuna sem liggur upp með Hvammsgili sunnanverðu er vörðunefna, um 15m frá gilbrúninni við vestasta skarðið sem gengur til suðurs í gílinu.

Lýsing:

Varðan/hleðslan er um 45sm há og um 1,5x1,5m að grunnfleti.

Aðrar upplýsingar:

Varðan er í beinni línu við merkjagirðinguna niður á eyrunum sunnan Hvammsár.



Mynd 42, vörðunefna er uppá melhól sunnan við Hvammsárgil ofan við Flugumýri. Eins og sést á myndinni er varðan í beinni línu við merkjagirðinguna milli Flugumýrar og Flugumýrarhvatns. Horft ca. til vesturs.

Flugumýri – 74

Hlutverk: Smalabyrgi

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Smalabyrgi á að vera fram á Flugumýrardal framan við Húsgilsdragið á svokölluðum Smalhól eða Smalhólum.

Lýsing:

Byrgið var ekki skoðað á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá segir: „Framar í dalnum, sama megin, eru Smalahólar, venulega nefndir Smalhólar. Það eru tveir melar og hjá hólunum eru leifar af smalabyrgi, sem minnir á fráfernasiðinn.“ (ÖMJ: 5-6).

Flugumýri – 45

Sérheiti: Sjónarhóll

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Sjónarhóll er hár hóll suðaustan við sumar-
bústaðabyggðina á Flugumýri. Hóllinn er
nyrst í fornu framhlaupi úr Flugumýrardal
sem myndað hefur röð hóla ofan við
Flugumýrabæinn.

Lýsing:

Efst upp á hólnum og nyrst er stærsta
hleðslan, um 40sm há og um 2x1,5m að
grunnfleti. Hleðslan er óregluleg með laut
miðjunni, hugsanlega hefur verið tekið úr
henni grjót. Gróðurtorfa er undir hleðslunni
en ber melur umhverfis.



Mynd 43, þrjár hleðslur á Sjónarhóli, horft til suðurs.

Flugumýri – 46

Sérheiti: Sjónarhóll

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Um 1m sunnan við áður nefnda hleðslu (nr. 45) er önnur minni (nr. 46).

Lýsing:

Hleðslan er um 30sm há og 1,5x1m að grunnfleti. Hleðslan er algjörlega ógróin og stendur á
berum mel.

Flugumýri – 47

Sérheiti: Sjónarhóll

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:


Hleðslan (nr. 47) er um 2,5m suðvestan
við áður nefnda hleðslu (nr. 46) þar sem
farið er að halla niður af Sjónarhól til
suðvesturs.

Lýsing:

Hleðslan er um 30sm há, 1,3x1m að
ummáli, algjörlega ógróin eins og
umhverfið.



Mynd 44, syðsta hleðslan á Sjónarhóli, horft til vesturs.



Teikning 11.



Mynd 45, Virkishóll, horft til norðurs.

Flugumýri – 48

Sérheiti: Virkishóll

Hlutverk: Virki

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Í ornefnaskrá segir: „Utan við gilið rís upp snarbrattur hóll beint upp frá bænum. Hann er allhár og heitir Virkishóll. Hann dregur nafn sitt af því, að efst á hólnum sést glögglega móta fyrir hleðslu hringinn í kring úr stórbjörgum.“ (ÖMJ: 3).

Lýsing:

Mannvirkið á Virkishóli er 23x18,5m í ummál. Greinileg grjóthleðsla er sunnan í hólnum sem myndar nokkuð beina línu austur-vestur, allstórt grjót sem að stórum hluta hlýtur að vera náttúrulegt. Að vestan eru nokkrir stórir steinar sem virðast hafa hrunið fram og gróið í kring. Nyrst á vesturhlið á 10m kafla út að horni er hleðslan greinilegust tvö- til þreföld steinaröð, bæði jarðfastir steinar og stórt hleðslugrjót 0,5-1m á hæð. Greinilegt er að hrunið hefur úr þessari hleðslu á köflum syðst og nyrst. Að sunnan er hóllinn mikið rofinn og gróðurlaus efst, þar má rekja hleðsluna sem er að vísu mjög óljós. Að austanverðu er hóllin vel gróinn og þar sést hleðslugrjót syðst, einn og einn steinn eru í línu í framhaldinu til norðurs. Nyrst er röð mjög stórra jarðfastra steina og smærra hleðslugrjót á milli. Mannvirkið er allt í fremur slæmu ástandi og verður fyrir mikilli veðrun og nokkrum ágangi búfjár. Efst á hólnum virðist vera geta verið torfhleðslur á tveimur stöðum, mjög óljósar, um 5-10sm hærrí en umhverfið.

Aðrar upplýsingar:

Í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1888-92 segir Sigurður Vigfússon: „Norður undan Bygghól er hár hóll, er heitir *Virkishóll*, og greinir hann og Bygghól lækjargil eitt. Hóll þessi er mjög brattr umhverfis, enn nokkuð flatr að ofan. Efst utan í hólnum sést fyrir ferskeyttri girðingu úr grjóti, og má rekja hleðsluna alt í kring. Þetta er gamalt og mjög niðursokkið, og eru víða í hleðslunni mjög stórir steinar, enn þó einkum í hornunum. Þetta eru auðsjáanleg mannaverk. Girðing þessi er á annan veginn 13 faðmar, enn á hinn 11 faðmar, og enn sýnist vera uppi á hólnum innan girðingarinnar einhverjar tóftarleifar. Þessi girðing er enn í dag mann fram af manni kölluð *Virki*. Nú sést af Sturlungu um brennumenn, að þeir komu frá fjallinu beint ofan að bænum á Flugumýri, og hafa þeir þá riðið, er út kom yfir Djúpadalsá, upp undir fjallið fyrir ofan Bygghól, milli og Glóðafeykis, og ofan í millum Bygghóls og Virkishóls. Þetta er beint ofan að bænum á Flugumýri, og verður eðlilegt, að þeir hafi riðið þannig, því að þá gátu þeir og, sem sagan og sýnir, komið öllum á óvart.“ (SV: 89). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Virkishóll er norðan við Bygghól og aðskilur þá djúpt

lækjargil. Hann er í 115 m hæð, miklu minni um sig en Bygghóllinn en ámóta hár og bratt upp á hann á alla vegu nema að norðan. Á þessum hól lét Kolbeinn ungi gera virki svo sem frá segir í Sturlungu um Fagranesför Odds Þórarinssonar þar sem hann handtók Heinrek biskup Kársson: „Þeir riðu um nóttina upp á Flugumýri. Þeir Oddur færðu biskup upp í virkið það er Kolbeinn ungi hafði gera látið. Voru þar þá enn hús nokkur. Var hann í þeirra valdi nokkurar nætur.“ [Sturlunga saga 1988, bls. 659.] Hólkollurinn er gróinn og flatur ofan en þó mótar þar fyrir húsatóftum. Veggjahleðslur umhverfis eru nú allar hrundar en þó greinilegar og hefur verið ærið erfiði að koma upp grjótinu í hleðslurnar. Lengd virkisins milli grjótgarðsleifa er um 23 m en breiddin nálægt 19 metrum. Virkishóll er nú friðlýst fornleif.“ (BS IV: 157).



Mynd 46, horft til suðurs eftir hleðslunum á austur hlið virkisins á Virkishóli.



Mynd 47, horft til suðurs eftir hleðslunum á vestur hlið virkisins á Virkishóli.

Flugumýri – 73

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir:

Um 90m norðaustur af Virkishóli er óljós þúst utan í aflíðandi melbungu.

Lýsing:

Þústin er um 30sm hærri en umhverfið og ögn grænni um 6x5,5m í ummál og liggur norðaustur-suðvestur í örilitlum halla til vesturs. Óvíst er hvort hér er um byggingarleifar að ræða.



Teikning 12, Tóftalegt skammt NA af Virkishóli, norðan við aflíðandi hól sem er austan Virkishóls. Horft NA.

Flugumýri – 49

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Stekkur neðan (vestan) við Virkishól. Í litlu en fremur djúpu algrónu dragi. Ofan við lambakróna að norðvestan er stór jarðfastur steinn, sem sést vel þegar horft er upp brekkuna.

Lýsing:


Tóftin snýr ANA-VSV, lambakróin er ofar í brekkunni, 2x1,8m, engar dyr sýnilegar. Vegg hæð 30-50sm, útveggir 90sm breiðir, ekkert grjótt. Milliveggur 1m breiður, 30sm hærri en gólf lambakróarinnar en 60sm hærri en réttargólfið. Grjótt er í veggnum þeim megin sem snýr að réttinni og grjótt sést einnig víða í útveggjum réttarinnar sem eru um 70sm háir að vestan og norðan en annarsstaðar um 40-50sm. Suðurveggurinn er um 1m styttri en norðurveggurinn og bilið á milli veggendanna að vestan er 1,5sm.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „stekkjartóftir eru í ónefndri graslaut vestan í Virkishólum, um 30 metrum neðan við hólbrún, sýnilega mjög gamlar.“ (BS IV: 158).



Mynd 48, stekkjartóft í dragi niður af Virkishóli. Horft til vesturs. Flugumýri í bakgrunni.



Teikning 13

Flugumýri – 29

Sérheiti: Pálmakofi

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðhættir:


Fjánhús með hlöðu á svolitlum hólruna sunnan við skógræktina.

Lýsing:

Hlaðan er 2x5m að innanmáli, vegg hæð 60-90sm, breidd um 1,5m. Innangengt á garðann sem er um 1m breiður og 5m langur. Krærnar eru um 120sm breiðar og 6m langar. Dyr eru útúr húsunum fyrir enda garðans, 70sm breiðar. Útveggir 1,5-1,7sm breiðir um 40-60sm háir frá gólfi. Tóftin er á kafi í grasi en grjótt sést þó víða í veggjum.


Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Pálmakofi var 30 kinda fjánhús á hól ofan við rafstöðvarhúsið. Skammt norðan við hann voru tveir allstórir garðar og er þar nú dálítill trjálundur í gördunum sem stofnað var til af þeim Flugumýrarhjónum 1954.“ (BS IV: 158). Í örnefnaskrá segir: „Milli lækjanna skammt ofar er hæð, þar sem búið er að rækta upp skóg. Vestanvert í hæðinni er lítið hús úr járni, neðan við girðinguna um skógarreitinn. [...] Á rinda



Teikning 14.

skammt sunnan við nefndan reit og skammt norðan við lækinn, eru leifar af fjárhúsi, Pálmakofa. Húsleifin er af garðahúsi, 8 - 9 metra löngu (utanmáls) + hlaða eða tóft við austurenda. “ (ÖRI: 21).



Teikning 15.



Mynd 49, garðlög í skógræktinni, endurnýtt sem kartöflugarður um tíma eftir miðja 20. öld. Horft til austurs, Glóðafeykir í baksýn.

Flugumýri – 69

Hlutverk: Matjurtagarðar

Tegund: Garðlag

Staðhættir:

Garðlög í skógræktinni norðan við Pálmakofa.

Lýsing:

Garðurinn er tvískiptur í svólíttilli brekku sem hallar til suðvesturs, vesturhluti garðsins er í tveimur stöllum, sá neðri (syðri) er 8x14m að innanmáli en sá efri (norðari) 7x14m. Stallurinn er um 70-80sm hár. Útbrún að sunnan er grjóthlaðinn stallur um 50-70sm hár, en annarsstaðar er garðlag um 1m breitt og 60-110sm hátt. Ofan við að austan er annað hól. Það nær u.þ.b. 2m styttra til suðurs ca. 12x11m að innanmáli. Óljós veggur til norðurs en annars torfhlaðnir veggir eða grónir moldarruðningar, 1m breiðir og 0,5-1m háir. Barrtrjám var fyrir allmörgum árum plantað innan garðsins og þar er í dag þéttur skógur.

Aðrar upplýsingar:

Garðarnir í skógræktinni voru komnir fyrir minni Jón Ingimarssonar, en sá vestari var endurnýttur af Sigurði bróðir hans (JI). Í örnefnaskrá segir: „Milli lækjanna skammt ofar er hæð, þar sem búið er að rækta upp skóg. Vestanvert í hæðinni er lítið hús úr járn, neðan við girðinguna um skógarreitinn. Í skógarreitnum skammt ofan við nefnt hús, eru áberandi garðar, sem voru kringum kartöflugarða. Munu hafa verið ræktaðar þar kartöflur langt skeið og allt fram um 1980. Í skógarreitnum er (haustið 2003) nánast allt á kafi í grasi nema trén, en þó sést vel garður, eins og gamall túngarður kringum fremur lítinn reit, sem var kartöflugarður. Núverandi kartöflu- garður er sunnan við Kirkjugarðinn.“ (ÖRI: 21). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Pálmakofi var 30 kinda fjárhús á hól ofan við rafstöðvarhúsið. Skammt norðan við hann voru tveir allstórir garðar og er þar nú dálítil trjálundur í görðunum sem stofnað var til af þeim Flugumýrarhjónum 1954.“ (BS IV: 158).

Flugumýri – 50**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Staðhættir:**

Gata liggur norður-suður neðarlega vestan í Bygghól.

Lýsing:

Gatan er greinileg á um 350m kafla, líklega leiðin á milli Flugumýrar og beitarhúsanna suðvestur undir hólnum.

Flugumýri – 51**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir:**

Óljós tóft ofan við götuna sem liggur út og suður neðan (vestan) undir Bygghóli.

Lýsing:

Tóftin liggur austur-vestur og er 1,5x4 að innanmáli. Niðurgrafin að norðan og austan, 40-60sm hár kantur, dyr eru til vesturs undan brekkunni. Suðurveggur er algróinn en sundur slitinn, 110sm breiður og 50sm hár.



Mynd 50, óþekkt tóft ofan við götuna sem gengur út og suður eftir Bygghóli, horft til vesturs.

Bygghóll



Mynd 51, Beitarhúsatóftir (nr.53) á Bygghóli og tvær tóftir (nr. 54 og 55) sjást óljóst fast við grænan hól (nr. 71) ofarlega og til hægri á myndinni. Horf til suðvesturs.

Flugumýri – 52

Sérheiti: Bygghóll

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bygghóll er gríðarstór og hár melur suðaustur frá Flugumýri. Vestan undir hólnum, nærri syðst, er fornbylið Bygghóll á svolítilli brekkubrún neðan undir hólnum, á að giska 500 m fram og upp frá Flugumýri.“ (BS IV: 167).


Lýsing:

Engar bæjartóftir eru sýnilegar og óvíst hvar bæjarhúsin hafa staðið. Um tvo staði er að ræða, annars vegar þar sem nú eru tóftir beitarhúsa frá 20. öld (nr. 53), en þær eru á svolítilli upphækkun sem gæti vísað eldri tóftir, upphækkunin er um 50sm há og 40x15m í ummál, hins vegar kemur til greina að bærinn hafi staðið nokkru vestar og neðar þar sem er tvískipt fornleg tóft (nr. 54 og 55).

Aðrar upplýsingar:

Í örnefnaskrá segir: „Þar hafa verið beitarhús, en á síðari árum lagði Jón bóndi á Flugumýri húsin niður, og standa þó veggirnir. Túnbletturinn er árlega sleginn og gefur af sér um 30 hesta.“ (ÖMJ: 2). Enn segir í örnefnaskrá: „Bygghóll var gamalt býli. Um 1700 var það í eyði (Á.M.), en 1843 var búið þar (Johnsen). En eftir að kotið lagðist í eyði til fulls, voru þar „sauðahús lengi“ (G.Konr.), þ.e. beitarhús.“ (ÖMJ: 9). Í jarðabók Árna og Páls segir: „Bygghóll er hjer gamalt fjárhússtæði umgirt sem verið hafi fornt býli, og er þar nú enn fjárhús frá heimajörðunni. Ekki vita menn að hjer hafi nokkurn tíma byggð verið.“ (JÁM IX: 185-186). Bygghóls er getið í Sturlungu, um það segir í örnefnaskrá: „[...] Eyjólfur ofsi Þorsteinsson gerðu Gissuri Þorvaldssyni heimsóknina til að brenna hann inni. Í Sturlungu segir svo frá: „ok er þeir koma út um Djúpadalsá, riðu þeir it efra með fjallinu fyrir neðan Bygghól, ok ofan frá fjallinu í garð á Flugumýri.“ Ef gengið er upp með læknum á milli, þá verður fyrir manni hvilft norðan í Bygghólinn. Er hún jafndjúp gilbotninum, en snarbrött á allar hliðar, eins og hún hefði verið mokuð inn í hólinn. Munnmæli segja, að þeir brennumenn hafi riðið ofan við hólinn og bundið hesta sína í hvilftinni og gengið svo heim gilið. Er það í sjálfu sér miklu trúlegra. Því hafi þeir riðið neðan við hólinn, eins og í Sturlungu stendur, var næstum óhjákvæmilegt annað en heyrðist eða sæist til þeirra frá

bænum.“ (ÖMJ: 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bygghóll er trúlega fornbylí. Hans er getið sem bújarðar með einu kúgildi í kúgildaskrá Hólstaðar 1569 og 1570.“ (BS IV: 167). Bygghóll er í byggð a.m.k. 1842-1843, en í eyði eftir það (sbr. BS IV: 168).



Teikning 16.

Flugumýri – 53

Sérheiti: Bygghóll

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóftir

Staðhættir:

Tóftir beitarhúsanna eru syðst undir brekkurótum Bygghóls.

Lýsing:

Alls eru tóftasvæði beitarhúsanna 34x9m ummáls. Tóftirnar samanstanda af tveimur garðahúsum sem standa enda við enda með hlöðu eða heytóft á milli. Norðan við er lítill kofi með garða (hrútakofi). Litla tóftin nyrst er með litlum garða út frá norður vegg, 1m breiður og 210sm langur. Króin að austan 90sm breið en 120sm breið að vestan, 2,8m langar. Dyr eru syðst á vesturvegg, 60sm breiðar. Norðurveggur er 130sm breiður og 30sm hár. Austurveggur 110sm breiður og 10sm hár, líklega að hluta hruninn inní króna. Vesturveggurinn er 160sm breiður og 30-50sm hár. Norðari fjárhúsin eru með 80sm breiðan garða, 10-40sm háan og 10m langan, grjót- og torfhlaðinn. Krærnar um 1-1,1m breiðar og 11m langar. Sú eystri er slétt full upp að garðanum, þar sem austurveggurinn hefur hrunið inn. Veggurinn er mest 70sm hár og 2,5-3,5m breiður þar sem hann er mest hruninn, ekki sést í grjót. Hæð vesturveggjar er 20-30sm, breidd 160sm, torf- og grjóthlaðinn. Heytóft/hlaða 3x2m, liggur austur-vestur, opin til vesturs. Heystæðið gæti hafa náð lengra til vesturs út fyrir vegg fjárhúsanna og verið allt að 5x2m. Innangengt er í bæði fjárhúsin inná garðana um 50sm breiða gætt. Vegg hæð 30-60sm. Grjót er í fjárhúsveggjunum til norðurs og suðurs en ekki í austurvegg. Syðstu húsin eru með 6,5m langan garða um 70sm breiðan og 30sm háan. Krærnar eru 1m breiðar, lengd hússins að innan er um 9m. Vesturveggur 1,6m breiður, 30sm hár, grjóthlaðinn að innan. Austurveggur hruninn út, 3m breiður og um 40sm hár. Grjót er á dreif inní tóftinni en sést ekki í veggjum sem eru óljósir 5-10sm háir og 90sm breiðir. Neðan (vestan) við syðstu húsin er óljós upphækkun um 3x9m að ummáli sem gæti vísað á tóft..

Aðrar upplýsingar:

Í jarðabók Árna og Páls segir: „Bygghóll er hjer gamalt fjárhússtæði umgirt sem verið hafi fornt býli, og er þar nú enn fjárhús frá heimajörðunni. Ekki vita menn að hjer hafi nokkurn tíma bygð verið.“ (JÁM IX: 185-186). Hins vegar segir í örnefnaskrá: „Bygghóll var gamalt býli. Um 1700 var það í eyði (Á.M.), en 1843 var búið þar (Johnsen). En eftir að kotið lagðist í eyði til fulls, voru þar „sauðahús lengi“ (G.Konr.), þ.e.



Mynd 52, óþekkt tóft ofan við götuna sem gengur út og suður eftir Bygghóli, horft til vesturs.

beitarhús“ (ÖMJ: 9). Enn segir í örnefnaskrá: „Þar hafa verið beitarhús, en á síðari árum lagði Jón bóndi á Flugumýri húsin niður, og standa þó veggirnir. Túnbletturinn er árlega sleginn og gefur af sér um 30 hesta.“ (ÖMJ: 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á bæjarstæðinu eru tvær langar fjárhústóftir enda við enda og hlöðutóft á milli, einhverjar húsaminjar áfastar utan við ytri húsatóftirnar. Heildarlengd fjárhúsanna er 29 metrar en að viðbættum tóftunum utan við fjárhúsin er heildarlengd 33,5 metrar.“ (BS IV: 167). Enn segir í Byggðasögunni: „Á Bygghól voru jafnan höfð beitarhús frá Flugumýri. [...] Árið 1935 voru húsin þar enn við lýði en líklega ekki lengi eftir það.“ (BS IV: 167). Á túnakorti frá 1919 er sýnt útihús á túnbletti aðskildum frá heimatúninu. Á teikningunni er þessi blettur sýndur um 350m austan við bæinn, en ekki er óalgengt að reitir sem þessir séu settir handahófskennt inná túnakortin án tillits til raunverulegrar afstöðu þeirra til heimatúnsins. Þetta tún og útihúsin gætu því verið nokkurn veginn hvar sem er í landareign Flugumýrar. Gæti verið húsin undir Bygghóli, en þar var eitthvert tún umhverfis.

Flugumýri – 70

Sérheiti: Bygghóll

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóftahóll

Staðhættir:

Tóftir beitarhúsanna frá 20. öld (nr. 53) standa á svolíttilli upphækkun sem bendir til að þar sé byggt ofan á eldri byggingum.

Lýsing:

Upphækkunin er um 50sm há og 40x15m í ummál og er grænni en umhverfið, óljósar byggingaleifar virðast vera neðan (vestan) við syðsta hluta beitarhúsanna og snúa þvert á húsin, austur-vestur um 3x9m að utanmáli.

Aðrar upplýsingar:

Hugsanlega er hér að leita bæjarstæðis býlisins Bygghóls (sjá nánar nr. 52), en einnig getur verið að eldri beitarhús hafi staðið á þessum stað og bæjarstæðið sé undir tóftunum vestan við þessar.

Flugumýri – 54

Sérheiti: Bygghóll

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Um 70m neðan (vestan) við tóftir beitarhúsanna frá 20. öld (nr. 53) eru a.m.k. tvær tóftir.

Lýsing:

Tvískipt stór tóft niður og örlítið norður af beitarhúsunum liggur austur-vestur. Austari og efri hluti hennar er 3,5x5m að innanmáli, hugsanlega dyr á miðjum millivegg inni hinn hlutann sem er 4x 3,5m að innanmáli. Dyr

eru fyrir miðju til vesturs um 90sm breiðar. Útveggir eru um 70-80sm háir og 1,5-3m breiðir. Milliveggurinn er um 40sm hár og 130sm breiður. Hugsanlega teygir tóftin sig lengra til norðausturs en þar hækkar landið nokkuð og við taka stórgerðar þúfur, þar virðist geta verið þriðja hólfíð, 2,3x4,7m með dyr til suðurs, en þetta er óljóst. Nokkru ofar er hins vegar önnur tóft í þýfinu (nr. 55).

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í brekkunni neðan við ytri hluta fjárhúsanna mótast fyrir fornum tóftum í jörðu. Stök tóft er niður frá áðurnefndum stað, grafin niður og myndar smáhól að framan, stór og tvískipt tóft og ókennileg.“ (BS IV: 167).



Mynd 53, tvískipt tóft vestan við beitarhúsin á Bygghóli (nr. 53). Torfhóll (nr. 58) sést fjær, vinstra megin við miðja mynd. Horft til suðvesturs.

Flugumýri – 71

Sérheiti: Bygghóll

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóftahóll/öskuhóll/taðhaugur

Staðhættir:

Undir og neðan (vestan) við tvískipta tóft (nr. 54) um 70 neðan (vestan) við beitarhúsin á Bygghóli frá 20. öld (nr. 53).

Lýsing:

Áðurnefnd tóft (nr. 54) virðist byggð ofan á svolítilli upphækkun, sem kunna að vísa á eldri byggingar. Fast neðan (vestan) við tóftina er nær að tala um lítinn hól en þar er upphækkunin um 1m há og 12m breið.

Aðrar upplýsingar:

Óvíst er hvort þetta eru allt leifar eldri bygginga, en einnig kemur til greina að þetta sé taðhaugur eða jafnvel leifar öskuhóls býlisins Bygghóls (sjá nánar nr. 52).

Flugumýri – 55

Sérheiti: Bygghóll

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Ofan (norðaustan) við tvískipta tóft (nr. 54).

Lýsing:

Austan við áðurnefnda tvískipta tóft (nr. 54) er önnur lítil tóft sem liggur nálega norðaustur-suðvestur, 1,5x3m að innanmáli með dyr til suðvesturs. Vegghæð 60-70sm, breidd 120-130sm. Tóftin sker sig lítt úr umhverfinu og veggur að austanverðu er hlaupinn í þúfur eins og umhverfið.

Flugumýri – 56

Sérheiti: Bygghóll

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bygghóll er gríðarstór og hár melur suðaustur frá Flugumýri. Vestan undir hólnum, nærri syðst, er fornbylíð Bygghóll á svolíttilli brekkubrún neðan undir hólnum, á að giska 500m fram og upp frá Flugumýri.“ (BS IV: 167).

Lýsing:

Engin merki þessa túngarðs sást á vettvangi. Túnið umhverfis beitarhúsatóftirnar var herfað af Ingimar Jónssyni föður Sigurðar og Jóns, en aldrei unnið neitt frekar. Hugsanlega hefur túngarðurinn horfið við þessa jarðvinnslu.

Aðrar upplýsingar:

Í jarðabók Árna og Páls segir: „Bygghóll er hjer gamalt fjárhússtæði umgirt sem verið hafi fornt býli, og er þar nú enn fjárhús frá heimajörðunni. Ekki vita menn að hjer hafi nokkurn tíma bygð verið.“ (JÁM IX: 185-186).

Flugumýri – 66

Hlutverk: Óþekkt/varða

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Upp á Bygghól þar sem hann er hæstur norðaustan við beitarhúsin og norðvestan við stekinn er hleðsla.

Lýsing:

Hleðslan er nokkuð gróin um 25-35sm há og liggur nálega norður-suður, um 110x,75sm að ummáli.



Mynd 54, hleðsla á Bygghóli beint fyrir ofan tóftir beitarhúsanna (nr. 52), sem sjást í bakgrunni ásamt tvískiptri stórra tóft (nr. 54) þar norðvestan við. Horf til vesturs.

Flugumýri – 67

Hlutverk: Óþekkt/varða

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Norðarlega efst upp á Bygghól.

Lýsing:

Hleðslan er lítilfjörleg um 20-30sm há, um 60x,60sm og liggur norðvestur-suðausturs.



Mynd 55, lítil hleðsla (nr. 67) nyrst á Bygghóli, horft til norðurs. Virkishóll sést vinstra megin á myndinni.

Flugumýri – 72

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir:

Nyrst á Bygghól ofan við götu sem liggur til suðvesturs frá stekknunum neðan við Byrgishólinn.

Lýsing:

Hleðslan er lítilfjörleg um 30sm há, um 80x,60sm að ummáli og liggur norðvestur-suðaustur.

Flugumýri – 57

Hlutverk: Óþekkt/Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir:

Stekkjartóft sunnan í Bygghóli í grónum en frekar grunnum bolla, sem hallar til suðurs.

Lýsing:

Tóftin er tvískipt og nokkuð stór, snýr ANA-VSV. Lambakró að vestan 3,5x1,5m opið á milli syðst á milliveggnum. Milliveggurinn er rúmlega 1m breiður, réttin austan við, 3,5x5m, dyr til suðurs, 75sm breiðar. Að norðan er hlaðinn kantur inn í brekkuna hæstur um 70sm, útveggir að jafnaði 40-50sm háir og 110-150sm breiðir. Grjót sést víða í réttinni og milliveggnum en lambakróin virðist torfhlaðin.



Teikning 17.



Mynd 56, stekkjartóft í grónum bolla sunnan í Bygghól. Horft til austurs, Glóðafeykir í bakgrunni.

Flugumýri – 58

Sérheiti: Torfhóll

Hlutverk: Náma/torfþurrkunarstaður

Tegund: Náttúruminjar

Staðhættir:

Hóllinn er skammt suðvestan við tvískipta stóra tóft neðan við beitarhúsin á Bygghóli.

Lýsing:

Ávalur lágur en fremur áberandi melhóll, algróinn.

Aðrar upplýsingar:

Torf hefur að líkindum verið þurrkað á Torfhóli, eins og nafnið gefur tilefni til að ætla. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: „Torfrista, stúnga og reiðingsrista góð, og fær ábúandi í burtu reiðing árlega sjer til gagnsmuna mót ýmsum góðvilja óákveðnum. Mósкурður hefur verið, meinast vera, brúkast ei.“ (JÁM IX: 185-186). Árið 1849 er torfrista sögð til heimilisþarfa.

Flugumýri - 59

Hlutverk: Mótekja

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Engar heimildir eru um hvar mótekja kunni að hafa farið fram.

Lýsing:

Engar mógrafir voru skráðar á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: „Torfrista, stúnga og reiðingsrista góð, og fær ábúandi í burtu reiðing árlega sjer til gagnsmuna mót ýmsum góðvilja óákveðnum. Mósкурður hefur verið, meinast vera, brúkast ei.“ (JÁM IX: 185-186).



Mynd 57, horft til suðvesturs eftir Prestsbrú, sunnan við Suður-Fitina í Flugumýri.

Flugumýri – 68

Sérheiti: Prestsbrú

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Leið

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir að stór mýrlendisfláki (Flugumýrarfit eða Fitin) sé vestur af heimatúni Flugumýrar. Skurður sker Fitin í Norður- og Suðurfit en sunnan við Suðurfitina er Prestsbrú og er það heimreiðin að Flugumýri að sunnan. (ÖMJ: 1).

Lýsing:

Upphlaðinn vegur rofinn á einum stað en að mestu heillegur, um 2-2,5m breiður og 20-50sm hár, gengur til suðvesturs niður eftri brekkunni ofan við mýrina, þá í hálfboga til suðurs og svo norðvesturs og hverfur þar sem tekur við þurr bakki sunnan við Suður-Fitina. Alls um 219m kafli.

Flugumýri – 26

Sérheiti: Fitin

Hlutverk: Torftökustaður

Tegund: Heimild

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir að stór mýrlendisfláki (Flugumýrarfit eða Fitin) sé vestur af heimatúni Flugumýrar. Skurður sker Fitin í Norður- og Suðurfit en sunnan við Suðurfitina er Prestsbrú og er það heimreiðin að Flugumýri að sunnan. (ÖMJ: 1).

Lýsing:

Engin merki um torfristu fundust á vettvangi en búið er að ræsa fram stóran hluta Fitarinnar og bylta í tún.

Aðrar upplýsingar:

Torfrista var í Fitinni samkvæmt Jóni Ingimarssyni.

Flugumýri – 60

Sérheiti: Klapparhólmavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Leið

Staðhættir:


Vað á Héraðsvötnum, gegnt svokölluðum Klapparhólma.

Lýsing:

Vaðið var ekki skoðað á vettvangi.

Aðrar upplýsingar:

Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum hefur skrifað um vöð á Héraðsvötnum og segir m.a. Klapparhólmavað: „Klapparhólmavað. Svo kalla ég næsta vað norðan við Vallavað. Þetta vað fann og reið fyrstur Stefán Stefánsson, sem bjó á Bjarnastöðum í Blönduhlíð árin 1900 – 1909.“ (Stefán Jónsson 1992: 146).



Teikning 18.



Mynd 58, heystæði á engjunum vestur við Héraðsvötn í landi Flugumýrar II.

Flugumýri - 61

Hlutverk: Óþekkt/Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir:

Heytóft niður við bakka Héraðsvatna, um 85m frá bakkanum og um 30m frá merkjum Flugumýrar og Réttarholts.

Lýsing:

Tóftin er um 20x8m að ummáli og liggur NNV-SSA. Um 30-60sm hærrí en umhverfið. Tóftin virðist tvískipt, norðara hólfið um 5x2,5m að innanmáli og það syðra um 6,5x2,5m. Einhverskonar útauki virðist geta verið til vesturs af norðara hólfinu, en það er þó óljóst. Girðing hefur legið fast austan við tóftina frá norðri til suðurs. Búið er að raska suðurenda tóftarinnar með vélum.

Jarðfundnar minjar

Flugumýri – 62

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Jarðfundnar minjar/heimild

Staðhættir:

Þar sem bílskúrin er í dag norðaustan við íbúðarhúsið á Flugumýri I.

Lýsing:

Engar minjar sýnilegar.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Jóni Ingimarssyni komu upp heilmiklar mannvistarleifar austan við íbúðarhúsið þegar bílskúrin var byggður, en hann mundi eftir að þar hefði fyrir löngu staðið niðurgrafið hús.

Flugumýri - 63

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Jarðfundnar minjar/heimild

Staðhættir:

Samkvæmt Jóni Ingimarssyni va grafinn skurður skammt frá norðurenda girðingarinnar við kirkjuplanið, norðvestur af íbúðarhúsinu á Flugumýri I, þegar hitaveita var lögð heim í Flugumýri árið 2006.

Lýsing:

Engar minjar sjást á yfirborði.

Aðrar upplýsingar:

Samkvæmt Jóni Ingimarssyni kom vegghleðsla kom í ljós á 80-90sm dýpi.

Flugumýri - 21

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Jarðfundnar minjar

Staðhættir:

Haustið 2008 var grafinn skurður frá mjólkurhúsinu til suðvesturs og fundust heilmiklar mannvistarleifar í honum.

Lýsing:

Um 10sm þykkt lag af kolum og móösku fundust á um 2m kafla á um 70sm dýpi vestarlega í skurðinum. Búið er að fylla skurðinn og engar minjar sjást á yfirborði.



Mynd 59, horft til austurs eftir lagnaskurði heim að mjólkurhúsinu á Flugumýri (nr. 21). Um 10sm þykkt lag af kolum og móösku sjást á um 2m kafla á um 70sm dýpi vestarlega í skurðinum. Lagið sést í suðursniði skurðsins neðst á myndinni.



Mynd 60, nærmynd af kola og móöskulaginu í skurðinum vestur af mjólkurhúsinu (nr. 21).

Þjóðsagna- og sögustaðir



Mynd 61, samkvæmt Landnámu á hryssan Flugu sem var í eigu Þóris dúfunef landnámsmanns að hafa „týnst“ í fen á jörð hans, síðan kallað Flugufen og á bæjarnafnið Flugumýri að vera af því dregið. Lengi hefur verið talið að umrætt fen sé það sem hér sést á myndinni en hefur verið þurrkað upp. Horft aust-suðaustur, Flugumýri I í baksýn.

Flugumýri - 64

Sérheiti: Flugufen

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Náttúruminjar

Staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Flugumýrarfit er allstór mýrlendisfláki vestur frá túninu, eru vanalega nefnd Fitin. Norðurhluti þessa svæðis kallast Norðurfit, og þar er Flugufenið; nær Norðurfitin suður að skurði, er liggur beint niður frá túninu ofan í Stokk, en svo er efri hluti Réttarholtslækjarins nefndur, sem liggur í landi Flugumýrar. Suðurfit er sunnan við skurðinn, og eru þær báðar vildisengi, en blautt. Nú er búið að ræsa fenið fram, og þornaði Norðurfitin mikið við það.“ (ÖMJ: 1).

Lýsing:

Um 50sm djúp hola, um 1,5m í þvermál er í óræktarbletti neðan við Flugumýri II og norðan við íbúðarhús Jóns Ingimarssonar og Sigríðar Valdimarsdóttur. Úr holunni liggur grunnur og mjór skurður til vesturs (handgrafinn á fyrrihluta 20. aldar).

Aðrar upplýsingar:

Flugumýri er landnámsjörð Þóris dúfunefs, sem átti kostagripinn Flugu, sem var sögð skjótust allra hrossa, en endaði líf sitt í feni á Flugumýri samkvæmt Landnámu (*Íslendinga sögur I*, 1946. Bls. 146). Sjá nánar í sögukafla jarðarinnar fremst í skýrslunni. Í örnefnaskrá segir: „Þetta fen er hyldjúpt og er neðan við túnið norðarlega. Var það löngum skaðræði fyrir skepnur, því á vorin grænkaði snemma kringum það, og því lentu skepnur oft í því, en át af sér ísinn á vetrum og var því einatt varasamt fyrir hross eins og Flugu forðum.“ (ÖMJ: 1). Í

árbók fornleifafélagsins segir Sigurður Vigfússon: „Beint niður undan bænum á Flugumýri undan miðju túninu, nokkura faðma frá túngarðinum, er ákaflega djúpr pyttur, svo sem 3-4 áln. að þvermáli, er enn í dag heitir Flugufen (sjá. Landn.). Pyttrinn er, eins og hann lítr út, eigi stærri en svo, að hestr kynni að geta sokkið þar ofan í. Sýnir þetta meðal annars, hversu örnefni, hve lítilfjörleg sem eru, hafa haldizt óbreytt alt í frá landnámstíð.“ (SV: 89). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Flugufen var skammt neðan við túngarð á Flugumýri. Landið hefur verið grafið og þurrkað og er Flugfen nú horfið sem slíkt en þó sjást þess glögg merki í beitolandi nálægt 150 metrum norðan við íbúðarhús Jóns Ingimarssonar og svipuð vegalengd suður og niður frá Flugumýri II. Þar er enn dæld í óræktina, um hálfur metri á dýpt og nokkrir metrar í þvermál. Í Flugufeni drápu stundum skepnur svo að Jón Jónasson lét handgrafa það og ræsa fram á fyrri hluta 20. aldar.“ (BS IV: 160).

Flugumýri - 65

Sérheiti: Gálgagil (Hvammsgil)

Hlutverk: Þjóðsagnastaður

Tegund: Náttúruminjar

Staðhættir:

Gilið er ofan við sumarbústaða-byggðina ofan við Flugumýrarbæina (austan við), gilið skilur lönd Flugumýrar og Flugumýrarhvamms.

Lýsing:

Engar manngerðar minjar eru sýnilegar í giliinu. Sem er djúpt og hrikalegt á köflum.

Aðrar upplýsingar:

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gálgagil. Hvammsáin [...] hefur grafið sér djúpt klettagil á landamerkjum Flugumýrarhvamms og Flugumýrar niður hlíðina úr Flugumýrardal. Annað nafn á þessu gili er Gálgagil eða kannski efsti hluti þess. Það er forn sögn að þjófar nokkrir legðust í fjall það er heitir Glóðafeykir fyrir ofan Flugumýri í Skagafirði en norðan Djúpadals. Þeir tóku smalann í Djúpadal og ætluðu að drepa hann en

hann vann sér til lífs að vinna þeim eið að því að hann skyldi ekki geta um þá. Auk þess skyldi hann fá þeim nokkra sauði á hverju ári af fé því er hann geymdi og segja að það hefði farist með ýmsum hætti. Smalamanninum þótti nauðung þessi ill og tók hann það ráð að hann stagaðist oft á orðum þessum: „Mikið er um í Feykinum. Mikið er um í Feykinum.“ Síðan hefur þetta verið haft að orðtæki. Smalamaður var oft spurður hvað hann ætti við en svaraði ávallt hinu sama. Loksins tóku Blöndhlíðingar sig saman og leituðu í Feykinum; fundu þá þjófana og fengu gripið þá. Milli Flugumýrar og Flugumýrarhvamms rennur árspræna eftir gili ofan af Flugumýrardal og er hún nefnd Hvammsá en áður var hún nefnd Glóðafeykisá.



Mynd 62, horft til austurs eftir Hvammsgili (Gálgagili).

Þjófarnir voru færðir í gil þetta og hengdir þar allir. Heitir þar síðan Gálgagil.“ (BS IV: 157-158). Þess má geta að annað Gálgagil er fram í Tungufjalli sunnanverðu í landi Djúpdals og keimlík saga að baki.

Samantekt

Minjar og varðveislugildi

Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar hin seinni ár og er þá átt við samspil manngerðra minja og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Ef varðveist hefur heild slíkra minja kann það að hafa áhrif á varðveislugildi þeirra, þar sem slíkar heildir segja gjarnan fyllri sögu um búsetu og lífshætti manna til forna, en stakar minjar úr samhengi við umhverfi sitt og sögu. Fornleifar eru engu að síður metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. Það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Á undanförunum árum hefur aukist meðvitund um mikilvægi menningarlandslags til kynningar á sögu lands og lýðs, jafnt fyrir Íslendingum sjálfum sem og erlendum ferðamönnum. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera vitni um gamalt verklag, byggingahætti og landnotkun. Varðveisla slíkra staða er ekki aðeins mikilvæg frá sjónarhorni fornleifafræðinga með sértæka rannsóknarhagsmuni heldur ekki síður fyrir allan almenning til að njóta umhverfisins og sögu þjóðarinnar.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Horfnar minjar	Óstaðsettar	Horfnar/óstaðsettar minjar
Stóru-Akrar	62	31	6	60%
Flugumýri	75	26	1	36%

Fornleifar á Stóru-Ökrum

Heildarfjöldi fornleifa á Stóru-Ökrum var 61, þar af var ekki hægt að staðsetja 6 og 31 voru horfnar eða fundust ekki ávettvangi.

Lítið er eftir af sýnilegum minjum í grennd við Akrabæina, þær hafa nær allar horfið vegna túnsléttunar, byggingaframkvæmda eða annars rasks.

Óvíst er hvort bæjarstæðið hefur haldist óbreytt frá fyrstu tíð og má vera að það hafi flust til eitthvað í gegnum árin þótt síðustu aldir hafi það líklega verið á sömu slóðum og torfbærinn stendur í dag. Þegar grafið var fyrir heitavatnslögnum heim að bæjunum árið 2006, þá fundust mannvistarleifar [nr. 53] frá því fyrir 1104 neðan við steinsteypt útihús norðan við íbúðarhús Sigurðar Jólssonar á Stóru-Ökrum II. Torfbygging [nr. 54] af einhverju tagi fannst milli félagsheimilisins Héðinsminnis og íbúðarhúss systkinanna Sigríðar Sigurðardóttur og Helga Sigurðssonar og mannabústaður frá því einhvern tíma milli 1104 og 1300 fannst í túninu suðvestan við Héðinsminni í landi Höskuldsstaða, hugsanlega gamalt bæjarstæði.

Austur undir rótum Akrafjalls eru nokkrar minjar, sem og utan í Akraöxlinni og fram á Akradal. Þrennar beitarhúsatóftir: Stefánshús [nr. 29] og beitarhús á Akraseli [nr. 47] og auk þess Fjallhús í landi Litladals, tvö selstæði á sameignarlandi jarðanna, þótt sjálfar seltóftirnar séu aðeins sýnilegar á öðru þeirra – Litladalsseli [nr. 43]. Auk þess eru á dalnum þrjú grjóthlaðin byrgi, eitt smalabyrgi í landi Litladals og tvo skotbyrgi frá 20. öld [nr. 41 og 42],

fyrir utan fjölda smærri hleðslna með óljósan tilgang, s.s. á Hádegishólum [nr. 36 og 37 (auk fleiri slíkra í landi Litladals)], þá eru hleðslur á Fjallhól [nr. 39 og nr. 40] og neðan við Litladalssel [nr. 45]. Í upphaflegu landi Stóru-Akra eru fleiri minjar sem ekki eru teknar með í þessari skráningu, enda innan landamerkjanna annarra jarða í dag, s.s. Grjótstekkur í landi Höskuldsstaða sunnan við Stefánshús o.f.l.

Minjar á Stóru-Ökrum sem hafa sérstakt minjagildi eða henta vel til kynningar eða rannsókna

- Gamli bærinn sem enn stendur að hluta er kjörinn til kynningar á fornu handverki, stafsmíði og torfhleðslu og hefur í einhverju mæli verið nýttur sem slíkur.⁶⁹
- Tóftin framan við austara Leirgilið [nr. 38] er augljóslega mjög forn, þótt ekki sé hægt að segja til um nákvæman aldur hennar útfrá útlitinu einu saman. Óvíst er hvort þarna hafi staðið hús eða rétt, en áhugavert væri að fá úr hvoru tveggja skorið, aldri og hlutverki mannvirkisins. Fá útihús eða réttir hafa verið rannsakaðar frá fyrri öldum og gæti hér verið um gott eintak til slíkrar rannsóknar að ræða.
- Litladalssel [nr. 23, 44, 43, 45 og 60] er sérstaklega falleg lítil minjaheild, þótt tóftirnar séu mikið sokknar og grónar sýna útlínur veggja glögglega húsaskipan. Þar eru einnig kvíar og ein tóft með óþekkt hlutverk, auk grjóthleðslu skammt fyrir neðan selið. Þarna er því áhugaverður viðkomustaður í fallegu umhverfi fyrir fólk á ferð um dalinn.

Fornleifar á Flugumýri

Heildarfjöldi fornleifa á Flugumýri var 75, þar af var ekki hægt að staðsetja eina og 26 minjar voru horfnar eða sáust ekki á vettvangi.

Flestar minjar í heimatúni eru horfnar undir tún eða aðrar framkvæmdir en þó er túngarðurinn (nr. 15) enn sýnilegur á þremur stöðum og ógreinileg þúst vísar á staðsetningu Péturskofa/-borgar (nr. 25), norðvestast í gamla túninu. Þá vísar ávalur hóll vestan við núverandi kirkjugarð á staðsetningu eldri kirkju og kirkjugarðs eins og sjá má af ljósmynd Daniels Bruun frá 1896. Annar ávalur hóll vísar á fjárhússtaði (nr. 18) norðaustast á gamla túninu sunnan við beygjuna á veginum sem liggur upp að sumarbústöðunum. Heillegri minjar er að finna utan túns þar sem stórvirkar landbúnaðarvélar hafa ekki sett mark sitt í sama mæli á umhverfið. Þó var túngarðurinn umhverfis Bygghól sléttaður út með það í huga að rækta þar upp tún, en ekki varð að þeim áformum og hefur það orðið til bjargar tóftunum sem þar eru: Annars vegar umfangsmiklum tóftum beitarhúsa (nr. 53) og hins vegar tóftum vestur af þeim (nr. 54 og 55), auk fleiri minja (nr. 58, 70, og 71). Best varðveitta tóftin á Flugumýri er fjárhústóft, suður af skógræktinni ofan við bæinn, nefnd Pálmakofi (nr. 29), fjárhús með garða og heytóft eða lítilli hlöðu. Tveir greinilegir stekkir eru enn sýnilegir, annar vestur undan Virkishóli (nr. 49) og hinn sunnan undir Bygghóli (nr. 57) og auk þess garðlög sunnan við Hvammsá upp undir gili, sem kölluð eru Jónsstekkur (nr. 39) þótt ekki sé hefðbundið stekklarlag á þeim, ekki er heldur óhugsandi að tóftir (nr. 27 og 28) á grónum bakka norðvestur af Jónsstekk geti verið stekklarleifar. Ofan við Jónsstekk eru töluverðar tóftaleifar í fremur slæmu ástandi sem talið er að séu beitarhús (nr. 40) þótt erfitt sé að fullyrða það. Þar eru einnig fleiri minjar (nr. 30 og 43) og tvær þeirra hugsanlega mjög fornar (nr. 41 og 42) og

⁶⁹ Um byggingargerð bæjarins sjá: Hörður Ágústsson (1976). „Stafsmíð á Stóru-Ökrum.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1975. Bls. 5-46.

óvíst nema þar geti verið að leita forns bæjarstæðis sem engar heimildir eru um. Nánar verður fjallað um þetta hugsanlega bæjarstæði hér að neðan, sem og hleðslurnar á Virkishóli. Að lokum má nefna að töluvert er af grjóthleðslum á eyrunum sunnan Hvammsár og vörðuleifar víðsvegar á hólunum ofan við bæinn og upp með gilinu.

Minjar á Flugumýri sem hafa sérstakt minjagildi eða henta vel til kynningar eða rannsókna

- Virkishóll – Hleðsluleifar á Virkishóli (nr. 48) eru friðlýstar og hafa mikið minjagildi, hvort tveggja vegna þess að fá virki eru til á Íslandi og einnig vegna tengingu minjanna við söguna. Minjarnar hafa verið nýttar til kynningar og búið er að setja upp skilti niður við veg á afleggjaranum heim að bænum, með upplýsingum og uppmælingum Fornleifaverndar Ríkisins. Ástand minjanna er hins vegar slæmt og í raun lítið að sjá fyrir þá sem leggja leið sína upp á Virkishól.
- Tóftir (nr. 41) á höfðanum sunnan við Hvammsá við hlið meintra beitarhúsa virðast afar fornar og það væri verðugt rannsóknarefni að fá úr því skorið hvers eðlis þær eru og hve gamlar, enda talsvert umfangsmiklar tóftir sem minna helst á skálabyggingu. Sömuleiðis væri fróðlegt að ganga úr skugga um hvort mögulegt sé að rofabarð norðan við tóftirnar hafi að geyma leifar túngarðs. Hér er hugsanlega að leita forns bæjarstæðis sem engar heimildir eru um.
- Kirkjugarðurinn gamli sem sést á mynd Daníels Bruun frá 1896 er í túni vestan við núverandi kirkjugarð. Mikilvægt er að kanna umfang garðsins til að forða því að hann verði fyrir frekara hnjaski.

Niðurlag

Minjarnar á þessum jörðum eru einkum hefðbundnar búsetuminjar frá 19. og 20. öld. Á báðum jörðunum er búið að jafna út gömlu bæjarstæðin og flest útihús. Minjar sem eftir standa eru flestar utan ræktarlands, ofan við bæina.

Minjum í landi beggja jarðanna stafar í dag helst hætta af almennri landnýtingu, jarðrækt og ágangi búffjár. En það hefur sýnt sig að mikið er um minjar í jörðu á báðum stöðum og allt jarðrask á og í kringum bæjarstæðin er líklegt til að valdi skemmdum á fornminjum.

Skráning fornleifa er mikilvægur þáttur í öllu skipulagi, hvort sem þar er um að ræða verklegar framkvæmdir eða skipulag landssvæða til ræktunar. Nauðsynlegt er þó að hafa í huga að minjar geta leynst neðanjarðar þótt þær sjáist ekki á yfirborði. Þurfi að fara í framkvæmdir sem fyrirsjáanlegt er að gætu haft áhrif á fornleifar ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins, sem veitir þá ráðgjöf og sér um eftirlit með framkvæmdunum ef þurfa þykir. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva þær og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.

Heimildir

Annálar 1400-1800 I. Annales Islandici. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1922-1927.

Annálar 1400-1800 IV. Annales Islandici. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1940-1948.

Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar, 1919-1942. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1919-1942.

BS IV - Byggðasaga Skagafjarðar IV. Akrahreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2007.

DI I – *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn I, 834-1264.* Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1857-76.

DI II – *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn II 1253-1350.* Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1893.

DI III – *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn III, 1269-1415.* Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1896.

DI IV – *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn IV 1265-1449.* Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1897.

DI V – *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn V, 1330—1476.* Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1899-1902.

DI IX – *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn IX 1262-1536.* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1909-1913.

DI XII – *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn XII, 1200-1545.* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1923.

Guðný Zoëga. *Minnispunktar – Akrahreppur – hitaveitulögn Október-desember 2005.* Óútgefið.

Hörður Ágústsson. „Stafsmið á Stóru-Ökrum.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1975.* Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag, 1996. Bls. 5-46.

Íslendinga sögur I. Landsaga og landnám. Reykjavík, 1946.

Íslendinga sögur. Orðstöðulykill og texti. Kormáks saga, Vatnsdæla saga. 2. útg. Mál og menning, 1998. CD. Reykjavík.

J. Johnsen, 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðLýsing:um, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1833-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn.

Jarðalýsing frá 1918.

JÁM IX - Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. IX bindi, Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller, 1930.

Kålund, P.E. Kristian. *Íslenzkir sögustaðir III*. Norðlendingafjórðungur. Íslensk þýðing, Haraldur Matthíasson. Reykjavík: Örn og Örlygur, 1986.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan, Kaupmannahöfn.

„Landamerkjaskrá fyrir Stóru-Ökrum, Brekkukoti, Höskuldsstöðum og Miðhúsum“. Dags. 13. maí 1890. *Landamerkjabók Skagafjarðarsýslu*.

Safn til landfræðisögu Íslands, 1954. Akureyri.

SS – Sigríðar Sigurðardóttur, samantekt um byggingar og fornleifar á Stóru-Ökrum. Óútgefið.

SS II - Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II. bindi Skagafjarðarsýsla. Akureyri: Prentverk Odds Björnssonar H.F., 1954.

Stefán Jónsson. „Vöð á Héraðsvötnum“. *Skagfirðingabók 21*, 1992. Bls. 140-153.

Sturlunga saga II, 1946. Reykjavík.

SV - Sigurður Vigfússon „Rannsóknarferð um Húnavatns og Skagafjarðar sýslur 1886“ í Árbók Fornleifafélags Íslands. 1888-1892. Bls. 76-123.

Skýrsla Fasteignamatsnefndar Skagafjarðar, 1965. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Túnakort Flugumýrar (1919). Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort Stóru-Akra (1919). Guðmundur Sveinsson. Þjóðskjalasafn Íslands.

ÖMJ - Örnefnaskrá Flugumýrar í Akrahreppi. Margeir Jónsson skráði, 1934. Örnefnastofnun Íslands.

ÖMJ - Örnefnaskrá Stóru-Akra, Höskuldsstaða, Miðhúsa og Brekkukots í Blönduhlíð. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

ÖRI - Örnefnaskrá Flugumýrar í Akrahreppi. Rósmundur Ingvarsson skráði, 2004. Örnefnastofnun Íslands.

ÖRI - Örnefnaskrá Stóru-Akra I og II. Rósmundur Ingvarsson skráði 2003. Örnefnastofnun Íslands.

Fylgiskjöl

Hnitatafla

Kt.	Nr	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Ástand	Hættumat	Orsök	Horfið vegna	Dýpt	H.	L.	Br.	V.br.	Aldur frá	Aldur til	Austun	Norðun	bls.
10419	1	Stóru-Akrar	Híbýli	Burstabær	Heillegar fornleifar	Engin hætta					16	10,5		1741	1938	485349	559866	16
10420	2	Bænhúsvöllur	Hálfkirkja/ bænhús	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Sléttað yfir						fyrir 1318	um 1769	485368	559929	17
10421	3	Bænhús	Fjánhús	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Sléttað yfir						20. öld ?	um 1925	485365	559929	17
10422	4		Fjós	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Vegagerðar						20. öld	20. öld	485325	559888	17
10423	5		Fjánhús	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda						19. öld ?	20. öld	485358	559852	18
10424	6	Gvendarbrunnur	Brunnur	Niðurgröftur með hleðslu	Greinanlegar fornleifar	Engin hætta								19. öld ?	20. öld ?	485494	559825	18
10425	7		Fjánhús	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta								19.öld ?	20. öld	485459	559918	19
10430	8		Vað	Vað	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta								?	20. öld	485374	559799	19
10427	9		Brunnur	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda						?	20. öld	485361	559893	19
10428	10		Öskuhóll	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda						?	20. öld	485344	559831	19
10429	11	Neðri leið	Leið	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda			64			?	20. öld	485353	559826	20
10432	12		matjurtagarður	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda						20. öld ?	20. öld	485403	559824	20
10431	13		matjurtagarður	Heimild	Ekki Sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda						20. öld ?	20. öld	485344	559831	21
10434	14	Orfabrjótshús	Fjánhús	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Sléttað yfir						20. öld	20. öld	485256	559921	22
10435	15	Heimreiðargata	Leið	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda			322			?	20. öld	485359	560072	23
	16		Túngarður	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Sléttað yfir						?	20. öld			23
10437	17		Rétt	Tóft	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				60	15	9,5		18. öld ?	19. öld ?	485583	559884	23

Hnitatafla

Kt.	Nr	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Ástand	Hættumat	Orsök	Horfið vegna	Dýpt	H.	L.	Br.	V.br.	Aldur frá	Aldur til	Austun	Norðun	bls.
10438	18	(Hringsbrú)	Leið	Gata	Greinanlegar fornleifar	Engin hætta					365			19. öld ?	20. öld	485528	559799	24
10439	19	Hringur (Akrakot)	Híbyli	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Sléttað yfir						?	um 1900	485530	559984	25
	20	Hringur (Akrakot)	Beðasléttur	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta								?	20. öld			26
	21	Hringur (Akrakot)		Fjárhús/ Hesthús	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Sléttað yfir						?	20. öld			26
10442	22	Hringur (Akrakot)	Reykkofi	Hús	Heillegar fornleifar	Engin hætta				6	5			20. öld	20. öld	485529	559985	26
10464	23	Litladalssel	Kvíar	Tóft	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta			70	20	12	5,5	100	18. öld ?	19. öld ?	489597	561550	37
10443	24	Gilshús	Híbyli	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Sléttað yfir						?	í eyði eftir 1688	485704	559931	27
10444	25	Réttarhóll	Rétt	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda						ca. 1750 ?	20. öld	485703	559930	27
10445	26		Mógröf	Niðurgroftur	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta			200		35	17		19. öld	20. öld	485767	560139	28
10445	26		Mógröf	Niðurgroftur	Greinanlegar fornleifar	Engin hætta				150	23	10		19. öld ?	20. öld	485848	559979	28
10446	27	Svarðarhóll	Mópurrkunarstaður	Náttúru-minjar	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta								?	20. öld	485652	560249	28
10471	28		Kirkjugarður	Jarðfundnar minjar	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Sléttað yfir						?	17. öld ?	485370	559966	41
10453	29	Stefánshús	Beitarhús	Tóft	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				110	14	6,5		ca. 1870	ca.1890	486648	559971	31
10454	30		Óþekkt	steinlögn	Greinanlegar fornleifar	Engin hætta				30	3,5	2		?	19. öld	486640	559974	32
	31	Stekkjarnes	Stekkur	Heimild		Engin hætta								?	20. öld			29
10448	32	Ferjutangi	Ferjustaður	Heimild		Engin hætta										484286	560258	29
	33		Áveita	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta								20. öld ?	1945-50			29
	34		Smalakofi	Heimild														30
10450	35	Skinþúfu-hólmavað/ Lækjarósvað	Vað	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta								?	20. öld	484055	560576	30

Hnitatafla

Kt.	Nr	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Ástand	Hættumat	Orsök	Horfið vegna	Dýpt	H.	L.	Br.	V.br.	Aldur frá	Aldur til	Austun	Norðun	bls.
	52		Landamerkjagarður	Heimild										19. öld	20. öld ?			30
10469	53		Óþekkt	Jarðfundnar minjar	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta								10. öld	10. öld	485258	559911	40
10470	54		Óþekkt	Jarðfundnar minjar	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta								?	?	485383	559858	41
	55		Skurður	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta								20. öld ?	20. öld			42
	56	Skúlastekkur	Stekkur	Heimild										19. öld	19. öld			42
10474	57	Akraoddavað/ Mikleyjarvað	Vað	Heimild		Engin hætta								19. öld	1940	484678	559649	31
10433	58		matjurtagarður	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta								19. öld ?	20. öld	485485	559826	21
	59	Mosagrund/ Grundarkot	Híbýli	Heimild										?	17. öld ?			43
10452	60		Óþekkt	Niðurgröftur	Greinanlegar fornleifar	Engin hætta			50					?	19. öld ?	489600	561571	38
10473	61		Leið	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda			10			?	20. öld	482678	565507	20
	62		Brú	Heimild										18. öld	18. öld			42

Athugasemdir og skýringar:

Þar sem tegund minja er skilgreind sem heimild, er annað hvort um að ræða minjar sem ekki eru lengur sýnilegar á yfirborði, fundust ekki, eða voru ekki skoðaðar á vettvangi.

Þar með verður að setja ákvæðinn fyrirvara á nákvæmni staðsetningarhnita í þeim tilfellum og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju, aðrar uppmælingar eru hins vegar með innan við 1m skekkju.

Hæð og dýpt er gefin upp í sentimetrum en lengd og breidd og veggbreidd í metrum.

Erfitt er að dæma um aldur minja útfrá útliti þeirra einu saman, það verður því að hafa mikinn fyrirvara á þeim tilgátum sem hér eru settar fram um aldur. Þar sem spurningamerki eru aftan við ártöl eru ekki beinar heimildir fyrir aldri þeirra. Það er þó rétt að taka fram að þar sem heimildir eru um aldur minjanna er ekki útilokað að minjarnar eigi sér lengri sögu eða séu jafnvel byggðar á enn eldri minjum.

Engin hætta: Engin eða mjög lítil augljós hætta er á því að fornleifarnar verði fyrir raski í náinni framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.


Hætta: Fornleifarnar eru á athafnasvæði eða rofssvæði þar sem hætta á röskun er fyrirsjáanleg.

Mikil hætta: Fornleifarnar eru þegar farnar að skemmast og liggja undir ágangi manna, dýra eða náttúru. Bregðast verður skjótt við svo fornleifarnar verði ekki fyrir frekari röskun.

Þar sem hættumatsreitirinn er auður er staðsetning minjanna óljós eða of ónákvæm til að hægt sé að meta hættuna.

Hættumatið er byggt á nýjum stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá 2008.

Stóru-Akrar – kort nr. 1




Stóru-Akrar – kort nr. 3



Syðra-Vallholt 1 / Syðra-Vallholt 2



Loftmyndir ehf



© Byggðasafn Skagfirðinga

Hnitatafla

Kt.	Nr	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Ástand	Hættumat	Orsök	Horfið vegna	Dýpt	H.	L.	Br.	V.br.	Aldur frá	Aldur til	Austun	Norðun	bls.
10475	1	Flugumýri	Híbyli	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda						?	20. öld	485047	564347	48
10476	2		Kirkja	Hóll	Illgreinan-legar fornleifar	Engin hætta										485008	564293	48
10477	3		Kirkjugarður	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Sléttunar						?	20. öld	485007	564294	49
	4		Beðasléttur	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Sléttunar						19. öld ?	20. öld			49
	5	Kofatún	Beðasléttur	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Sléttunar						19. öld ?	20. öld			50
10478	6		Kálgarður	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda						19. öld ?	20. öld ?	485058	564333	51
10479	7	Skraddarahóll	Öskuhaugur	Hóll	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				40	20			9. öld ?	18. öld ?	485081	564337	51
10480	8		Skemma	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda						19. öld ?	20. öld	485047	564376	52
10481	9		Heimreið	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda			62			19. öld ?	20. öld	484972	564451	52
10482	10		Heimreið	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda			228			19. öld ?	20. öld	485074	564309	53
10483	11	Sauðahús	Fjánhús	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda						20. öld ?	ca. 1950	485133	564568	53
10484	12	Stefánshús	Fjánhús	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda						20. öld ?	ca. 1950	485129	564578	53
10485	13	Valhöll	Hesthús	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda						20. öld ?	ca. 1950	485137	564558	54
10486	14		Rétt	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta		Framkvæmda						20. öld ?	ca. 1950	485123	564560	54
10492	15		Túngarður	Garðlag	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta					40		1	19. öld ?	20. öld?	484731	564341	54
10492	15		Túngarður	Garðlag	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				110			150	19. öld ?	20. öld	485149	564406	54

Hnitatafla

Kt.	Nr	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Ástand	Hættumat	Orsök	Horfið vegna	Dýpt	H.	L.	Br.	V.br.	Aldur frá	Aldur til	Austun	Norðun	bls.
10492	15		Túngarður	Hryggur	Illgreinanlegar fornleifar	Engin hættu				15	19		2	19. öld ?	20. öld?	484735	564467	54
10487	16		Óþekkt/útihús	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hættu		Framkvæmda						19. öld ?	ca. 1970	485013	564423	55
10488	17		Óþekkt/útihús	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hættu		Framkvæmda						19. öld ?	ca. 1970	485035	564437	55
10489	18		Fjánhús	Þúst	Illgreinanlegar fornleifar	Engin hættu										485111	564509	56
10490	19	Lágabúð	Híbýli	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hættu		Framkvæmda						1830	1874	484760	564267	59
10491	20	Litlibær	Híbýli	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hættu		Framkvæmda						1830	ca. 1950	484793	564503	59
10532	21		Mannvistar-leifar	Í skurði	Ekki sést til fornleifa	Engin hættu			150		12	1,2				485006	564407	84
	22	Litlibær	Fjánhús	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hættu												57
	23	Litlibær	Fjánhús	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hættu												58
	24	Litlibær	Rétt (hestarétt)	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hættu												58
10494	25	Péturskofi	Óþekkt/ kofi	Þúst	Illgreinanlegar fornleifar	Engin hættu			20	30	6,5	5		18. öld	19. öld	484741	564454	59
10495	27		Óþekkt	Tóft	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hættu			110	15	6	4		?	19. öld ?	485495	565025	61
10496	28		Óþekkt	Tóft/hleðsla	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hættu			40	5	3,5			?	19. öld ?	485497	565020	61
10514	29	Pálmakofi	Fjánhús	Tóft	Heillegar fornleifar	Engin hættu			90	14	11			19. öld	20. öld	485270	564289	72
	30		Óþekkt	Niðurgroftur	Greinanlegar fornleifar	Engin hættu			40					?	20. öld ?	485663	564944	67

Hnitatafla

Kt.	Nr	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Ástand	Hættumat	Orsök	Horfið vegna	Dýpt	H.	L.	Br.	V.br.	Aldur frá	Aldur til	Austun	Norðun	bls.
	31		Mylla	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta												59
	32		kvíar/ rétt	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta												58
10497	33		Leikstaður	Hleðsla	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				60			40	20. öld ?	20. öld	485413	564886	62
10498	34		Leikstaður	Hleðsla	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				60			40	20. öld ?	20. öld	485432	564877	62
10499	35		Leikstaður	Hleðsla	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				50			50	20. öld ?	20. öld	485446	564877	62
10500	36		Leikstaður	Hleðsla	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				30			60	20. öld ?	20. öld	485465	564894	64
10501	37		Leikstaður	Steinlögn	Greinanlegar fornleifar	Engin hætta				10	6,5	4,5		?	20. öld ?	485474	564996	64
10502	38		Óþekkt	Steinlögn	Illgreinanlegar fornleifar	Engin hætta				10	5	2		?	20. öld ?	485479	564986	65
10503	39	Jónsstekkur	Óþekkt/ stekkur	Tóft	Greinanlegar fornleifar	Engin hætta				50	18	11		18. öld ?	20. öld ?	485588	564941	65
10504	40		Óþekkt/ Beitarhús	Tófta-þyrping	Greinanlegar fornleifar	Engin hætta				100	20	12,8	300	?	20. öld ?	485676	564955	66
10505	41		Óþekkt	Þúst	Illgreinanlegar fornleifar	Engin hætta				30	22	6		9. öld ?	15. öld ?	485670	564961	67
10506	42		Óþekkt	Þúst	Illgreinanlegar fornleifar	Engin hætta				30	5,5	4,5		9. öld ?	15. öld ?	485682	564970	67
10507	43		Óþekkt	Tóft	Greinanlegar fornleifar	Engin hætta				40	3,5	5		?	19. öld ?	485703	564972	68
10508	44		Varða/ óþekkt	Hleðsla	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				45	2,5	1,7		?	?	485903	565016	68
10509	45	Sjónarhóll	Óþekkt	Steinlögn	Greinanlegar fornleifar	Engin hætta				40	2	1,5		?	?	485496	564712	69
10510	46	Sjónarhóll	Óþekkt	Hleðsla	Greinanlegar fornleifar	Engin hætta				30	1,5	1		?	?	485495	564709	69
10511	47	Sjónarhóll	Óþekkt	Hleðsla	Greinanlegar fornleifar	Engin hætta				30	1,3	1		?	?	485494	564706	69

Hnitatafla

Kt.	Nr	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Ástand	Hættumat	Orsök	Horfið vegna	Dýpt	H.	L.	Br.	V.br.	Aldur frá	Aldur til	Austun	Norðun	bls.
10512	48	Virkið	Virki	Hleðsla	Illgreinanlegar fornleifar	Hætta	Uppbl.			100	23	19,5		13.öld ?		485588	564352	70
10513	49		Stekkur	Tóft	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				50	12	6		19. öld ?	20. öld ?	485512	564352	71
10517	50		Leið	Gata	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta					349			?	20. öld ?	485520	564107	74
10518	51	Bygghóll	Óþekkt	Tóft	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				40	6	4		18. öld ?	20. öld ?	485597	563954	74
	52	Bygghóll	Híbýli	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta								fyrir 1569	1843			75
10520	53	Bygghóll	Beitarhús	Tóft	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				70	34	9		(17. öld) 19. öld	20. öld	485607	563842	76
10522	54	Bygghóll	Óþekkt	Tóft	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				40	18	8,5		17. öld ?	20. öld ?	485522	563841	78
10523	55	Bygghóll	Óþekkt	Tóft	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				40	7	4,5		17. öld ?	20. öld ?	485533	563849	79
	56		Túngarður	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta								fyrir 1569 ?	ca. 1950 ?			79
10528	57		Stekkur	Tóft	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				40	12	8		18. öld ?	20. öld ?	485766	563882	80
10529	58	Torfhóll	Móþurrkun	Nátturu-minjar	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta								?	20. öld	485452	563766	81
	59		Mótekja	Heimild	Ekki sést til fornleifa													81
	60	Klapparhólma-vað	Vað	Heimild														82
10533	61		Óþekkt/ heytóft	Tóft	Vel greinanlegar fornleifar	Hætta	Framkv.			50	20	8		18. öld ?	20. öld ?	482687	565503	83
	62		Óþekkt	Jarðf.minjar/ Heimild		Engin hætta												83
10531	63		Óþekkt	Jarðfundnar minjar	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta								?	19. öld ?	484999	564357	83

Hnitatafla

Kt.	Nr	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Ástand	Hættumat	Orsök	Horfið vegna	Dýpt	H.	L.	Br.	V.br.	Aldur frá	Aldur til	Austun	Norðun	bls.
10534	64	Flugufen	Óþekkt/ mógrof	Niðurgröftur	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta			50		5	5		18. öld ?	20. öld?	484695	564390	85
10524	66		Óþekkt	Hleðsla	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				25	1,1	0,8		?	?	485715	563918	79
10525	67		Óþekkt	Hleðsla	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				30				?	?	485648	564202	80
10530	68	Prestsbrú	Heimreið	Leið	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				50	219	2,5		19. öld	20. öld	484917	563820	82
10515	69		Kartöflugarður	Garðlög	Vel greinanlegar fornleifar	Mikil hætta	Skógr.			70	33	19		19. öld ?	20. öld	485245	564318	73
10519	70	Bygghóll	Óþekkt	Tóftahóll	Illgreinanlegar fornleifar	Engin hætta				50	40	15		16. öld ?	19. öld ?	485601	563823	77
10521	71	Bygghóll	Óþekkt	Tóftahóll	Illgreinanlegar fornleifar	Engin hætta					46			16. öld ?	19. öld ?	485507	563830	78
10526	72		Óþekkt	Hleðsla	Vel greinanlegar fornleifar	Engin hætta				30	0,8	0,6		?	?	485482	564226	80
10527	73		Óþekkt	Þúst	Illgreinanlegar fornleifar	Engin hætta				30	6	5,5		?	19. öld ?	485660	564430	71
	74		Smalabyrgi	Heimild										?	20. öld			68
	75	Kofatún	Fjarhús	Heimild	Ekki sést til fornleifa	Engin hætta												50

Athugasemdir og skýringar:

Þar sem tegund minja er skilgreind sem heimild, er annað hvort um að ræða minjar sem ekki eru lengur sýnilegar á yfirborði, fundust ekki, eða voru ekki skoðaðar á vettvangi.

Þar með verður að setja ákveðinn fyrirvara á nákvæmni staðsetningarhnita í þeim tilfellum og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju, aðrar uppmælingar eru hins vegar með innan við 1m skekkju.

Hæð og dýpt er gefin upp í sentimetrum en lengd og breidd og veggbreidd í metrum.

Erfitt er að dæma um aldur minja útfrá útliti þeirra einu saman, það verður því að hafa mikinn fyrirvara á þeim tilgátum sem hér eru settar fram um aldur. Þar sem spurningamerki eru aftan við ártöl eru ekki beinar heimildir fyrir aldri þeirra. Það er þó rétt að taka fram að þar sem heimildir eru um aldur minjanna er ekki útilokað að minjarnar eigi sér lengri sögu eða séu jafnvel byggðar á enn eldri minjum.

Engin hætta: Engin eða mjög lítil augljós hætta er á því að fornleifarnar verði fyrir raski í náinni framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.


Hætta: Fornleifarnar eru á athafnasvæði eða rofssvæði þar sem hætta á röskun er fyrirsjáanleg.

Mikil hætta: Fornleifarnar eru þegar farnar að skemmast og liggja undir ágangi manna, dýra eða náttúru. Bregðast verður skjótt við svo fornleifarnar verði ekki fyrir frekari röskun.

Þar sem hættumatsreitirinn er auður er staðsetning minjanna óljós eða of ónákvæm til að hægt sé að meta hættuna.

Hættumatið er byggt á nýjum stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá 2008.

Flugumýri – kort nr. 4




Skýringar

- Tún
- Kirkjugarður
- Girðing
- Vegir
- Kirkja
- Bær
- Skemma
- Peningshús


Stærðir

Tún 12,1 teigar
Matjurtagarðar 270 flatarstíkur
Slétt c.a. 2/3 af túninu



Túnakort Guðm. Sveinsson 29.1.1919

Flugumýri – kort nr. 5



Flugumýri – kort nr. 6



Hvammsá

27
28

37
38

44

41
42
40
43
30



39

Jónsstekkur

33


36

34
35


Sumarbústaðir

Sjónarhóll

45
46
47



Flugumýri – kort nr. 7




Virkishóll

Bygghóll

Torfhóll



Flugumýri – kort nr. 8



Flugumýri – kort nr. 9

Hjaltastaðir / Hjalli

Bormóðsholt

Flugumýri

Bjarnastaðir

61

Flugumýrarhvamur

Eyhildarholt 1 / Eyhildarholt 2

Réttarholt

Flugumýri



© Byggðasafn Skagfirðinga



Byggðasafn Skagfirðinga
2008